


skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Sushi




SIEMENS
Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
8. september 2011
209. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



## Mikið áfall

*Óbætanlegum munum stolið í innbroti hjá Vigdísi Hrefnu Pálsdóttur leikkonu.*

**fólk 50**

## Látum glepjast í búðum

*Innkaup í stórmörkuðum eru mestanpart handahófskennd og ráðast af útpældum uppstillingum, segir hagræðiprófessor.*

**neytendur 16**



## Risalax á ónefnda flugu

*Daninn Nils Jörgensen veiddi stærsta lax sumarsins í Vatnsdalsá.*

**veiði 46**

## veðrið í dag




**BJART** eða bjart með köflum sunnan- og vestanlands en skýjað að mestu og lítilsháttar úrkoma norðan og austan til. Heldur kólnandi veður.

**VEÐUR 4**

# Kona smitaði marga af HIV – beiðni um einangrun synjað

**Kröfu sóttvarnalæknis um tímabundna frelsissviptingu HIV-smitaðs fíkils var synjað í Héraðsdómi árið 2007. Sóttvarnalæknir telur að rekja megi mörg smit til konunnar. Smituðum sprautufíklum fjölgar ört.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sóttvarnalæknir telur að mörg HIV-smit megi rekja til konu sem hann fór fram á að yrði sett í tímabundna einangrun árið 2007 þar sem hún væri skaðleg öðrum. Héraðsdómur synjaði kröfu sóttvarnalæknis og fékk konan að fara frjáls ferða sinna.

Konan var virkur sprautufíkill og hélt því fram við sóttvarnalækni til að byrja með að hún treysti sér ekki til að gæta sín úti í samfélaginu.

Sóttvarnalög gera ráð fyrir þessu úrræði, sýni smitaður einstaklingur ekki fram á að hann muni gæta fyllstu ráðstafana til að koma í veg fyrir að smita út frá sér.

Þetta var í fyrsta og eina sinn sem reynt var að beita þessu úrræði hér á landi. Í lögunum segir að þvingunaraðgerðir er varða einangrun smitaðra einstaklinga eigi að vera allra síðasta úrræðið í málum sem þessum. Kröfunni var synjað þar sem konan hélt því fram fyrir héraðsdómi að hún ætlaði að fylgja öllum reglum.

„Dómara þótti ekki hafa verið sýnt fram á að hún hefði smitað neina aðra og hafði hennar orð fyrir því að hún mundi ekki smita aðra," segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. „En talið er að mörg smit megi rekja til hennar."

Haraldur segir að fagaðilar hafi verið að skoða þetta mál að undanförnu og velt því fyrir sér hvort lögin þurfi að vera skýrari hvað þetta varðar, en ekki hefur verið farið fram á formlega endurskoðun þeirra. HIV-smitum meðal sprautufíkla hefur fjölgað mikið hér á landi á síðustu árum.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að verið sé að skoða hvernig sporna megi við frekari útbreiðslu á smiti. Samráðshópur á vegum velferðarráðuneytisins, SÁÁ, sóttvarnalæknis og fleiri aðila fundi í næstu viku og þá verði hugsanlega einhverjar ákvarðanir teknar varðandi framhaldið.

„Það þarf að ná til þessa hóps til þess að forvarnirnar hafi áhrif," segir Guðbjartur. „Ég tel að öðruvísi hafi meira framboð af nálum og getnaðarvörnum ekki áhrif. En við erum auðvitað tilbúin að ræða það hvernig hægt er að auka aðgengi að hvoru tveggja." **- sv**

### Farið fram á fimmtán daga einangrun

Í 15. grein sóttvarnarlaga segir meðal annars að ef einstaklingur, haldinn smitsjúkdómi, fallist ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur sé um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum geti sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.

Einangrun má ekki vara lengur en fimmtán sólarhringa í senn, en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Farið var fram á fimmtán daga í máli konunnar, en eftir synjun héraðsdóms var málinu ekki áfrýjað til Hæstaréttar, þó gera lögin ráð fyrir því úrræði.




**EPLI OG UPPLÝSINGAR** Þessa dagana stendur yfir kynningarátak á árangri þróunarsamvinnu. Meðal annars var eplum dreift víða um land í gær og vegfarendur upplýstir um stöðu mála. Fulltrúar í utanríkismálanefnd Alþingis studdu átakið með þátttöku sinni, þar á meðal Bjarni Benediktsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Tískuvikan í New York:

## CCP vinnur með frægum hönnuði

**TÍSKA** Nicola Formichetti, listrænn stjórnandi Mugler-tískuhússins, hefur unnið með tölvuleikjafyrirtækinu CCP að sýningu sem opnuð verður á tískuvikunni í New York í dag. „Ég held að CCP sé fyrsti leikjaframleiðandi heims sem vinnur með þekktum fatahönnuði á borð við Formichetti, en hann er þekktur fyrir samstarf sitt við Lady Gaga," segir Eldar Ástþórsson hjá CCP.

Á sýningunni, sem stendur í tvær vikur, mun tölvuteiknuð fyrirsæta sýna fatnað sem Formichetti hannaði. Umgjörðin verður tölvuleikjaheimur sem unninn er út frá umhverfi EVE online.

**- sg /** **sjá allt 2**

KSÍ leitar enn að staðgengli Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara:

# Lagerbäck vill ræða við KSÍ

**FÓTBOLTI** Svíinn Lars Lagerbäck segir í samtali við Fréttablaðið í dag að hann sé tilbúinn í viðræður við Knattspyrnusamband Íslands um að taka að sér að þjálfa íslenska karlalandsliðið.

„Starf landsliðsþjálfara Íslands er áhugavert og ef KSÍ hefur áhuga og vill ræða við mig er ég til í viðræður," segir Lagerbäck. Hann bætir þó við að enginn frá KSÍ hafi rætt við hann um starfið.

Lagerbäck náði frábærum árangri með sænska landsliðinu og kom því á fimm stórmót í röð.



LARS LAGERBÄCK

Hann er einn þeirra sem hafa helst verið orðaðir við starfið, ásamt Íranum Roy Keane. Ólafur Jóhannesson á aðeins eftir að stýra landsliðinu í einum leik – gegn Portúgal í upphafi næsta mánaðar.

Lagerbäck segist hafa frétt af því að hann væri orðaður við starfið á þriðjudag. Hann hafi hins vegar ekki átt í nokkrum viðræðum við KSÍ um málið.

Hann segist alltaf fylgjast vel með því hvernig Norðurlandaþjóðirnar standi sig í boltanum en hann hafi þó ekki kafað sérstaklega í leiki íslenska liðsins. Hann kveðst þó vita af því að nú sé að vaxa úr grasi efnileg kynslóð ungra leikmanna.

Lagerbäck þjálfaði síðast nígeríska landsliðið á heimsmeistaramótinu 2010.

**- esá /** **sjá síðu 44**

TENGI
TILBOÐSDAGAR
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU




Tilboðsverð
kr. 13.900,-
BASIC 150
ELDHÚSVASKUR
STÆRÐ: 780 X 435 MM

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050




Muu
betri hugmynd!

**SPURNING DAGSINS**



*Kristján, verður skálað fyrir nýja vígslubiskupnum?*

„Það verða allavega fluttar skálarræður!"

Kristján Valur Ingólfsson er nýr vígslubiskup í Skálholti.

Þrír íbúar í Mosfellsdal gefast upp á mengun frá ónýtum rotþróm og boða nútímalegri lausnir:

# Setja upp hver sína hreinsistöð fyrir skolp

**UMHVERFISMÁL** „Okkur finnst kominn tími til að fara að gera eitthvað því það liggur við að hér flæði skolp beint út í árnar," segir Jón Jóhannsson í Mosskógum í Mosfellsdal. Jón og tveir nágrannar hans hafa keypt hver sína skolphreinsistöðina til að leysa af gagnslitlar rotþrær.

Jón tók í gær við sinni hreinsistöð sem sett er saman á Egilsstöðum úr elementi frá Danmörku og tanki frá Tékklandi. Stöðin gengur fyrir rafmagni og skilur óhreinindi úr frárennslisvatninu.

„Það eru vandamál á öðrum hvorum bæ með frárennsli hér í Mosfellsdal vegna þess að dalurinn er svo sléttur og vatnsstaðan há. Hér eru gamlar rotþrær sem menn hafa kannski ekki verið góðir í að setja rétt upp," segir Jón. Hann rekur grænmetismarkað og tjaldstæði í Mosskógum og kveðst þurfa að borga um 800 þúsund krónur sjálfur fyrir hreinsistöðina.

„Þetta er það eina sem dugir og mér finnst að annað hvort ríkið eða bæjarfélagið eigi að koma að málinu og setja þetta upp alls staðar í dalnum. Annars verður frárennslið alltaf til vandræða. Árnar eru kannski fljótar að skola sig en menn fara að minnsta kosti ekki að grilla og senda börnin sín með veiðistangir niður að á þegar þau eru komin heim. Það væri nú ansi gaman ef það væri hægt – eins og var í gamla daga," segir Jón í Mosskógum. **- gar**



**JÓN JÓHANNSSON OG ÞRÖSTUR SIGURÐSSON** Tveir íbúanna í Mosfellsdal sem í gær fengu nýjar hreinsistöðvar fyrir frárennsli frá húsum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RIFSBER** Rifsberjauppskera á landinu hefur verið heldur dræm í haust vegna kulda í vor. MYND/HRÖNN AXELSDÓTTIR

Kalda vorið hafði áhrif:

## Óvenjulítið um rifsber í haust

**NÁTTÚRA Rifsberjauppskera í görðum landsmanna hefur verið heldur dræm þetta haustið. Jón Kr. Arnarson garðyrkjufræðingur segir ástæðuna vera kalt vor með næturfrostum fram í júní og það hafi skaðað blómgun rifsberjarunnanna. Einnig var minna af skordýrum á sveimi til að frjóvga þau blóm sem höfðu frostin af.**

**Stikilsber og sólber í görðum landsins virðast þó hafa sprottið þrátt fyrir kalt vor.**

**Berjaspretta á landinu öllu virðist hafa verið með minna móti þetta árið, en það hefur verið misjafnt eftir landshlutum.** **- sv**

Lítt skynsamur búðarþjófur:

## Stakk tveimur lifandi humrum í buxurnar

**BANDARÍKIN, AP** Maður á fertugsaldri var staðinn að bífræfinni ránstilraun í matvörubúð í litlum bæ í Alabama-ríki um síðustu helgi. Maðurinn, Nathan Hardy, er utanbæjarmaður að sögn lögreglu, en meðal þess sem hann stakk ofan í buxurnar sínar voru tveir pokar af risarækjum, svínalund og tveir lifandi humrar.

Hardy hljóp á brott þegar hann var staðinn að þjófnaðinum, en féll við á flóttanum og var yfirbugaður af starfsfólki. Hann var síðan fluttur í fangageymslu. **- þj**

# Tapaði verðmætum í óþekktum leigubíl

**Ólafur Sigurðsson gleymdi kassa með ýmsum verðmætum í leigubíl fyrir skemmstu. Þrátt fyrir mikla eftirgrennslan hefur leigubíllinn ekki fundist og málið kært til lögreglu. Formaður leigubílstjóra segir slík tilfelli skaða stéttina.**

**FÓLK** „Það er alveg skelfilegt að lenda í þessu, sérstaklega vegna þess að maður býst við því að leigubílstjórar séu traustsins verðir," segir Ólafur Sigurðsson, sem varð fyrir því á dögunum að gleyma kassa af verðmætum í farangursgeymslu leigubíls. Þrátt fyrir mikla eftirgrennslan hefur hann ekki fundið viðkomandi leigubílstjóra og þar af leiðandi ekki fengið eigur sínar til baka. Ólafur hefur því kært málið til lögreglu.

„Ég hafði verið með hljómplötuklúbbnum í miðbænum framan af degi á Menningarnótt að selja og gefa vínylplötur, en þegar við konan mín héldum heim um miðnætti fengum við leigubíl ofarlega á Njarðargötu. Ég var með pappakassa sem í var myndavél af gerðinni Sony Alpha, ferðaplötuspilari og tvær vínylplötur, sem ég setti í skottið. Svo rann það upp fyrir mér þegar við erum komin heim að ég hafði gleymt kassanum í bílnum."

Ólafur segist hafa hringt á allar leigubílastöðvarnar strax morguninn eftir en engin hafi kannast við að bíll frá þeim hafi farið í þessa ferð.

„Það sem gerir málið svo flóknara er að við pöntuðum ekki bílinn, heldur kölluðum á hann af götunni. Og svo greiddum við í reiðufé og þess vegna er ekki hægt að rekja greiðsluna."

Ólafur bætir því við að bílstjórinn hafi verið ungur, þrekinn maður, með dökkt stutt hár og húðflúr á báðum handleggjum. Bíllinn var ljós á litinn og með hvíta leðurinnréttingu.

„Ég sendi þessa lýsingu á allar stöðvarnar og fékk afar takmörkuð svör, nema hjá Hreyfli sem fór yfir ferðir bíla sinna úr ökuritum og fann engan bíl sem fór þessa leið."

Tap Ólafs er þó nokkuð, enda er myndavélin um 100 þúsund króna virði og plötuspilarinn sömuleiðis tugþúsunda virði, en þar er líka um safngrip að ræða sem er erfitt að bæta.

„Ég er eiginlega alveg vopnlaus í þessu máli núna og vil þess vegna biðla til þess sem er með hlutina eða einhverra sem hafa séð þá, að hafa samband við lögreglu svo að þeir komist nú til skila," segir Ólafur að lokum.

Tilfelli sem þessi koma einnig illa við stétt leigubílstjóra, að sögn Ástgeirs Þorsteinssonar, formanns bifreiðastjórafélagsins Frama – félags leigubifreiðastjóra.

„Það kemur sér mjög illa fyrir stéttina ef menn eru að gera svona lagað. Á meðan maðurinn finnst ekki bitnar þetta á heildinni."

**thorgils@frettabladid.is**



**MIKIÐ TAP** Ólafur Sigurðsson og kona hans gleymdu myndavél, plötuspilara og plötum í leigubíl fyrir nokkru. Þau hafa ekki haft uppi á mununum en óska eftir ábendingum frá þeim sem gætu haft upplýsingar um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**PLÖTUSPILARA SAKNAÐ** Plötuspilari af þessari tegund og lit er meðal þess sem Ólafur saknar eftir bílferðina afdrifaríku.

Hugsanlegur formannsslagur:

## Hanna Birna íhugar framboð

**STJÓRNMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir útilokar ekki að fara gegn Bjarna Benediktssyni í formannskjöri á Landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Hún segist þó ekki hafa tekið neina ákvörðun enn. Mikill þrýstingur er innan flokksins á mótframboð. Boðað hefur verið til Landsfundar Sjálfstæðisflokksins dagana 17.-20. nóvember þar sem Bjarni Benediktsson, núverandi formaður flokksins, freistar þess að ná endurkjöri.**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

**Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 sagðist Hanna Birna ekki útiloka að hún myndi gefa kost á sér til frekari trúnaðarstarfa fyrir Sjálfstæðisflokkinn í framtíðinni. Að svo komnu máli hefði hún hins vegar ekki tekið neinar ákvarðanir þar um.** **- bl**

Órói undir Mýrdalsjökli:

## Engin ótvíræð merki um gos

**NÁTTÚRA** Vísindamannaráð almannavarna komast að þeirri niðurstöðu í gær, á fundi um atburði liðinna vikna undir Mýrdalsjökli, að ekki væru komin fram ótvíræð merki um eldgos í Kötlu.

Í frétt á vef almannavarna segir þó að virknin undir jöklinum gæti verið „langtímaforboði eldgoss".

Aukin jarðskjálftavirkni og jarðhitavirkni hefur verið í öskju Kötlu síðan í sumar.

Þó ekki sé víst að eldgoss sé vænta segja almannavarnir að þessi aukna virkni kalli þó á aukna árvekni.


Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0866


Seðlabankastjóri segir kostnaðinn við gjaldeyrishöft vaxa með tíma:

# Brýnt að losa höftin sem fyrst

**EFNAHAGSMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir brýnt að losa gjaldeyrishöftin sem fyrst, þar sem kostnaður við þau vaxi með tímanum. Ábatann af hröðu afnámi verði hins vegar að meta á móti skammtímakostnaði vegna óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði sem losunin geti valdið. Þetta kom fram í erindi sem Már hélt á fundi félags löggiltra endurskoðenda í gær.

Már sagði höftin hafa verið sett á til að stöðva frjálst fall krónunnar í framhaldi bankahrunsins. Þá hafi þau veitt skjól fyrir endurskipulagningu efnahagsreikninga og mildað samdrátt í hagkerfinu. Þá hefðu vextir þurft að vera mikla hærri án hafta.

Þá sagði Már að segja mætti að ábati haftanna fælist í auknum stöðugleika og meira svigrúmi til að láta hagstjórn taka mið af innlendum aðstæðum. Þá bætti hann við að ábatinn væri mestur til að byrja með. Á móti komi aukinn viðskiptakostnaður og glötuð viðskiptatækifæri sem aukist með tímanum.

Már fjallaði síðan um áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám hafta og sagði hana leið til að losa höftin án þess að taka of mikla áhættu með gengisstöðugleika. Hún tryggi um leið lánsfjármögnun ríkissjóðs og lausafjárstöðu bankanna og stuðli að aukinni fjárfestingu. Loks benti Már á að áætlunin er skilyrt en ekki tímasett og sagði ekki vera forsendur fyrir tímasettri áætlun. Uppfylla þurfi ákveðin skilyrði svo sem er varða þjóðhagslegan stöðugleika, fjármálastöðugleika og nægilegan gjaldeyrisforða, áður en hægt sé að klára verkið. **- mþl**



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri fjallaði um áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám hafta.


RAFTÆKIN EIGA SKILIÐ SMÁ STUÐ
Gerðu eitthvað skemmtilegt og óvænt fyrir raftækin þín með rafmagninu frá okkur. Þau eiga það svo sannarlega skilið.
KOMDU YFIR TIL ORKUSÖLUNNAR – VIÐ SJÁUM UM AÐ HALDA UPPI STUÐINU
Orkusalan | 422 1000 | orkusalan.is | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík
orkusalan
við seljum rafmagn

## GENGIÐ 07.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,58 | 116,14 |
| Sterlingspund | 184,64 | 185,54 |
| Evra | 162,31 | 163,21 |
| Dönsk króna | 21,790 | 21,918 |
| Norsk króna | 21,577 | 21,705 |
| Sænsk króna | 18,100 | 18,206 |
| Japanskt jen | 1,4965 | 1,5053 |
| SDR | 183,47 | 184,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,9821

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Arðsemi af grunnrekstri Arion banka talin undir kröfu Bankasýslu ríkisins:

# Forstjórinn segir uppgjörið vera traust

**VIÐSKIPTI** „Uppgjörið er mjög traust, í samræmi við áætlanir og stenst þær arðsemiskröfur sem eru gerðar,“ segir Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka.

Bankinn hagnaðist um 10,2 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins sem er 2,3 milljörðum meira en á sama tíma árið á undan. Endurmat á útlánasafni og uppgjör við þrotabú Kaupþings setur mark sitt á uppgjör bankans líkt og síðustu misserin eftir efnahagshrunið. Höskuldur segir þessa tvo þætti gera uppgjörið óvenjulegt. Þegar fram líði stundir, óvissu tengdri útlánasafni bankans og öðrum eignum verði eytt og reksturinn komist á lygnan sjó muni það verða skýrara. Flestir liðir í rekstri Arion banka bötnuðu á milli ára og er mál þeirra sem



**HÖSKULDUR** Aðstæður í efnahagslífinu eru á margan hátt óvenjulegar, að sögn forstjóra Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið ræddi við að grunnreksturinn sé á uppleið þótt afkoman sé talin lítillega undir kröfu Bankasýslu ríkisins. Enginn þar vildi tjá sig opinberlega um málið.

Krafa Bankasýslunnar af reglulegum rekstri hljóðar almennt upp á 11,0 til 11,5 prósenta arðsemi. Óreglulegir liðir valda því að arðsemin nær rúmum 20 prósentum. Að þeim undanskildum liggur arðsemi af reglulegum rekstri í kringum 9,0 prósent. **- jab**

### Lykiltölur úr rekstri Arion banka

| Liðir | jan-júní 2010 | jan-júní 2011 |
|---|---|---|
| Hagnaður* | 7,9 | 10,2 |
| Rekstrartekjur | 17,1 | 24,5 |
| Vaxtamunur | 2,9% | 3,2% |
| Heildareignir | 842,3 | 805,3 |
| Eigið fé | 101,4 | 117,2 |
| Eiginfjárhlutfall | 16,6% | 21,4% |
| Arðsemi eigin fjár | 17,7% | 20,3% |

** Í milljörðum króna*

Stúlka ók utan í lögreglubíl:

## Tvítug ákærð fyrir þeysireið um Þingholtin

**DÓMSMÁL Tvítug stúlka hefur verið ákærð fyrir ölvunar- og ofsaakstur í miðborginni, fyrst í nóvember og aftur í mars.**

**Í nóvember ók hún samkvæmt ákæru ölvuð á grindverk við Skúlagötu og yfirgaf síðan bílinn og vettvanginn.**

**Í mars ók hún öðrum bíl ölvuð um Þingholtin. Hún sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu, ók langt yfir hámarkshraða um fjölda gatna og stöðvaði loks á gatnamótum Frakkastígs og Hverfisgötu. Þar reyndi hún að komast undan á hlaupum.**

**Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. - sh**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Handtóku önugan ökumann**

Lögregla handtók konu í Kópavogi í fyrradag eftir að hún var stöðvuð fyrir að tala beltislaus í síma undir stýri en neitaði að segja til nafns og leysa málið á vettvangi. Í tilkynningu er konunni lýst sem mjög þvermóðskufullri. Málið var klárað á lögreglustöð.

### SLYS

**Slasaði sig með kantskera**

Maður slasaðist á fæti í Æðey í gær þegar hann var að vinna með kantskera og skar sig. Gunnar Friðriksson, björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Ísafirði, flutti manninn á Sjúkrahúsið á Ísafirði, þar sem hlúð var að sárum hans.

### LEIÐRÉTT

Í blaði um kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs sem fylgdi Fréttablaðinu í gær var ranglega sagt hver hefði samið leikritið sem kvikmyndin Brim byggir á. Jón Atli Jónasson samdi leikritið.

# Þingmenn hvetja stjórnvöld til samninga við Nubo

**Þingmenn þriggja flokka vilja samningaviðræður við kínverska fjárfestinn Nubo um Grímsstaði á Fjöllum. Hálendið er að langstærstum hluta skilgreint sem þjóðlendur. Kallað eftir fjölbreytni í atvinnulífi.**

**ALÞINGI** Skiptar skoðanir eru um fyrirhuguð kaup kínverska fjárfestisins Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum. Þingmenn þriggja flokka kölluðu eftir því, á Alþingi í gær, að stjórnvöld settust að samningaborðinu með Nubo og gengju frá málinu í nafni fjárfestinga, uppbyggingar og fjölbreytni í atvinnulífi.

Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, hóf umræðuna og hvatti til þess að fundað yrði með Nubo. Hann vildi leysa málið með hagsmuni ferðaþjónustunnar í huga, sem og landsvæðisins sem hann sagði teljast kalt í atvinnulegu tilliti. Hann spurði Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, þingmann Sjálfstæðisflokksins, hvort hún væri ekki sama sinnis.

Þorgerður játti því og taldi farsælast að leita lausna á málinu. „Allar þjóðir eiga að vita að landið sé opið fyrir fjárfestingum. Hér gildi reglur og lög sem allir fara eftir og sé það gert á ekki að skipta máli hvaðan menn koma.

Þorgerður gagnrýndi ráðherra fyrir málflutning sem fældi fjárfesta frá. Forsætisráðherra vildi þjóðnýta ákveðnar eignir, landbúnaðarráðherra ræddi ekki við Evrópusambandið og innanríkisráðherra vildi loka og læsa fyrir Kínverjum.

Athygli vekur að við annan tón kveður hjá Þorgerði en formanni Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssyni, sem hefur goldið varhug við jarðarkaupum af þessari stærðargráðu.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, einnig í Sjálfstæðisflokknum, fagnaði, líkt og Þorgerður Katrín, áhuga erlendra fjárfesta á Íslandi.

Höskuldur Þórhallsson, Framsóknarflokki, kallaði eftir viljayfirlýsingu forsætis-, eða fjármálaráðherra um viðræður við Nubo. Hann sagði mikilvægt að Nubo hefði lýst yfir fullum vilja til samráðs við heimamenn.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, Samfylkingunni, sagði brýnt að taka málinu með opnum huga og nauðsynlegt væri að tryggja fjölbreytni í atvinnulífinu. „Við þurfum erlenda fjárfestingu, ef hún stenst íslenskar kröfur eigum við ekki að hafna henni, slíkt afturhald er ekki í boði.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**MÁLSHEFJANDI** Magnús Orri Shcram hvatti ráðherra til að funda með kínverska fjárfestinum Nubo og liðka fyrir kaupum á Grímsstöðum. Annar samfylkingarmaður, Sigmundur Ernir Rúnarsson, tók undir og sagði kaupin auka fjölbreytni atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Lendur þjóðar



Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, hefur fengið tölur úr starfi óbyggðanefndar, um skilgreiningu þjóðlenda. Nefndin hefur tekið fyrir 67 prósent af landinu og þar af 86 prósent af miðhálendinu. Af þessum 67 prósentum af landinu öllu teljast 49 prósent þjóðlendur og 51 prósent eignarland. Af þessum 86 prósentum af miðhálendinu eru hins vegar 89 prósent þjóðlendur en aðeins 11 prósent eignarland.

Ragnheiður Elín segir að sé gert ráð fyrir að ríkið selji ekki sinn hluta setji þessar tölur áhyggjur af því að einhver kaupi landið í rétt samhengi. „Vandamálið verður aldrei nema í hlutfalli við þetta.“


FIMMTUDAGUR 8. SEPT.



Bókmenntahátíð

9:00-11:30 ÚTGEFENDAMÁLÞING | NORRÆNA HÚSIÐ

12:00-14:00 VIÐTÖL | NORRÆNA HÚSIÐ
*Herta Müller & Jórunn Sigurðardóttir* [DE/IS]
*Sara Stridsberg & Soffía Auður Birgisdóttir* [SE]
*Sjón & Katharina Narbutovic: Politkovskaja (1958-2006)* [EN]
*Alberto Blanco & Margrét Jónsdóttir* [EN]

14:30 FYRIRLESTUR: *Nawal El Saadawi, Norræna húsið* [EN]

16:00 FYRIRLESTUR: *Alberto Blanco, Háskóli Íslands* [EN]

20:00 UPPLESTUR | IÐNÓ
*Pétur Gunnarsson | Anna Politkovskaja (1958-2006) | Matt Haig | Kristín Svava Tómasdóttir | Vikas Swarup*

NÁNAR Á WWW.BOKMENNTAHATID.IS


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**BJART EN SVALT** verður víða á landinu næstu daga. Í dag fellur reyndar lítilsháttar úrkoma norðaustanlands en svo léttir þar til. Á laugardag má búast við vaxandi vindi og líklega fer hitinn heldur upp á við á sunnudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 30° |
| London | 20° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 25° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 17° |
| París | 22° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

www.husa.is

# LÆGRA VERÐ FYRIR ALLA





**69.900**

VIÐ MÆLUM MEÐ

203 ltr.
ORKUNÝTING A+

Frigor 5 ára ábyrgð

**Frystikista**
G215. H-84.5cm.B-94cm.D-55cm,
203 ltr.
1805482



10 ltr.
**4.995**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Innimálning**
Glástig 10.
7119961



**5.949**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

EMMEVI ítölsk gæði

**Eldhúsblöndunartæki**
GIGLIO.
7900009

Frigor 5 ára ábyrgð



**48.900**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Frystikista**
G115. H 84,5cm B 57cm D 55cm,103 ltr.
Orkunýting A+
1805483



10 ltr.
**9.490**

VIÐ MÆLUM MEÐ

Gæða veggmálning

**Innimálning Jotaproff**
Gæða veggmálning, gljástig 7.
7119866



EMMEVI ítölsk gæði

**15.995**

VIÐ MÆLUM MEÐ

**Eldhúsblöndunartæki**
EDEN.
7900023



**79.900**

VIÐ MÆLUM MEÐ

248 ltr.

**Frystikista**
TM300. H-85cm.B-92cm.D-60cm, 248 ltr.
1805487

Frigor 5 ára ábyrgð



10 ltr.
**16.995**

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

Sú besta frá Jotun
Auðvelt að þrífa
Slitsterk

**Innimálning Lady Vegg**
Besta málningin frá Jotun.
7122239



**38.895**

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

damixa

**Eldhúsblöndunartæki**
JUPITER TREND.
8000094



**129.900**

Orkunýting A++
325 ltr.
Frystigeta 24kg/24klst.

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

**Frystikista**
G315A. H-85.5 cm.B-141cm.D-74.5cm,
325 ltr.
1805517

Frigor 5 ára ábyrgð

## MUNDU AÐ ÞÚ ÁTT ALLTAF ÞRJÁ VALKOSTI Í HÚSASMIÐJUNNI

1 — VERÐ VERND — LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Það ódýrasta sem við bjóðum er **LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR** með verðvernd. Ef þú sérð sömu vöru auglýsta ódýrari annars staðar, endurgreiðum við mismuninn. Sjá nánar á www.husa.is

2 — VIÐ MÆLUM MEÐ

Í flokknum **VIÐ MÆLUM MEÐ** finnur þú gæðavöru á góðu verði sem óhætt er að mæla með.

3 — MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

**MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR** eru fyrir alla sem gera miklar kröfur um gæði og endingu.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN
*Nánar á husa.is*

HÚSASMIÐJAN

KJÖRKASSINN



*Óttast þú að eldgos í Kötlu sé yfirvofandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 61% |
| Nei | 39% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Býst þú við að Bjarni Benediktsson fái mótframboð í formannskjöri Sjálfstæðisflokksins?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Dönsk fjölskylda á leið heim eftir rúmlega hálft ár í haldi sómalískra sjóræningja:

# Laus úr gíslingu sjóræningja

**DANMÖRK** Sjö manna áhöfn danskrar skútu er laus úr haldi sómalískra sjóræningja, sem réðust um borð í skútu fjölskyldunnar seint í febrúar.

Langar samningaviðræður um lausnargjald skiluðu samkomulagi í vor, en það var ekki fyrr en í vikunni sem þau voru látin laus.

Danska utanríkisráðuneytið sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem segir að Danirnir sjö séu komnir í öruggt skjól. Þau hafi það eftir atvikum gott og séu á leiðinni heim til Danmerkur.

Um borð í skútunni voru hjónin Jan Quist-Johansen og Birgit Marie ásamt þremur börnum þeirra á unglingsaldri og tveimur öðrum í áhöfn.

Fjölskyldan hélt úr höfn í ágúst árið 2009 og hugðist verja tveimur árum til að sigla umhverfis jörðina.

Þrátt fyrir að hafa vitað af þeirri hættu, sem stafar af sómalískum sjóræningjum, ákváðu þau í febrúar að taka stefnuna yfir Indlandshaf og þar með beint í fangið á ræningjunum.

Enn eru sex sjómenn af dönsku flutningaskipi í haldi sómalískra sjóræningja. **- gb**



**JAN QUIST-JOHANSEN** Var á heimsreisu ásamt fjölskyldu sinni þegar skúta þeirra varð fyrir árás sjóræningja í febrúar síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Andlát í fangaklefa:

# Lét lífið í haldi lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL Maður í haldi lögreglunnar á Suðurnesjum lést í klefa sínum á mánudagskvöld. Engir áverkar voru á manninum og er ekki talið að dauða hans hafi borið að með voveiflegum hætti að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem rannsakar málið.**

**Maðurinn var handtekinn vegna ölvunar á mánudag en um kvöldið fannst hann látinn.**

**Bráðabirgðaniðurstöður krufningar ættu að liggja fyrir innan tíðar. - þj**




HEF FLUTT MIG UM SET

Býð alla gamla og nýja viðskiptavini velkomna

Gerður Sævarsdóttir hársnyrtimeistari

GREIÐAN

Háaleitisbraut 58-60

sími 5813090 / 8621323

KJARAKLÚBBSTILBOÐ

TILBOÐ GILDIR AÐEINS FYRIR KJARAKLÚBBS-MEÐLIMI SKRÁÐU ÞIG!

35% afsláttur af ljósum!*

GILDIR 7. - 9. SEPTEMBER

ÚTILJÓS, INNILJÓS, BARNALJÓS, LAMPAR, BAÐLJÓS, LOFTLJÓS, VEGGLJÓS



KJARA KLÚBBUR %

HÚSASMIÐJAN

*GILDIR EKKI AF LÆGSTA LÁGA VERÐI HÚSASMIÐJUNNAR

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir



Hluthafafundur Exista ehf.
16. september 2011

EXISTA

Hluthafafundur Exista ehf. verður haldinn föstudaginn 16. september 2011 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 10:00.

**Dagskrá:**

1. Kosning stjórnar
2. Tillaga til breytinga á 1. gr. samþykkta:
   - tillaga um að nafni félagsins verði breytt í Condico ehf.
3. Önnur mál.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til félagsins fyrir upphaf hluthafafundar.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á hluthafafundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir hluthafafund.

Fundargögn verða afhent á fundardegi frá kl. 9:30 á fundarstað.

Reykjavík, 8. september 2011.
Stjórn Exista ehf.

EXISTA ehf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600


# Roskni ökuþórinn er alræmdur á götunum

**Áhugamenn um kraftmikla bíla þekkja vel til manns á sjötugsaldri sem slapp ótrúlega úr árekstri á mánudag eftir kappakstur. Þeir segja hann efna stöðugt til spyrnukeppna og sýna mönnum fingurinn. Var með göngugrind í bílnum.**

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega 67 ára maður sem slapp ótrúlega vel úr alvarlegu slysi eftir kappakstur á Hafnarfjarðarvegi á mánudag er umtalaður fyrir hegðun sína í umferðinni. Þeir sem fylgst hafa með aðförum hans eru ekki hissa á að hann hafi nánast orðið sér að aldurtila með glannaskap.

Þetta má lesa úr spjalli áhugamanna um kraftmikla bíla á vef samtakanna Live2Cruize, þar sem fólk ræðir slysið undir dulnefni.

„[Miðað við] það sem ég hef séð af þessum gamla þá kemur þetta slys mér ekki mikið á óvart,“ skrifar einn og tveir taka undir.

Maðurinn ók 340 hestafla svörtum Dodge Charger-bíl sem gjöreyðilagðist í slysinu. Allt bendir til þess að hann hafi verið í kappakstri við ókunnugan, hálfþrítugan mann. Maðurinn slapp með minniháttar meiðsli úr slysinu, sem sérfróðir menn segja með ólíkindum. Smáhundur hans drapst. Í bílnum var göngugrind sem maðurinn styðst við.

Í slysaskrá Umferðarstofu má sjá að bíllinn skemmdist síðast mikið í janúar þegar maðurinn ók aftan á sendibifreið frá N1 á Reykjanesbraut.

Spjallverjar samtakanna Live2Cruize eru misánægðir með þann roskna. „Þessi gaur reyndi að keyra í hliðina á mér eftir að hann tapaði fyrir mér í spyrnu eitt sinn og svo þegar að við stoppuðum á næstu ljósum þá rétti hann mér bara puttann,“ segir einn.

Annar er ekki jafn hneykslaður: „Fannst ekkert smá fyndið þegar að ég var á Sæbrautinni á 535i [BMW-bifreið] og alltíeinu drukknaði allt í reyk..... þá var gamli skarfurinn að mökka brjál (vorum stopp á ljósum) og reyna að fiska spyrnu.“





**GJÖRÓNÝTUR** Ótrúlegt þykir að maðurinn hafi ekki slasast meira en raun ber vitni. Af upptöku sem náðist á myndavél leigubíls má ráða að mennirnir hafi ekið á vel yfir 100 kílómetra hraða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Þessi gaur reyndi að keyra í hliðina á mér eftir að hann tapaði fyrir mér í spyrnu eitt sinn og svo þegar að við stoppuðum á næstu ljósum þá rétti hann mér bara puttann.

Enn annar segir sögu af því þegar hann var að vinna á hjólbarðaverkstæði og fékk manninn í heimsókn að kaupa felgur. Hann hafi gortað af árangri sínum í spyrnukeppnum og síðan spænt og spólað um bílastæðið við brottförina að viðstöddu margmenni.

Fréttablaðið hefur ítrekað reynt að ná tali af manninum síðan slysið varð en án árangurs.

Tekin voru sýni úr manninum, sem og ökumanni hins bílsins, eftir áreksturinn á mánudag til að kanna hvort þeir hefðu verið allsgáðir. Þær niðurstöður liggja ekki fyrir. Ekki er útilokað að lögregla muni fara fram á sérfræðimat á því hvort maðurinn sé hæfur til að stjórna ökutæki.

**stigur@frettabladid.is**

Blaðamaður Fréttablaðsins tilnefndur fyrir skrif sín um umhverfisvá:

# Umhverfisráðuneytið veitir verðlaun

**FJÖLMIÐLAR** Dómnefnd á vegum umhverfisráðuneytisins hefur tilnefnt fjóra til fjölmiðlaverðlauna ráðuneytisins. Verðlaunin verða veitt í fyrsta sinn 16. september næstkomandi, á Degi íslenskrar náttúru. Dómnefndina skipa María Ellingsen, Jónatan Garðarsson og Valgerður A. Jóhannsdóttir.

Svavar Hávarðsson, blaðamaður Fréttablaðsins, er tilnefndur fyrir það sem dómnefnd segir vera ítarlega umfjöllun um mengun sem ógni náttúru og fólki.

Greinaflokkur Morgunblaðsins, Hamskipti lífríkis og landslags, sem fjallaði um áhrif loftslagsbreytinga á íslenska náttúru, er einnig tilnefndur. Blaðamenn eru Guðni Einarsson og Rúnar Pálmason, Elín Esther Magnúsdóttir sá um grafík og Sigurbjörg Arnarsdóttir og Ingólfur Þorsteinsson brutu greinaflokkinn um. Ljósmyndir tóku Ómar Óskarsson og Ragnar Axelsson.

Þá er Ragnar Axelsson ljósmyndari tilnefndur fyrir myndir sínar sem dómnefnd telur beina sjónum að náttúruvernd og samspili manns og náttúru.



**MENGUN FRÁ SORPBRENNSLU** Svavar Hávarðsson blaðamaður hefur meðal annars fjallað ítarlega um díoxínmengun frá sorpbrennslum í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Steinunn Harðardóttir, stjórnandi þáttarins Út um græna grundu á Rás 1, er tilnefnd fyrir umfjöllun sína um íslenska náttúru, umhverfið og ferðamál. **- sv**



# BIOTHERM

Sléttur magi í sjónmáli:
-Ummál getur minnkað um 9 $cm^3$ á einum mánuði*



6 EINKALEYFI**

## CELLULI LASER™ SIZE CODE

HÁÞRÓAÐASTA MAGA-MITTISKREMIÐ FRÁ BIOTHERM

**Vegna þess** að einkaleyfisefnið Adiposveltyl™ myndar „þjálfunaráhrif" og örvar „latar" fitufrumur á magasvæðinu til að auka fitubrennsluferlið.
*(In Vitro próf á kviðfitufrumum úr mönnum)*

**Vegna þess** að það örvar genin sem tengjast þéttleika og teygjanleika húðarinnar.
*(RT-PCR in vitro próf á bandvefsfrumum úr mönnum)*

*mælingar „fringe projection" tækni á 41 konu eftir 1 mánuðar meðferð.
**6 skrásett einkaleyfi.

# BIOTHERM GJAFADAGAR Í HAGKAUP

Kringlunni, Smáralind, Holtagörðum, Garðabæ og Akureyri

**8.-14. september**

**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 2 Biotherm vörur þar af eina Celluli Laser vöru eða eitt andlitskrem 50 ml.**

~ Celluli Roller – nuddtæki gegn appelsínuhúð
~ Kornaskrúbbur fyrir líkamann 75 ml
~ Celluli Laser gegn appelsínuhúð 40 ml

Einnig kaupaukar með andlitskremum fyrir þá sem kjósa það frekar.



Gildir á kynningu meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 Í hvaða ríki Bandaríkjanna hafa skógareldar gert usla undanfarna daga?

2 Hver skoraði mark Íslands í sigri karlalandsliðsins í knattspyrnu á Kýpur í fyrradag?

3 Hversu háa upphæð er áætlað að setja til viðbótar í menntakerfið á Íslandi næstu þrjú árin?

SVÖR

1. Texas. 2. Kolbeinn Sigþórsson. 3. Sjö milljarða króna.

Umsögn Samorku, Samtaka orku- og veitufyrirtækja, um rammaáætlun í orku- og umhverfismálum:

# Mest 700 MW til ráðstöfunar á næstu árum

**ORKUMÁL** Verði þingsályktunartillaga um rammasamkomulag í orku- og umhverfismálum samþykkt verða að hámarki 700 MW til ráðstöfunar í iðnaðaruppbyggingu á næstu fjórum til sex árum.

Þetta segir í umsögn Samorku, Samtaka orku- og veitufyrirtækja, um tillöguna og er vísað til þeirra verkefna sem sett hafa verið í svokallaðan nýtingarflokk í þingsályktunartillögunni.

Í umsögninni segir að virkjunarkostir í nýtingarflokki hafi að geyma um 1.500 MW en „að hámarki [eru] um 700 MW á því stigi að hægt væri að gera samninga um sölu á orkunni innan tveggja ára,“ og er þar miðað við hugsanlega afhendingu innan fjögurra til sex ára. Í umsögninni er einnig lýst yfir undrun á því að nokkrir virkjanakostir, sem hafi verið settir í nýtingarflokk af verkefnisstjórn við undirbúning tillögunnar, hafi í tillögunni verið færðir í biðflokk, jafnvel verndarflokk.

Samorka bendir á að víða um land sé rætt um mikil áform um uppbyggingu iðnaðar, en þau verkefni gætu þurft á allri þeirri orku að halda sem eru í nýtingarflokki samkvæmt tillögunni. - þj



**TAKMARKAÐIR ORKUKOSTIR** Samorka segir að rammaáætlun í orkumálum feli í sér að 700 MW hið mesta verði til reiðu fyrir iðnaðaruppbyggingu á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjórnlagadómstóll Þýskalands:

## Framvegis þarf að spyrja þingið

**ÞÝSKALAND, AP** Stjórnlagadómstóll Þýskalands komst í gær að þeirri niðurstöðu að þátttaka Þýskalands í björgunaraðgerðum til hjálpar skuldugustu ríkjum evrusvæðisins bryti ekki í bága við þýsku stjórnarskrána.

Hins vegar krefst hann þess að þingið verði framvegis haft með í ráðum þegar stjórnvöld ákveða að leggja fé frá skattborgurum í aðgerðir af þessu tagi. Þetta getur orðið til þess að hægja á allri ákvarðanatöku þegar vandi steðjar að á evrusvæðinu. Mörkuðum létti hins vegar mjög þegar ljóst varð að dómstóllinn hefði komist að þeirri niðurstöðu að björgunaraðgerðirnar sem búið var að ákveða stæðust stjórnarskrárákvæði. - gb

Ágúst var metmánuður:

## Aldrei fleiri ferðamenn

**FERÐAÞJÓNUSTA Aldrei hafa fleiri ferðamenn heimsótt Ísland í einum mánuði en í ágúst. Samkvæmt talningu Ferðamálastofu fór 101.841 ferðamaður frá landinu í mánuðinum en aldrei áður hafa fleiri en 100 þúsund ferðamenn sótt landið heim í einum mánuði.**

**Ferðamenn í ágúst voru tólf þúsund fleiri en í sama mánuði í fyrra. Þá voru ferðamennirnir tvöfalt fleiri en í ágúst árið 2002 en ágúst er yfirleitt mesti ferðamannamánuður ársins.**

**Sérstaka athygli vekur að gestum frá Norður-Ameríku fjölgaði um 52,8 prósent milli ára. Voru Þjóðverjar hér fjölmennastir en Bandaríkjamenn litlu færri.** - mþl

# Heilbrigðisnefnd vill leyfa staðgöngu

**Meirihluti heilbrigðisnefndar vill að frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði undirbúið og tilbúið 1. mars á næsta ári. Minnihlutinn vill að starfshópur verði frekar skipaður til að skoða fjölmörg álitamál betur.**

**ALÞINGI** Meirihluti heilbrigðisnefndar Alþingis hefur samþykkt þingsályktunartillögu um að frumvarp sem leyfir staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði undirbúið. Samkvæmt tillögunni á velferðarráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa slíkt frumvarp, sem á að leggja fram á Alþingi ekki síðar en 1. mars á næsta ári. Málið verður tekið til síðari umræðu á næstunni.

Heilbrigðisnefnd er klofin þvert á flokka í málinu, fimm voru fylgjandi og fjórir á móti. Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar í vetur komu úr öllum flokkum nema Hreyfingunni. Tveir stjórnarþingmenn greiddu atkvæði með tillögunni í heilbrigðisnefnd ásamt tveimur fulltrúum Sjálfstæðisflokks og einum fulltrúa Framsóknar. Formaður nefndarinnar, Þuríður Backman þingmaður VG, greiddi atkvæði gegn tillögunni ásamt þremur þingmönnum Samfylkingarinnar.

„Ég held að umræðan um málið hafi verið mjög góð og þingið sé tilbúið að afgreiða þetta,“ segir Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra. Hann segist ekki vilja gefa upp sína afstöðu til málsins, því það muni koma á hans borð verði tillagan samþykkt í þinginu.

Minnihluti heilbrigðisnefndarinnar lagðist gegn tillögunni vegna þeirrar eindregnu afstöðu sem í henni birtist um að heimila eigi staðgöngumæðrun. Minnihlutinn vill frekar að skipaður verði starfshópur sem skoði þau álitamál sem bent hefur verið á. „Af umsögnum sem nefndinni hafa borist má ráða að þörf sé frekari íhugunar og umræðu í samfélaginu,“ segir jafnframt í áliti minnihlutans.

Þar er vísað til þess að fjölmargir umsagnaraðilar gagnrýndu þingsályktunartillöguna eftir að hún hafði verið lögð fyrir Alþingi síðastliðinn vetur. Í upprunalegri þingsályktunartillögu sem lögð var fyrir Alþingi síðastliðinn vetur var gert ráð fyrir því að staðgöngumóðir og verðandi foreldrar gerðu með sér bindandi samkomulag. Þetta var meðal þess sem gagnrýnt var en hefur nú verið tekið út úr tillögunni.

Guðbjartur segir að fjölmörg álitamál þurfi að skoða áður en ákvörðun verði tekin. Það sé þingsins að taka ákvörðun. Hann hafi enga fordóma gagnvart verkefninu og ekki fyrir fram mótaða afstöðu.

thorunn@frettabladid.is



**ALÞINGI** Málið fer nú aftur til umræðu á Alþingi eftir að heilbrigðisnefnd afgreiddi það úr nefndinni. Átján þingmenn stóðu að þingsályktunartillögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skoðanakönnun MMR:

## Tæplega 62% óánægð með borgarstjórann

**KÖNNUN Fleiri eru ónægðir með Jón Gnarr borgarstjóra Reykjavíkur nú en í fyrra. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR sögðust 61,7 prósent vera óánægð með borgarstjórann en í fyrra voru það 22,4 prósent.**



JÓN GNARR

**Í könnuninni kemur einnig fram að Íslendingar eru upp til hópa ánægðir með vinnuna sína, nágranna sína og sumarfríið sitt.**

**Af þeim sem tóku afstöðu var 91 prósent ánægt með nágranna sína, 90,2 prósent ánægð með sumarfríið sitt og 89,9 prósent ánægð með vinnuna sína. Niðurstöðurnar eru lítið breyttar frá sambærilegri könnun sem framkvæmd var í ágúst 2010.**

**Könnunin leiddi einnig í ljós að 62,0 prósent voru ánægð með veðrið í sumar samanborið við 94,7 prósent í fyrra.** - mþl

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sprengja í jeppa

Sprengja sprakk inni í jeppabifreið yfir utan heimili í Reykjahlíð aðfaranótt þriðjudags. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni brotnuðu rúður bílsins. Það var vitni sem hafði samband við lögregluna en það sá þrjá menn hlaupa í burtu eftir að sprengjan sprakk. Hann gat þó ekki gefið nánari lýsingu á sprengjuvörgunum. Enginn slasaðist við sprenginguna. Málið er í rannsókn hjá lögreglunni.



Lífeyrissparnaður

# **Ávöxtun** viðbótarlífeyris-sparnaðar **Arion banka**

**Lífeyrisauki hentar þeim sem vilja leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað og nýta sér þannig mótframlag launagreiðanda.**

Sjóðfélagar í Lífeyrisauka eru samtals um 21.500 og stærð sjóðsins er ríflega 28 milljarðar króna. Leitaðu til okkar varðandi ráðgjöf um lífeyrissparnað í næsta útibúi eða sendu okkur póst á **lifeyristhjonusta@arionbanki.is**

## Lífeyrisauki

### Nafnávöxtun 30.06.2010 - 30.06.2011




**Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.**

### 5 ára meðalnafnávöxtun




Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun á tímabilinu 30.06.2006-30.06.2011 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á arionbanki.is/lifeyrir

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 55741 09/11



**MÖRGÆS ÚR GRÆNMETI** Þessi mörgæs er skorin út úr eggaldini og gulrótarræmum og var einn gripa á fyrstu evrópsku grænmetisútskurðarkeppninni, sem haldin var í Leipzig í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Þorgerður Katrín telur að endurskoða þurfi tolla- og styrkjakerfi í landbúnaði til hagsmuna fyrir neytendur:

# Tollar miða við neysluumhverfi frá 1995

**ALÞINGI** Tekist var á um tolla á landbúnaðarvörur á Alþingi í gær. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var málshefjandi í utandagskrárumræðu og spurði hún Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þriggja spurninga: Ætlar ráðherra að breyta tollaumhverfi til samræmis við álit umboðsmanns Alþingis, ætlar hann að breyta landbúnaðarkerfinu með hliðsjón af breyttu neysluumhverfi og ætlar hann að auka innflutning á búvörum?

Jón fór yfir stöðu málaflokksins, en fátt var um svör við spurningunum þremur. Þó sagði hann í seinni ræðu sinni að hann hygðist ekki setja íslenska matvælaframleiðslu í hættu með því að opna fyrir takmarkalausan innflutning.

Þorgerður Katrín benti á þá staðreynd að Ísland hefði skuldbundið sig til að hleypa inn ákveðnu magni af erlendum búvörum með aðild að GATT-samningnum árið 1995. Miðað væri við 3 prósent af innanlandsframleiðslu. Kvótarnir tækju enn mið af því neysluumhverfi sem var við undirritun samninganna fyrir sextán árum.

Fjölmargir þingmenn tóku þátt í umræðunni og kölluðu þau Magnús Orri Schram og Ólína Þorvarðardóttir, þingmenn Samfylkingarinnar, og Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, eftir heildstæðri endurskoðun á landbúnaðarkerfinu.

Aðrir, eins og framsóknarmennirnir Höskuldur Þórhallsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, og Lilja Rafney Magnúsdóttir, Vinstri grænum, tóku undir með landbúnaðarráðherra að innlenda framleiðslu og matvælaöryggi bæri að tryggja. **- kóp**

### Framleiðsla jókst

Guðmundur Steingrímsson sagði stutta sögu af tómötum og gúrku í umræðunni. Tollar á þær vörur voru felldir niður árið 2002 og styrkjakerfið endurskoðað. Framleiðslan hefði aukist við það; um 60 prósent á tómötum og um 40 prósent á gúrkum. Markaðshlutdeild innlendrar gúrku hefði aukist úr 80 prósentum í 90 prósent við tollaafnámið. Taldi Guðmundur það merki um að nútímavæða bæri umhverfi íslensks landbúnaðar, það væri það besta sem fyrir greinina kæmi.


Hitablásarar



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa 6.490
Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa 7.900
Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa 11.900
Rafmagnshitablásari 2Kw 1.995



Margar gerðir
Kapalkefli 15 mtr 4.290
15 metra rafmagnssnúra 2.995
Kapalkefli 10 mtr 2.990

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


Ekki undanþága fyrir hesthús:

## Kynntu sér ekki aðstæðurnar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Skipulagsnefnd uppsveita Árnessýslu kveðst harma að Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneytið „taki sér skipulagsvald og ákvarði“ hvar skynsamlegast sé að byggja í landi Hulduheima í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneytið höfnuðu því að veita undanþágu frá ákvæði í reglugerð þannig að hægt yrði að reisa hesthús minna en eitt hundrað metra frá tengivegi.

Skipulagsnefndin segir þetta „þvert á niðurstöðu skipulagsráðgjafa, landeigenda og nefndarmanna heima í héraði sem hafa staðgóða þekkingu á svæðinu“. Ekki sé vitað til að starfsmenn Skipulagsstofnunar eða ráðuneytisins hafi skoðað aðstæður á staðnum. **- gar**

SAMGÖNGUR

### Flugsýning í Reykjavík

Flugsýning verður haldin á Reykjavíkurflugvelli á laugardaginn þar sem minnst verður 70 ára afmælis flugvallarins. Hugh Eccles, breskur herflugmaður, var fyrsti flugmaðurinn sem lenti á vellinum og kemur hann til landsins til að fagna tímamótunum. Áætlað er að 25 til 30 flugvélar taki þátt í flugsýningunni sem stendur yfir frá klukkan 13 til 15, en sýningarsvæðið á Reykjavíkurflugvelli verður opið milli klukkan 12 og 16.



**STEVE JOBS** Þrátt fyrir að vera hættur sem forstjóri hefur Jobs ekki lokið afskiptum af fyrirtækinu því hann gegnir nú starfi stjórnarformanns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Getur Apple haldið dampi eftir Jobs?

**Steve Jobs hefur látið af störfum sem forstjóri Apple af heilsufarsástæðum. Apple var nær gjaldþrota þegar hann tók við starfi forstjóra og nú óttast margir að hallað geti undan fæti hjá fyrirtækinu.**

**VIÐSKIPTI** Steve Jobs lét nýverið af starfi sínu sem forstjóri Apple. Jobs, sem hefur sennilega verið þekktasti forstjóri heims síðustu ár, tókst á fjórtán árum í starfi að breyta Apple úr nær gjaldþrota tæknifyrirtæki í næststærsta fyrirtæki heims.

Það er líklega ekki ofsögum sagt að Apple hafi breytt heimunum á þessu tímabili með nýjungum á borð við iPod, iPhone og iPad. Jobs hefur verið óumdeildur leiðtogi og hugsuður fyrirtækisins auk þess að vera andlit þess út á við. Afsögn hans hefur því vakið upp þá spurningu hvort Apple geti haldið dampi og notið sömu velgengni án Jobs. Önnur tæknifyrirtæki hafa lent í erfiðleikum eftir brotthvarf forstjóra og má til dæmis nefna Microsoft, sem hefur að sumu leyti tapað yfirburðastöðu sinni frá því að Bill Gates hætti sem forstjóri í janúar árið 2000.

Fyrst skal haft í huga að fyrirtækið virðist vera vel undirbúið fyrir þessi tímamót. Tim Cook, sem hefur verið framkvæmdastjóri hjá Apple frá 1998, tók við starfinu samstundis og það alls ekki óundirbúinn þar sem hann hefur leyst Jobs af tvisvar sinnum meðan Jobs hefur tekið sér leyfi frá störfum af heilsufarsástæðum. Þótti Cook takast vel upp í bæði skiptin. Þá þykir hann hafa staðið sig með eindæmum vel í starfi frá því að hann gekk til liðs við fyrirtækið og hefur verið í innsta hring við alla ákvarðanatöku. Aðrir lykilstarfsmenn fyrirtækisins, svo sem hönnunarstjórinn Jonathan Ives, eru jafnframt enn á sínum stað. Þá er Jobs ekki hættur afskiptum af fyrirtækinu heldur verður hann stjórnarformaður

Meðal annarra ástæðna til bjartsýni má nefna að starfsmenn fyrirtækisins mælast reglulega með gríðarlega hollustu gagnvart fyrirtækinu. Þá er nokkuð skýrt hvaða vörur fyrirtækið mun gefa út á næstunni; nýja útgáfu iPhone í haust, nýja útgáfu iPad snemma á næsta ári og svo framvegis. Þá segja þeir sem til þekkja engan skort á hugmyndum um nýjar vörur vera hjá fyrirtækinu.

Velgengni Apple hefur byggt á sölu vara sem eru fallega hannaðar, einfaldar í notkun og tæknilega fullkomnar. Það er í raun einföld formúla en samt sem áður hefur keppinautum fyrirtækisins reynst erfitt að slá henni við. Apple selur óvanalega fáar vörur; tölvur, spjaldtölvur, síma og tónlistarspilara, en leggur gríðarlega mikið í hverja vöru. Svo mikil vinna er lögð í hverja vöru að Apple notar yfirleitt ekki markaðsprófanir. Fyrirtækið treystir því einfaldlega að varan selji og það er orðið langt síðan fyrirtækið sló vindhögg.

Því virðist ólíklegt að halla fari undan fæti hjá Apple strax jafnvel þótt Jobs sé hættur. Hugmyndafræðin sem Apple byggir á er óbreytt og tæknilegir yfirburðir enn til staðar. Hins vegar er erfitt að spá fyrir um afdrif tæknifyrirtækja þar sem örar tækniframfarir geta umbylt rekstrarumhverfi þeirra á tiltölulega skömmum tíma. Brottför Jobs er því ólíklegt til að skipta sköpum fyrir fyrirtækið en eitthvað annað gæti gert það.

magnusl@frettabladid.is


HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



Vakin er athygli á fyrirlestri dr. Noams Chomsky, prófessors emeritus í málvísindum við Massachusetts Institute of Technology (MIT).

THE TWO 9/11S
THEIR HISTORICAL SIGNIFICANCE

**Dr. Noam Chomsky** er bandarískur málvísindamaður, rithöfundur og samfélagsrýnir. Hann er heiðursgestur Hugvísindasviðs Háskóla Íslands og flytur erindi í röð öndvegisfyrirlesara á aldarafmæli skólans.

Fyrirlesturinn fer fram í stóra sal Háskólabíós **föstudaginn 9. september kl. 15.00** og er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.

Allir velkomnir

PIPAR\TBWA • SÍA • 112215

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



KJÚKLINGUR
NETTÓ

**698** kr/kg
áður 798 kr/kg

# FERSKUR **KJÚKLINGUR** - FRÁBÆRT VERÐ!

KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ



**2.098** kr/kg
áður 2.295 kr/kg

KJÚKLINGAVÆNGIR
NETTÓ



**298** kr/kg
áður 349 kr/kg

KJÚKLINGALEGGIR
NETTÓ



**698** kr/kg
áður 798 kr/kg

GRILL SVÍNARIFJABITAR
KRYDDAÐIR



**398** kr/kg
áður 498 kr/kg

KJÖTSEL

LAXASTEIKUR
M/ESTRAGONI & HVÍTLAUK EÐA
MANGÓ & CHILI

30% afsláttur



**2.099** kr/kg
áður 2.998 kr/kg

GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
FERSK

30% afsláttur



**1.259** kr/kg
áður 1.798 kr/kg

VÍNARBRAUÐSLENGJA
BAKAÐ Á STAÐNUM*

46% afsláttur



**299** kr/stk.
áður 549 kr/stk.

*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

FÍKJUR EÐA SVESKJUR
250 G

29% afsláttur



**249** kr/pk.
áður 349 kr/pk.

SURPRISE EGG
PRINCESS EÐA TOYSTORY



**129** kr/stk.
áður 159 kr/stk.

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 8. - 11. september**
eða meðan birgðir endast

# Öryggismálin snúast um umhverfið

**Formaður grænlensku landsstjórnarinnar hefur nýlokið fyrstu opinberu heimsókn sinni til Íslands. Hann segir hagsmuni landanna tengjast með ýmsum hætti, meðal annars gagnvart norðurslóðum og umhverfismálum. Grænlendingar telja ekkert liggja á að fá fullt sjálfstæði.**

**UTANRÍKISMÁL** „Öryggismálin snúast í dag meira um umhverfisvernd og björgunarstarf," segir Kuupik Kleist, formaður grænlensku landstjórnarinnar, sem undanfarna daga hefur verið í opinberri heimsókn á Íslandi.

Hann segir Grænlendinga ekki hafa sérstakar áhyggjur af hefðbundnu hernaðaröryggi þótt hlýnun andrúmsloftsins hafi í för með sér að skipaleiðir opnist yfir Norður-Íshafið.

„Klassísk hernaðaröryggispólitík er ekki það mikilvægasta í öryggismálum á norðurslóðum nú á dögum. Við eigum hins vegar í margvíslegri samvinnu við Íslendinga og fleiri um björgunarstörf og í umhverfismálum."

Fyrir fáeinum vikum samþykktu Danir, Grænlendingar og Færeyingar sameiginlega stefnumótun í málefnum Norðurskautsins, sem Kleist segir að hafi fyrst og fremst verið staðfesting á þeirri stefnu sem fylgt hefur verið.

„Það urðu engar stórar breytingar, en mér hefur fundist mikilvægt að Grænlendingar, Færeyingar og Danir séu opinberlega búnir að ná samkomulagi um þá stefnu sem fylgt hefur verið. Einnig er mikilvægt að nú hefur verið tekið af skarið um að konungsríkið Danmörk hafi þá stefnu að íbúar á heimsskautasvæðinu noti auðlindir sínar til þess að bæta lífsafkomu sína."

Kleist tók við sem formaður grænlensku landsstjórnarinnar í júní árið 2009. Hann segir að íslensk stjórnvöld hafi strax þá boðið sér til Íslands, en vegna anna hafi ekki tekist að láta verða af þeirri ferð fyrr en nú.

Hann hefur átt fundi hér með forseta Íslands og nokkrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar ásamt ýmsum fulltrúum atvinnulífsins. Tilgangur heimsóknarinnar hefur verið að styrkja tengsl landanna og ræða ýmis sameiginleg hagsmunamál.

Rúmlega tvö ár eru liðin frá því Grænlendingar fengu aukna sjálfsstjórn og sömdu við Dani um möguleikann á fullu sjálfstæði þegar fram líða stundir.

Kleist segir þó ljóst að langur tími mun líða áður en Grænlendingar fari í alvöru að huga að fullu sjálfstæði.

„Í samningnum við Danmörku er þessi möguleiki fyrir hendi, en til þess að hann geti orðið að veruleika þarf mikil þróun að verða á Grænlandi. Við þurfum að efla skólakerfið og menntunina, við þurfum að styrkja efnahaginn og koma á stöðugleika í efnahagsmálum, við þurfum að þróa hið opinbera kerfi og styrkja lýðræðið. Þetta tekur langan tíma, en svo kemur hitt af sjálfu sér. Það er ekki hægt að fara öfugu leiðina að þessu."

Grænlendingar eru mjög háðir fjárhagslegu framlagi frá Danmörku, sem stendur undir helmingi allra grænlenskra ríkisútgjalda. Samningurinn við Dani felur hins vegar í sér að auknar tekjur Grænlendinga af náttúruauðlindum, meðal annars af olíu og gasi í hafi, muni smám saman verða notaðar til þess að greiða þennan kostnað og framlagið frá Dönum minnki jafnt og þétt á móti.



**KUUPIK KLEIST** Formaður grænlensku landstjórnarinnar fyrir utan gististað sinn við Laufásveg í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þessi tvö ár, sem liðin eru frá því við fengum aukna sjálfstjórn, höfum við notað til þess að gera miklar breytingar á öllum stjórnarháttum á Grænlandi. Mín ríkisstjórn hefur lagt mikla áherslu á að allar ákvarðanir, sem landstjórnin tekur, séu teknar á traustum grundvelli rannsókna og ítarlegra umræðna, frekar en að ákvarðanir séu teknar bara eftir hendinni frá degi til dags. Ég hugsa að þessar breytingar á ákvarðanatökuferlinu séu þær sem Grænlendingar almennt taka helst eftir."

Hann segir stjórn sína einnig hafa lagt mikla áherslu á að vera með hallalaus fjárlög og tryggja að ríkisfyrirtæki séu rekin með afgangi.

„Meira en helmingur atvinnulífsins er borinn uppi af fyrirtækjum sem eru í opinberri eigu, og löng hefð er fyrir því á Grænlandi að opinber fyrirtæki séu rekin með halla. En við höfum snúið þessu við."

gudsteinn@frettabladid.is



Smáralind

# Eigðu góða stund með vini

SMÁRABÍÓ

Ef þú verslar fyrir 5.000 kr. eða meira á fimmtudögum í einni verslun eða veitingastað í Smáralind, færðu **2 fyrir 1** í Smárabíó sama kvöld með því að sýna kassakvittunina!

Njóttu þess að koma með vini í Smáralind á fimmtudögum í september. Þið fáið frábær vináttutilboð í mörgum verslunum sem virka þannig að kaup á einum stað veita afslátt á öðrum.

Láttu ekki vinatilboðin fram hjá þér fara!

HJÁ OKKUR FÆRÐU VINATILBOÐ

- DEBENHAMS – Vinur – Adesso
- Bata Skóverslun Smáralind – Vinur – POLARN O. PYRET
- THE BODY SHOP – Vinur – Zink
- Bata Skóverslun Smáralind – Vinur – D.
- Bata Skóverslun Smáralind – Vinur – VILA CLOTHES
- DOROTHY PERKINS – Vinur – SAINTS
- DÝRABÆR – Vinur – Bjarkarblóm
- Eymundsson – Vinur – Te & Kaffi
- Levi's – Vinur – United Colors of Benetton
- name it – Vinur – VERÖLDIN OKKAR
- ORGINAL – Vinur – Signatures Of Nature
- ÚTILÍF – Vinur – oasis – Vinur – KAREN MILLEN
- JACK & JONES, SELECTED HOMME – Vinur – TGI Fridays
- VERO MODA, VILA CLOTHES – Vinur – Signatures Of Nature
- VERO MODA, VILA CLOTHES – Vinur – MAKE UP STORE
- CARAT – Vinur – herra GARÐURINN
- Optical Studio, Ray-Ban – Vinur – Leonard

OPIÐ TIL KL. 21 Á FIMMTUDÖGUM

Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## OPNUM KL.11:00 OPNUM KL.11:00



NIVEA STURTUSÁPA
398 kr. 750 ml

NIVEA BODY LOTION
398 kr. 250 ml

NIVEA SVITA-EYÐIR
359 kr. 40 ml

NIVEA ANDLITSKREM
898 kr. 50 ML

STURTUSÁPA KVENNA
298 kr. 250 ml

STURTUSÁPA KARLA
298 kr. 250 ml

NIVEA HREINSIKLÚTAR
298 kr. 25 STK

EUROSHOPPER BLAUTKLÚTAR
175 kr. 72 STK

BAÐMULLAR-SKÍFUR
198 kr.



SULTUKRUKKA:
98 KR
SULTUSYKUR 1 KG.
398 KR



198 KR. 1 LTR
TRÓPÍ 1 LTR.
100% HREINN APPELSÍNUSAFI MEÐ ALDINKJÖTI



198 KR. 237 G
BÓNUS BRAUÐSKINKA

198 KR. 150 G
DALA FETSAOSTUR

579 KR. 1,2 KG
KJARNAFÆÐI REYKT SVEITABJÚGU



TILBOÐSASKJAN 400 GRÖMM KOMIN Í BÓNUS
létt & laggott
198 KR.



FRYSTI VARA
1398 KR. KG
ÞÝSKAR
FROSNAR GRÍSALUNDIR



FRYSTI VARA
3798 KR. KG
ÞÝSKAR
FROSNAR NAUTALUNDIR



1498 KR. 900G
EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR 900G

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPNUM KL. 11:00 OPNUM KL. 11:00

EKKERT TEKIÐ ÚR OG ENGU BÆTT VIÐ

ÍSLANDS NAUT

1398 KR. KG

ÍSLANDSNAUT
**100% HREINT UNGNAUTAHAKK**

**AMERÍSK VÍNBER *NÝ UPPSKERA***
**RAUÐ OG GRÆN 679 KR.KG.**

**BÓNUS BAGUETTE**
129 KR. STK

Barilla

249 KR. 1 KG

*BARILLA*
**SPAGHETTI 1 KG.**

259 KR. 1 KG

**MYLLU HEIMILISBRAUÐ 1 KG.**

498 KR. 2 STK

**TVÆR KRYDDKÖKUR**
*Á VERÐI EINNAR*

## Góður tilbúinn matur fyrir 3-4

**998 KR. BAKKINN**

*ÞARF AÐEINS AÐ HITA!*

- BÓNUS HEILSURÉTTUR
- BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
- BÓNUS BURRITOS 4 STK
- BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
- BÓNUS PASTA CARBONARA

159 KR. KG

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
**GULLAUGA OG RAUÐAR**

359 KR. 1/2 KG.

**AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR**

## NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR

Jarðepli

198 KR. 1.5 KG

**359 KRÓNUR**
**HÁDEGISTILBOÐ Í BÓNUS**
*SÓMASAMLOKA + 330ML FLASKA AF FLORIDANA EÐA TRÓPÍ*

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# neytendur
hagur heimilanna

**2.330 KRÓNUR** var meðalverðið á kílói af nautagúllasi í ágúst síðastliðnum samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðið hefur hækkað um 47 prósent á fimm árum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Finna smáhlut á gólfinu

*Ef eyrnalokkur dettur á gólfið getur verið erfitt að finna hann aftur.*



Til þess að finna lítinn smáhlut sem dottið hefur á gólfið og illa gengur að sjá með berum augum er hægt að nota ryksuguna til aðstoðar. Settu nælonsokk framan á ryksuguna og ryksugaðu svæðið þar sem hluturinn gæti verið á. Hluturinn ætti að ryksugast upp og festast í nælonsokknum.




Beint lýðræði og aukin þátttaka íbúa

Ráðstefna í Ráðhúsi Reykjavíkur miðvikudaginn 14. september 2011 kl. 10:15 til 17:00

Innlendir og erlendir fyrirlesarar.

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.
Táknmálstúlkun og túlkun erlendra fyrirlestra.
Bein útsending á netinu.

Skráning fyrir 12. september.

Skráning og upplýsingar á www.innanrikisraduneyti.is

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Bentu á þann ...



Tilnefningar óskast!

Hvatningarverðlaun ÖBÍ verða veitt 3. desember nk. þeim sem hafa stuðlað að jafnrétti, sjálfstæðu lífi fatlaðra og einu samfélagi fyrir alla.

Verðlaun eru veitt í flokki:
1. Einstaklinga
2. Fyrirtækja/stofnana
3. Umfjöllunar/kynninga

Þekkir þú einhvern sem er verðugur verðlaunahafi?

Sendu okkur tilnefningu fyrir 12. september nk. á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á www.obi.is.

ÖBÍ Undirbúningsnefnd Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2011




**TILBOÐ AUGLÝST** Þýski hagfræðiprófessorinn Alexander Hennig segir meira að segja mjög meðvitaða neytendur láta glepjast í stórmörkuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Aðeins 30% í kerrunum vel ígrunduð innkaup

**Stórmarkaðirnir ráðskast með viðskiptavinina. Sjötíu prósent af því sem við kaupum inn í stórmörkuðunum eru vörur sem við gætum oftast verið án. Þetta fullyrðir þýskur hagfræðiprófessor, Alexander Hennig. Hann hefur gefið út bók um aðferðirnar sem lokka eiga viðskiptavinina til þess að kaupa meira en þeir þurfa.**

„Þegar aðeins 30 prósent af því sem við setjum í innkaupakerrurnar eru vel ígrunduð innkaup er það vegna þess að stórmarkaðirnir eru duglegri og útspekúleraðri en neytendur gera sér grein fyrir,“ segir prófessorinn í viðtali við danska blaðið 24timer.

Hann bendir á allar tilboðsvörurnar á brettum við inngang verslananna og segir að uppstillingar þar sem dýrum vörum er stillt upp við hlið ódýrra blekki neytendur. Viðskiptavinirnir grípa dýrari vöruna með þeirri ódýru í stað þess að kaupa ódýrari og jafnvel betri tegund innar í versluninni.

Vörukynningar, þegar viðskiptavinum er boðið að smakka á matvælum, virka vel og margfalda söluna, að sögn hagfræðiprófessorsins. Þeir kaupa vöruna þótt þeir hafi hvorki haft það í huga né þörf fyrir hana.

Matvælin sem mest er keypt af, eins og mjólk, brauð og spagettí svo eitthvað sé nefnt, eru höfð innst í versluninni. Neytendur þurfa þá að ganga framhjá alls kyns varningi áður en þeir komast að vörunni sem þeir voru búnir að ráðgera að kaupa.

Að sögn Hennigs láta meira að segja mjög meðvitaðir neytendur glepjast af tilboðsskiltum í æpandi litum með stórum bókstöfum og tölustöfum þótt sparnaðurinn sé hlægilega lítill eða enginn.

Hagfræðiprófessorinn segir að þótt fæstir vilji viðurkenna það upplifi þeir 199 krónur talsvert lægri upphæð en 200 krónur. Það sé vegna þess að við lesum frá vinstri til hægri og lesum 1 í staðinn fyrir 2.

Þar sem innkaupakerrurnar eru hafðar risastórar virðist eins og eitthvað vanti í kerruna þegar viðskiptavinurinn er aðeins búinn að kaupa hálft kíló af kjöthakki, nokkrar dósir af niðursoðnum tómötum og einn lítra af mjólk. Viðskiptavinurinn finnur fyrir þörf til þess að kaupa meira.

Það er freistandi að teygja sig í varning við greiðslukassana á meðan beðið er í röðinni. Súkkulaðistykki, tyggjói, rafhlöðum, rakvélarblöðum og svo framvegis er þá oft stungið ofan í innkaupakerruna.

Neytendur eru tregir til þess að beygja sig til þess að ná í vörur í neðstu hillunum. Þess vegna eru vörurnar sem stórmarkaðirnir græða mest á hafðar í 120 til 180 cm hæð. Ódýrari vörur eru hafðar í neðstu hillunum.

ibs@frettabladid.is



■ **Lánamarkaður**

## Íbúðalánasjóður veitir brátt óverðtryggð lán

Búast má við því að Íbúðalánasjóður hefji brátt veitingu óverðtryggðra lána. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp frá Guðbjarti Hannessyni, félags- og tryggingamálaráðherra, þess efnis. Frumvarpið var lagt fram í október í fyrra og hefur verið til meðferðar í þinginu síðan. Síðasta föstudag skilaði svo meirihluti félags- og tryggingamálanefndar áliti um frumvarpið og mælti með samþykki þess. Reikna má með að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi haustþingi.

■ **Rafmagnsvörur**

## Glóperur að hverfa af markaðnum



Ekki er lengur heimilt að selja glærar 60 W glóperur á Íslandi. Nýjar visthönnunarkröfur fyrir ljósaperur tóku gildi 1. september sem hafa það að markmiði að spara raforku í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Verslunum er þó leyft að selja þær glóperur sem fluttar voru til landsins fyrir 1. september. Áður höfðu tekið gildi lög sem bönnuðu sölu á öllum möttum glóperum auk þess sem bann við sölu á 75 W glóperum tók gildi fyrir ári síðan. Frá og með 1. september 2012 verða svo 15, 25 og 40 W glærar glóperur einnig bannaðar. Í stað glópera munu neytendum bjóðast orkusparandi perur, til dæmis sparperur, LED perur og halógen eco perur.



■ **Matvæli**

## Kjötbransinn á bak við kolvetnissnauða kúrinn

Kolvetnissnauðir matarkúrar, þar sem mælt er með neyslu kjöts og fitu, byggja á rannsóknum sem kjötbransinn og mjólkuriðnaðurinn í Bandaríkjunum hafa fjármagnað, að því er greint var frá í sænska ríkisútvarpinu.

Meðal þeirra sem fjármagnað hafa rannsóknirnar eru National Cattlements Association, Swissmilk og samtök sem tengjast megrunargúrúnum Robert Atkins sem nú er látinn. Ekkja Atkins rekur fyrirtæki þeirra sem selur fjölda bóka um Atkins-kúrinn auk þess sem fyrirlestrar eru haldnir á vegum hreyfingarinnar.




ICELANDAIR

ISAVIA

Flugmálafélag Íslands
Stofnað 1936

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 56242 09/11

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**914,48** **STIG** er gildi OMX Iceland hlutabréfa-vísitölunnar. Vísitalan var rúm þúsund stig í maí.



**HLUTI RÁÐSTEFNUGESTA** Mikilvægt að styðja konur í því að gera hugmyndir sínar að veruleika, segir formaður Samtaka frumkvöðlakvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Fjölmenni á evrópskri ráðstefnu frumkvöðlakvenna:

## Konur fá aðeins brot styrkja

„Konur eru stundum ekki nógu duglegar við að stíga fram. Það er ekki nóg að þær hafi hugmynd á blaði, mikilvægt er að gera þær að veruleika og koma þeim í formi vöru á markað, segir Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður og stofnandi Samtaka frumkvöðlakvenna.

Alþjóðleg ráðstefna samtakanna var sett í fyrradag í gær þar sem vakin er athygli á uppfinningaog frumkvöðlastarfsemi kvenna. Ráðstefnan hefur verið haldin annað hvert ár frá 2007 og er þetta í þriðja sinn sem hún er haldin, en í fyrsta sinn hér á landi. Hér eru 158 konur skráðar á ráðstefnuna, sem haldin er með fjölmörgum fyrirlestrum, umræðum og sýningum í ráðstefnuhúsinu Hörpu í tvo daga en lýkur með hátíðlegum hætti í Bláa lóninu í kvöld.

Í kynningu um ráðstefnuna segir að ráðstefnan sé einhver fjölmennasta samkoma frumkvöðlakvenna í Evrópu á árinu. Mikilvægt sé að draga frumkvöðlastarf kvenna fram í dagsljósið.

Tölfræðin sýni að konur fái aðeins fimmtung af þeim styrkjum sem séu í boði hér og þá iðulega lægri upphæðir en aðrir fá. Á sama tíma eru konur skráðar fyrir fimmtungi allra fyrirtækja hér. Í öðrum Evrópuríkjum eru konur skráðar fyrir aðeins níu prósentum af öllum einkaleyfum en eiga fimm til fimmtán prósent af öllum tæknifyrirtækjum. - jab

### Ríkið talið geta fengið til baka aðeins tíu prósent af lánum til VBS og Sögu:

## Tilraun sem breytti litlu



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur J. Sigfússon segir ríkið ekkert hafa tapað á því að hafa breytt kröfu á hendur Sögu fjárfestingabanka og VBS fjárfestingarbanka í lán. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta var tilraun og hefði engu breytt. Það var verið að reyna að tryggja hagsmuni ríkisins og þessar kröfur eins og hægt var,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að ólíklegt þyki að Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ), sem á tæplega fimmtíu milljarða króna kröfu á hendur Sögu fjárfestingarbanka og VBS fjárfestingarbanka fái hana að fullu greidda. Eftir því sem næst verður komist gæti ESÍ í besta falli fengið tíu prósent af kröfunni til baka, um fimm milljarða af um fimmtíu.

Krafan er tilkomin eftir svokölluð ástarbréfaviðskipti fyrirtækjanna sem fólst í að þau öfluðu gömlu stóru bönkunum lausafjár úr Seðlabankanum með endurhverfum viðskiptum. Þegar bankarnir fóru í þrot stóðu Saga og VBS uppi með kröfur Seðlabankans. Kröfum þessum var breytt í lán til fyrirtækjanna. Ekki var um nýjar lánveitingar að ræða.

VBS fór í þrot ári eftir að kröfunni var breytt í lán og náði fyrirtækið aldrei að greiða fyrstu afborgun þess. Ólíklegt þykir að mikið skili sér af skuldinni til ESÍ. Líklegt þykir hins vegar að eignarhaldsfélag Sögu fjárfestingarbanka sem á að standa straum af afborgunum geti greitt allt að fjórðung af tæplega tuttugu milljarða láni. - jab



# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚTILJÓSAÚRVAL

VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK




**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þróunarsamvinna ber ávöxt.

## Lítið framlag getur skipt sköpum

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Þróunarsamvinna ber ávöxt er yfirskrift átaks sem stendur þessa viku á vegum frjálsra félagasamtaka sem starfa að alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Átakið er unnið í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og er markmið þess að auka skilning og þekkingu almennings á málefnum þróunarlanda og um leið efla vitund um samfélagslegar og siðferðilegar skyldur þjóðarinnar í baráttunni gegn fátækt í heiminum.

Félagasamtökin sem standa að átakinu með Þróunarsamvinnustofnun eru Rauði kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Barnaheill, UNICEF, UN Women, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS barnaþorp og ABC barnahjálp. Öll þessi samtök og ýmis fleiri hafa opnað Íslendingum margvíslegar leiðir til að láta gott af sér leiða í fjarlægu landi. Möguleikarnir eru margir, allt frá því að taka þátt í átakssöfnun eins og þeirri sem efnt var til vegna þurrkanna í Austur-Afríku til þess að styðja menntun og heilsu barns með því að greiða fast framlag mánaðarlega, barns sem gefandinn getur síðan fylgst með komast til manns.

Skilaboð átaks vikunnar um raunverulegan árangur þróunarsamvinnu eru afar mikilvæg. Mörgum kann nefnilega að virðast það vera óverulegt sem ein manneskja norður á Íslandi getur gert fyrir fátæktina og hungursneyðina í heiminum. Þess vegna er svo nauðsynlegt að sýna með dæmum þann árangur sem hægt er að ná, ekki síst hér á landi þar sem sú óvenjulega staða er uppi að framlag einstaklinga í gegnum félagasamtök eru nánast á pari við framlag hins opinbera til þróunaraðstoðar.

Aðstandendur átaksins hafa í stuttum greinum hér í Fréttablaðinu lýst margvíslegum árangri þróunarsamvinnu: Á tíu árum hefur tilvikum HIV-smits fækkað um fjórðung og dauðsföllum vegna sjúkdómsins um fimmtung; vatnsbrunnur í þorpi eykur möguleika stúlkna á skólagöngu vegna þess að þá þurfa þær ekki að verja drjúgum hluta dags í að bera vatn langar leiðir, en oft er talað um að aukin menntun kvenna sé lykill að framþróun í löndum þar sem háð er dagleg glíma við fátækt og hungur; 40 milljón fleiri börn sækja nú skóla í þróunarríkjum en fyrir átta árum og meira en 100 þúsund fyrrverandi styrktarbörn starfa um allan heim við margvísleg störf sem þau hafa menntað sig til.

Þetta eru fáein dæmi tekin upp úr greinum aðstandenda átaksins nú í vikunni. Bak við þessar tölur eru óteljandi litlar gleðisögur um líf lítilla barna sem snúið hefur verið til betri vegar með samstilltu átaki alls konar fólks um allan heim.

Íslendingar geta verið stoltir af þátttöku almennings í þróunarsamvinnu. Lengst af hefur þessi stórhugur almennings ekki endurspeglast í framlögum ríkisins til þróunaraðstoðar. Nú liggur hins vegar fyrir metnaðarfull áætlun um þátttöku Íslands í þróunarsamvinnu og er þess að vænta að brautargengi hennar verði tryggt í fjárlögum næstu ára.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lítil trú á neytendum

Gripið var til kunnuglegrar rökfimi á þingi í gær, um landbúnaðarkerfið. Ef breytingar yrðu á kerfinu byggi Ísland ekki lengur við fæðuöryggi og innlend matvælaframleiðsla legðist af. Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði að því hvort menn vildu virkilega afnema tolla á landbúnaðarvörum. Við það myndu ótal störf tapast. Þetta sjónarmið lýsir trauðla mikilli trú á íslenskum landbúnaðarvörum, eða íslenskum neytendum. Kaupa menn ekki áfram það sem gott er?



### En atvinnulausir leikarar?

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, henti þetta á lofti og spurði hvort þessar röksemdir giltu ekki líka fyrir aðrar atvinnugreinar, eða væru þetta sérrök fyrir landbúnaðinn. Ætti menntamálaráðherra til dæmis að krefjast talsetningar allra kvikmynda sem hér eru sýndar, vegna atvinnuleysis í leikarastéttinni? Þorgerði var ekki svarað.



### Sinnaskiptin

Í umræðum um gjaldeyrishöft í gær benti Magnús Orri Schram á þá staðreynd að fyrir kosningar 2009 hefði kveðið við annan tón hjá Sjálfstæðisflokknum. Flokkurinn sendi frá sér fréttatilkynningu í apríl það ár. Í henni kom fram að Sjálfstæðisflokkurinn vildi að stjórnvöld leituðu eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og því lyki með upptöku evru á Íslandi, með aðstoð sjóðsins. Nú kveður við annað hljóð hjá Sjálfstæðisflokknum, samstarfið við AGS er gagnrýnt og hugmyndum um evru hent út í hafsauga.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skynsemin

ESB-aðild

Guðmundur Steingrímsson

óháður þingmaður



Hópur sem kennir sig við skynsemi birtir nú áskoranir um að draga umsókn að Evrópusambandinu til baka. Fróðlegt væri að heyra hvaða framtíðarsýn hópurinn hefur fyrir íslenskt samfélag að öðru leyti.

Umsóknin um aðild að Evrópusambandinu er ekki gæluverkefni. Tuttugu og sjö ríki Evrópu hafa komist að þeirri niðurstöðu að hagsmunum þegna þeirra sé best borgið innan ESB, í samvinnu sjálfstæðra þjóða. Nú erum við Íslendingar að kanna – eftir miklar þjóðfélagslegar hremmingar – hvort hugsanlega eigi það sama við um okkur.

Spurningarnar eru margar: Getur verið að aðild efli íslenskar byggðir? Getur verið að samgöngur batni? Getur verið að vextir af lánum lækki? Er hugsanlegt að grundvöllur efnahagslífsins verði stöðugri? Verður auðveldara að reka fyrirtæki? Getur verið að bændur muni hafa það betra, eins og reynslan sýnir víða? Getur verið að fagmennska í stjórnsýslunni aukist? Getur verið að meiri agi komist á ríkisfjármálin? Eykst framleiðsla og útflutningur? Eykst fjölbreytni í atvinnulífinu? Batna lífskjör?

Til þess að fá einhver svör við þessu þarf að klára samningaviðræður. Það þarf líka að klára þær þannig að við séum sátt við okkar vinnu og verðum sannfærð um að betri samningi verði ekki náð. Síðan þarf þjóðin að taka afstöðu.

Nú er von að spurt sé: Getum við þetta? Fjölmargir reyna nú að leggja stein í götu viðræðnanna, af einhverjum ástæðum. Kannski er það óþol forræðishyggjunnar sem ræður för, kannski varðstaða um sérhagsmuni, kannski þjóðernishyggja, kannski ótti. Að mínu mati yrði það í öllu falli mikill ósigur fyrir íslenskt samfélag að geta ekki klárað þetta ferli með sóma, fordómalaust og án hræðslu.

Eigendur hinna austurþýsku Trabantbifreiða mynduðu eitt sinn félagsskap. Hann var líka kenndur við skynsemi. Framtíðarsýn þess hóps var líka óljós, enda öðrum þræði grín. Fólk átti að keyra um á Trabant og ekki orð um það meir. Hinn nýi skynsemishópur virðist vera stofnaður á svipuðum grunni. Hér blasa við sömu tengsl skynsemi og ráðstjórnarríkja: Nú á að hafa vit fyrir fólki. Ekki skal kjósa um samning, ekki ræða við hinar þjóðirnar, ekki lesa, ekki skoða, ekki vega og meta. Og hver er svo framtíðarsýnin? Jú, hún er kannski þessi: Bara halda áfram að keyra um á Trabant og ekki orð um það meir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Svona eiga sýslumenn að vera

**Í DAG**

**Þorvaldur Gylfason**
Prófessor



Þegar Lúðvík Emil Kaaber héraðsdómslögmaður tekur til máls um lög og rétt, finnst mér vert að hlusta.

Gefum honum orðið: „Ég hef orðað megineinkenni íslenskrar fiskveiðistjórnar þannig, að afmörkuðum hópi hafi, í kjölfar samninga milli stjórnmálamanna og útgerðarmanna, verið veittur „einkaréttur“ til fiskveiða og „réttur“ til að selja eða leigja öðrum landsmönnum hlutdeild í þeim „rétti“ (gæsalöppunum er ætlað að undirstrika, að ekki getur verið um „rétt“ að ræða, því að útvegun forréttinda af þessu tagi er bönnuð bæði í íslenskum og alþjóðlegum mannréttindalögum). Auðvitað eru aðrir menn ekki bundnir af slíku (þ.e. lagalega séð, en það er annað mál, og lögum og lögfræði óviðkomandi, hverju hægt er að halda uppi með ólöglegri kúgun – það er ekki mitt fag). Þetta einfalda atriði er eitt þeirra, sem sýna, hvernig upphafi kvótakerfisins var háttað. Og það er einnig skjalfest í Alþingistíðindum, í merkri ritgerð eftir Halldór Jónsson í Samfélagstíðindum, tímariti félagsfræðinema við Háskóla Íslands 1990, og víðar.“

Lúðvík heldur áfram: „Að minni hyggju skiptir ofangreint atriði, og ofangreint atriði eitt, höfuðmáli. Það er ekkert ólöglegt við framseljanlegar aflaheimildir í einkaeign, ef þær eru heiðarlega fengnar, án þess að stofnað sé til forréttinda. Það er hins vegar hagsmunamál kerfisins, að umræða takmarkist t.d. við það, hvort framseljanlegar aflaheimildir í einkaeign séu löglegar eða ólöglegar, svo lengi sem ekki er minnst á, hvernig þær eru til komnar. Og þess vegna, og einskis annars vegna, hafa íslenskir stjórnmálamenn og opinberir hagsmunaaðilar (þ.e. allir aðrir en almenningur, sem mætir afgangi, af því að hann er ekki í neinum sérhagsmunasamtökum) alltaf leitt þetta höfuðatriði hjá sér og látið eins og það sé ekki til. Það er aldrei rætt.

Það, að þetta skuli aldrei vera rætt, er til marks um, að þeir stjórnmálamenn, sem nú ráða, treysta sér ekki til þess frekar en aðrir, þó að þeir hafi hátíðlega lofað að „fyrna“ þýfið. Þeir vilja heldur halda frið við þá, sem þetta gerðu. Öll umræða fer fram á þeirri röngu grundvallarforsendu, að íslensk lög heimili ofangreinda ráðstöfun. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að afar hæpið sé að berjast gegn henni í von um árangur nema tala hreint út. LÍÚ mun segja það ganga uppreisn næst að gera svo. En uppreisnin – hún var fólgin í því að víkja stjórnskipunarlögum og alþjóðlegum mannréttindalögum til hliðar til að halda frið við Davíð og Halldór. Slík gerð heimtar, að þeir borgarar, sem annt er um lög og rétt, hafi kjark til að segja það upphátt, sem satt er. Nú hlustum við daglega á útvarpsauglýsingar aðnjótenda kerfisins, þar sem skorað er á alþingismenn og landsmenn að íhuga „af sanngirni“ hugsanlegar afleiðingar þess að hrófla við því. Enginn auglýsir, að huga beri að grundvallarlögum og heilbrigði landsstjórn, virða rétt lög og leitast við að koma á alvöru friði, þó að það kosti að segja sannleikann. Enginn auglýsir, að það hafa aldrei verið rök fyrir að hætta við að koma lögum yfir þjóf, að hann hafi komist undan með þýfið, veðsett það eða náð að koma því í verð (og í þessu tilfelli fer því víðs fjarri, að svo sé, þrátt fyrir allan áróður um annað, kennitöluflakk o. s. frv.). Enda eru engin hagsmunasamtök eða peningar þeim megin. Enginn ræðir eða spyr um tengsl kerfisins við það, sem gerðist jafnhliða og síðar [þ.e. hrunið, innskot mitt, ÞG]. Allt þetta er með þegjandi samkomulagi látið sagnfræðingum eftir.“ Samkomulagi hverra? – spyr ég. Ekki höfum við öll þagað.

Lúðvík segir: „Stjórnmálamenn hafa hingað til yfirleitt ekki talið grundvallarreglur líklegar til að standa þeim fyrir þrifum. Úr því að þetta hafði verið gert, sennilega í fljótræði, var ekki um annað að ræða en að standa við það og halda áfram. Þeir hefðu átt að tala við lögfræðing fyrst um samræmið við þá stjórnarskrá, sem þeir vinna eið að; það kynni að hafa forðað dómurum í Hæstarétti frá því verki, sem þeir síðar töldu sig knúna til að vinna. Síðan var tækifærið notað til að komast undan með þýfið, í gegnum veðsetningar á aflaheimildum, sem þó kemur skýrlega fram í lögum, að eigi ekki að vera „eign“ (og hvernig geta þá endurskoðendur fært kvótann til eignar á efnahagsreikningi? – mér er spurn). Hæstiréttur treysti sér ekki til að dæma þetta ólöglegt, þegar á reyndi. Þannig braut hann brýr að baki sér, og á því aðeins tvo kosti, annaðhvort að sitja við sinn keip eða játa því að vera handlangari stjórnmálamanna, þegar á reynir. Það munu dómararnir ekki hafa kjark til að gera. Því þurfa háskólamenn að koma til hjálpar, finna upp rök fyrir þessu eftir á, halda uppi ýmiss konar ruglingi til að leiða athygli frá kjarna málsins og ala upp nýja kynslóð lögfræðinga með ranghugmyndir. Umræðunni er stýrt, og rætt skal um aukaatriði. Það hefur alltaf verið aðferð ríkisins, og þrátt fyrir stjórnarskipti er ekki annað að sjá en að svo sé enn. Aðalatriði málsins – ólögleg mismunun – kom aldrei til tals af hálfu ríkisins í máli Arnar Snævars Sveinssonar og Erlings Sveins Haraldssonar fyrir mannréttindanefnd SÞ. Og svo er enn. Það eina, sem máli skiptir, má ekki minnast á, heldur skal látið eins og ekkert sé. Aðferðin er að láta árin líða og fela sagnfræðingum einum að fjalla um málið, þegar allt er um garð gengið. Fjölmiðlamenn hjálpa til, enda leita þeir mjög til talsmanna sérhagsmunasamtaka, stjórnmálamanna og auðsveipra erindreka hinnar nýju íslensku lögfræði. Einn þeirra sagði nýlega, að því miður væri ekki gerlegt að „samræma reglur um nýtingu auðlindar af þessu tagi félagslegu réttlæti“.“

Lúðvík botnar ræðu sína svo: „Mér og minni kynslóð lögfræðinga var kennt, að lögfræði væri „ars equi et boni“, list jafnaðar og góðsemi. Lög eru einnig friðarins list, aðferð siðmenntaðra samfélaga til sátta og þá um leið til farsældar. Það er beinlínis hlutverk lögfræðinga að finna, setja og móta reglur, sem uppfylla þessar kröfur. Ég hef aldrei heyrt lögfræðing játa svo ömurlega uppgjöf sína fyrir hinu sanna hlutverki og tilgangi laga og réttar. Skýringin er nærtæk. Sem pólitískur erindreki á hann ekki þess kost að segja neitt annað. Ísland er ekki sjálfstætt ríki í þeim skilningi, að stofnanir okkar séu þess megnugar að koma í veg fyrir lögleysur, ef öflug sérhagsmunasamtök með stjórnmálamenn í þjónustu sinni vilja brjóta lögin. Alla vega hefur það ekki tekist enn.“ Ég segi eins og Lúðvík: Við þurfum nýja stjórnarskrá. Og við þurfum að fara eftir henni.

OUTLET
OUTLET
OUTLET

Nýjar vörur

OUTLET Fataskápar
OUTLET Borðplötur, límtré
OUTLET Innréttingar fyrir eldhús og þvottahús

Mikill afsláttur

Úrval af vörum í OUTLET hluta verslunar okkar BYKO Kauptúni Garðabæ

Nokkur dæmi um vöruflokka í BYKO OUTLET:

OUTLET Garðhúsgögn
OUTLET Sláttuvélar
OUTLET Gasgrill
OUTLET Búsáhöld
OUTLET Plastparkett
OUTLET Flísar
OUTLET Baðinnréttingar
OUTLET Baðvaskar
OUTLET Ljós og lampar
OUTLET Gardínur
OUTLET Handklæði
OUTLET Gardínustangir
OUTLET Sængurföt
OUTLET Markísur
OUTLET Vinnufatnaður
OUTLET Baðsloppar

Sími: 515-9500

Opnunartímar í Kauptúni Garðabæ:
Verslun, timbursala, lagnadeild og OUTLET

Mán.-Fös.: 08:00 - 18:00
Laugardaga: 10:00 - 17:00
Sunnudaga: 11:00 - 17:00

BYKO

# Landsbankaleiðin var skynsamleg leið

Icesave



Svavar Gestsson
fv. ráðherra og sendiherra

Nú þegar fyrir liggur að Landsbankinn á væntanlega fyrir kröfunum vegna Icesave-málsins er mikilvægt að hafa það í huga hvernig það kom til að eignir Landsbankans eru teknar upp í Icesave.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar hafði gert samning við Hollendinga um að Icesave-kröfurnar yrðu greiddar beint af ríkissjóði á 10 árum með 6,7 % vöxtum. Þessi samningur var gerður án þess að Bretar hefðu fallist á að taka Ísland af lista yfir hryðjuverkasamtök. Ríkisstjórnin reyndi jafnframt að fá Breta til að taka eignir Landsbankans upp í Icesave-kröfurnar. Því höfnuðu Bretar.

Þannig stóðu mál þegar ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna tók við í ársbyrjun 2009. Hún gerði samning sem byggðist á þessu:

a. Að Bretar tækju Ísland tafarlaust af hryðjuverkalistanum.
b. Að kröfurnar yrðu endurgreiddar með eignum Landsbankans.
c. Að Tryggingasjóður innistæðueigenda og fjárfesta stæði ábyrgur gagnvart Bretum og Hollendingum.
d. Að upphæðirnar yrðu greiddar á 15 árum, og að ekkert yrði greitt nema vextirnir á 7 ára tímabili og að íslenska hagkerfinu yrði þannig komið í skjól.
e. Að vextir yrðu 5,5 % eða mikið lægri en skuldatryggingarálagið á Ísland á þeim tíma gerði ráð fyrir.

Þessum samningi var svo eins og alltaf var gert ráð fyrir breytt nokkuð í meðförum Alþingis, það er umgjörð samningsins breyttist, en Alþingi samþykkti hann í lok ársins 2009. Nýr samningur var svo gerður. Þeim samningi var hafnað eins og fyrri samningnum. Þegar þessir samningar eru bornir saman kemur í ljós að þeir eru svipaðir að núvirði. Í öðrum var gert ráð fyrir að borga ekkert fyrr en eftir sjö ár nema það sem kæmi út úr þrotabúi Landsbankans og að vextir væru 5,7 %. Í hinum átti að byrja að borga strax en með lægri vöxtum. Jafnframt áttu Bretar og Hollendingar að fá aukinn hlut í aukinni endurheimtu úr búi Landsbankans ef endurheimtur yrðu umfram 86%. Það er Þórólfur Matthíasson prófessor sem hefur metið báða samningana svipaða að núvirði.

En þjóðin hafnaði báðum samningunum og þar stöndum við. Reyndar hafnaði meirihluti þjóðarinnar því að borga – en samt verður borgað. En það ánægjulega er að eignir Landsbankans eru að skila sér og það sýnir að sú ákvörðun að tengja saman þrotabú Landsbankans og samningsniðurstöðuna var skynsamleg leið.

Forseti Íslands reynir nú sem jafnan fyrr að þakka sér allt sem vel er gert hér á landi. Það kemur ekki á óvart; hann þakkaði sér fyrir útrásina fram að hruni. En það verða menn samt – einnig hann – að hafa í huga að Icesave málinu er því miður ekki alveg lokið. Sá dráttur sem hann stuðlaði að hefur skaðað þjóðina. Ríkisstjórnin hefur unnið að því að lágmarka skaðann. Vonandi verður hann ekki meiri en bjartsýnustu menn spá. En við verðum enn að búa okkur undir það besta og það versta líka eins og Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður hefur bent á.

En hvað sem því líður: Landsbankaleiðin sem var knúin fram með samningunum vorið 2009 var skynsamleg.

Forsetinn mætti gjarnan velta því fyrir sér hvort það er skynsamlegt að velja jafnan stríð fremur en sátt þegar ófriðarblikur eru á lofti með þjóðinni.




Besta ráðstefnan er á morgun!!!
//09.09.2011

Einn heimur, einn leikur: EVE Online + Dust 514

Vinnuferlar, gildi og starfsandi hjá Facebook

Verslun & viðskipti • Öruggar greiðslur á ferðinni • Vefverslun 101 • Rafrænir vinnustaðir • Microsoft Dynamics NAV • Microsoft ERP • Microsoft Dynamics AX Retail • LS Retail og CRM • Webmethods • Samskiptalausnir • Stjórnun viðskiptatengsla • Aðgengi að þekkingu, upplýsingum og skjölum • Tíma-og árangursstjórnun með Microsoft Office • SharePoint • Lync • Farsímavefir • Vefþjónustulag • Apps fyrir snjallsíma • Stjórnendalína • Mótun tæknistefnu • EMC • SAP Business Objects • Targit og CALM • Oracle GRC • Alcoa og viðskiptagreind • Mannauðsvöruhús LSH • Gögn og grafík • Bland í poka • Góðkunningjar lögreglunnar • Viðhorf starfsfólks til vinnuveitenda • Decision Theory • Kafbáturinn Freyja • Skrifstofan í skýinu • Office 365 • Öruggar töflur • iPad- og Android þróun • Upplýsingaleki • Hönnun • Opinn hugbúnaður • Rafræn stjórnsýsla • Rafrænar undirritanir skjala • Sparað með Ísland.is • Markvisst ráðningarferli • Umsókna- og ráðningakerfi • Rafrænir innkaupasamningar • Rafrænar kosningar • Samvirkni í þjónustu • Rafrænt viðskiptaumhverfi LSH • Afstemming í ORRA • Oracle verkefnastjórnun og verkbókhald • Rekstur & öryggi • Microsoft System Center • Websense • Örugg auðkenning • Útvistun • Gagnageymslur • Tölvuský • VMware Cloud Infrastructure • Örugg skjöl • Dulritun skjala • Með höfuðið í skýjunum

Skráðu þig strrrax á skyrr.is

<Haustráðstefna>
SKÝRR
Velkomin

Föstudaginn 9. september 2011 á Hótel Hilton


# Tveir ávextir

Þróunarsamvinna ber ávöxt



Guðrún Margrét Pálsdóttir
ABC Barnahjálp



Ragnar Schram
SOS Barnaþorpin

Þegar árangur þróunarsamvinnu og hjálparstarfs er metinn er eðlilegt að rýnt sé í tölur. Þær segja okkur m.a. að börnum sem sækja skóla í þróunarríkjum hefur fjölgað um 40 milljónir á átta árum. Á bak við slíkar tölur eru þó einstaklingar sem eiga sínar fjölskyldur og heyja sína lífsbaráttu í gleði og sorg, líkt og við öll. Tveir slíkir einstaklingar og „ávextir“ þróunarsamvinnu eru okkur ofarlega í huga.

Sá fyrri heitir Omsula og er 18 ára drengur frá Kenýa. Móðir hans dó af barnsförum þegar hann var 5 ára gamall og nokkrum árum síðar lést faðir hans. Omsula fór þá með eldri bróður sínum til Nairobí. Bróðir hans fékk vinnu en þénaði aðeins 3 dollara á viku. Það dugði ekki fyrir mat, skólagjöldum og húsaleigu og varð fátæktin til þess að Omsula flutti alveg á götuna þegar hann var 12 ára. Hann sameinaðist gengi götustráka og leitaði í vímuefni til að afbera þjáningarnar. Eftir ár á götunni frétti hann af heimili ABC barnahjálpar og komst þangað. Hann er nú í góðum framhaldsskóla og dreymir um að verða dómari. Hann er afar þakklátur Þórunni, starfsfólki ABC í Kenýa og stuðningsaðila sínum á Íslandi fyrir að gefa sér tækifæri.

Hinn „ávöxturinn“ heitir Refilwe Motlhanka og er frá Botsvana. Heimsæki maður Disney World í Flórída á maður líklega ekki von á því að starfsmaðurinn sem tekur á móti manni sé uppvaxið munaðarlaust barn frá Afríku sem á þróunarsamvinnu allt að þakka. Refilwe og fjögur systkini hennar lentu ung á götunni en fengu svo móður og heimili í SOS barnaþorpi. Með hjálp styrktarforeldra gekk hún menntaveginn og bauðst síðan að fara til Flórída og vinna þar sem starfsnemi. Í dag starfar hún hjá Stanbic bankanum í Botsvana og lifir góðu lífi.

Yfir hundrað þúsund fyrrverandi styrktarbörn starfa nú sem kennarar, flugstjórar, kokkar, endurskoðendur, þingmenn, félagsráðgjafar o.fl. um allan heim.

Þróunarsamvinna ber ávöxt.

# Ekkert gert við atgervisflótta

Samfélagsmál



Ásmundur Einar Daðason
þingmaður Framsóknarflokksins

Daglega heyrast fréttir af því að Íslendingar ákveði að flytja utan í leit að atvinnu og betri lífskjörum. Opinber gögn sýna að á árunum 2009-2010 var fjöldi brottfluttra einstaklinga umfram aðfluttra 7.000 manns. Við erum því að upplifa mestu brottflutninga sem orðið hafa síðastliðin 120 ár eða frá því 15.000 Íslendingar fluttu til Vesturheims í lok 19. aldar.

Beinn kostnaður við þessa neikvæðu þróun er gríðarlegur. Þarna er um að ræða mikið af fólki sem hefur verið byggt upp á kostnað samfélagsins og er að byrja að skila tekjum til samneyslunnar og halda uppi hagvexti.

### Flóttinn kostar samfélagið milljarða

Í skýrslu sem OECD gaf út á síðasta ári kemur fram að íslenskt samfélag eyðir að meðaltali einni milljón í hvern nemanda á hverju námsári. Samkvæmt þessari skýrslu kostar hver grunnskólagenginn námsmaður um 15 milljónir og háskólamenntaður einstaklingur kostar um 23 milljónir króna. Þrátt fyrir þennan kostnað þá sýna allar rannsóknir að fjárfesting í menntun þjóðarinnar skilar sér margfalt til baka í auknum skatttekjum.

Sé fjöldi brottfluttra settur í samhengi við beinan menntunarkostnað, kostnað við heilbrigðisþjónustu o.fl. þá má sjá að tap samfélagsins hleypur á tugum ef ekki hundruðum milljarða króna. Þá er ekki horft til þess að viðkomandi hefði, að loknu námi, skapað aukin umsvif í íslensku hagkerfi, borgað skatta og drifið áfram hagvöxt. Það er einnig áhyggjuefni að svo virðist vera sem meira af fjölskyldufólki sé nú að flytja af landi brott.

Ekki er óalgengt að annar hvor makinn fari í fyrstu utan og í framhaldinu fylgi fjölskyldan á eftir. Þeim mun lengur sem þetta ástand varir aukast líkurnar á að fjölskyldurnar flytji einnig og að fólk setjist varanlega að erlendis.

### Stefna ríkisstjórnarinnar dýpkar kreppuna!

Fyrir ári síðan ræddi forsætisráðherra um þennan vanda í umræðum á Alþingi. Þá sagði hún reyndar að full ástæða væri til að hafa áhyggjur af þróun mála. Forsætisráðherra sagði einnig að ríkisstjórnin hefði nýverið kynnt áætlun um aukna atvinnuuppbyggingu sem unnið væri eftir og að hún væri sannfærð um að það tækist að snúa þessari þróun við. Frá því þessi ummæli féllu eru liðnir 18 mánuðir. Þvert á spár forsætisráðherra þá heldur fólksflóttinn áfram og lausn ríkisstjórnarinnar virðist felast í því að biðla til stjórnvalda í Noregi að bjóða Íslendingum ekki vinnu samkvæmt norskum launakjörum.

Staðreyndin er sú að ríkisstjórninni hefur gengið mjög illa að auka samkeppnishæfni landsins eftir bankahrunið og í dag erum við á svipuðum slóðum og Eistland, Pólland og Kasakstan. Atvinnuleysið er í hæstu hæðum og væri raunar enn hærra ef ekki væri fyrir þennan gríðarlega brottflutning. Fjárfesting í landinu er mjög lítil og fréttum af ungu fólki sem hyggst flytja af landi brott fjölgar. Atgervisflóttinn er að verða bláköld staðreynd. Tækni- og iðnaðarmenn flytjast af landi brott, aðeins þriðjungur læknanema er tilbúinn að koma aftur heim að loknu námi o.s.frv.

Hið jákvæða er þó að sóknarfæri okkar liggja mjög víða. Eftir hrun áttum við Íslendingar mikil tækifæri að vinna okkur hratt upp úr efnahagslægðinni og koma þannig í veg fyrir þessa þróun. Nú má ekki meiri tími glatast og við þessar aðstæður er mikilvægt að ríkisstjórnin sýni forystu í verki. Það þarf að finna raunhæfa lausn á skuldavanda heimilanna, efla innlenda framleiðslu á öllum sviðum, auka hagvöxt og draga úr atvinnuleysi. Ég er þess fullviss að hægt er að ná sátt bæði á Alþingi og meðal þjóðarinnar um að skapa umgjörð fyrir þessar áherslur. Reynslan sýnir því miður að það getur ekki orðið undir forystu núverandi ríkisstjórnar.

HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# „Upplifðu Hyundai!“

## Gríptu tækifærið og fáðu rúmlega 730 lítra af bensíni með í kaupunum.*




Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!

NÝR OG GLÆSILEGUR HYUNDAI

**i20**

Verð frá: **2.590.000 kr.**

Eyðsla í blönduðum akstri 5,4 l / 100 km

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**




**INNEIGN 170.000 kr.**

Við bjóðum nokkra Hyundai i20 með 170 þúsund króna inneign fyrir bensíni með N1 kortinu.

*Miðast við 170.000 kr. inneign á N1 korti og verð á bensíni hjá N1 30. sept. 2011.



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM47911

# Sauðfjárbúskapur: 7 milljarða árlegt tap?

Landbúnaður
Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor



Umræða undangenginna vikna um afkomu sauðfjárbænda og réttlætingu fyrir styrkjum til þeirra vekur upp spurningar um framlag greinarinnar til þjóðarbúsins. Ekki er auðvelt að finna öruggar tölur þar um. Byggja má á búreikningum Hagþjónustu landbúnaðarins. Á heimasíðu Hagþjónustunnar má finna upplýsingar um afkomu meðalsauðfjárbús á árinu 2009. Tölurnar sem þar eru birtar er þó ekki hægt að nota eins og þær koma beint af skepnunni ef svo má segja.

Í fyrsta lagi er bændum í sjálfsvald sett hvort þeir senda Hagþjónustunni niðurstöður úr bókhaldi sínu. Almennt er talið að betur búandi bændur séu líklegri til að senda inn bókhaldsupplýsingar en lakar búandi. Í öðru lagi er talnameðferð Hagþjónustunnar talsvert frábrugðin talnameðferð þeirra sem gera upp þjóðhagsreikninga. Tilfærslum (beingreiðslum) er blandað inn í tekjutölur Hagþjónustunnar. Laun bónda eru reiknuð samkvæmt skattmati Ríkisskattstjóra. Reiknað endurgjald sauðfjárbónda var 102 þúsund krónur á mánuði á árinu 2009. Til samanburðar voru atvinnuleysisbætur um 150 þúsund krónur á mánuði á sama tíma og reiknað endurgjald stjórnanda traktorsgröfu var 240 þúsund krónur á sama tíma. Eðlilegast væri að reikna fórnarkostnað vegna vinnuframlags með hliðsjón af atvinnuleysisbótum og bæta launatengdum gjöldum við. Þannig reiknað er þjóðhagslegur kostnaður vegna vinnuframlags sauðfjárbænda tvöfalt hærri í raun en kemur fram í tölum Hagþjónustunnar. Í þriðja lagi er ekki lagt mat á hagræði það sem bændur hafa af að nýta úthaga sem beitarland. Gera má ráð fyrir að ríflega helmingur fæðuþarfar sauðfjárstofnsins sé leystur með beit utan heimalanda. Sé hliðsjón höfð af kostnaði við að afla fóðurs á heimalöndum eru ógjaldfærð útgjöld vegna þessa þáttar milli 1.600 og 1.700 þúsund krónur fyrir meðalsauðfjárbúið á ári. Reikningsdæmið lítur þá þannig út að meðalsauðfjárbú selur afurðir fyrir 3,7 milljónir króna á ári og fær tekjur af ferðaþjónustu og öðru tilfallandi sem svarar til tæplega 700 þúsund króna árlega. Aðföng (olía, rúlluplast, áburður, þjónusta dýralækna, viðhald tækja og véla) eru keypt fyrir 4,3 milljónir árlega. Vinnuframlag svarar til 13,2 mánaða vinnu sem Hagþjónustan metur á 1.221 þúsund krónur en ætti að réttu lagi að metast á 2,5 milljónir króna. Vaxtakostnaður er tæpar 1,9 milljónir króna og afskriftir tækja og húsa 1 milljón króna. Þjóðhagslegt tap á meðalbúinu er því um 7 milljónir króna eða langleiðina í 2 krónur á hverja krónu sem fæst fyrir sölu sauðfjárafurða. Tekjur bænda eru nokkuð skárri en þarna kemur fram þar sem þeir fá um 3,3 milljónir króna í beingreiðslur og framleiðslustyrki auk þess sem þeir telja sér líklega trú um að fórnarkostnaður vegna vinnuframlags sé aðeins um 1 milljón króna árlega en ekki 2,5 milljónir.

Meðalsauðfjárbúið er rekið í kringum 364,4 vetrarfóðraðar kindur. Heildarfjöldi vetrarfóðraðra kinda á landinu losar 360 þúsund. Meðalbúið er því um 1 prómill af heildinni. Það er því ekkert verri ágiskun en hver önnur að heildartap þjóðarbúsins vegna sauðfjárframleiðslunnar nemi um 7 milljörðum króna á ári. Sagt með öðrum orðum: Ef það tækist að breyta skipulagi sauðfjárframleiðslunnar þannig að búin væru ekki rekin með því gífurlega þjóðhagslega tapi sem þau eru rekin með myndi landsframleiðsla á Íslandi aukast um 7 milljarða króna á ársgrundvelli. Þetta jafngildir einum Héðinsfjarðargöngum á ári svo upphæðin sé sett í landsbyggðarsamhengi. Ríkisstjórnin áformar að leggja 40 til 50 milljarða króna í byggingu nýs spítala. Tilgangurinn er að ná fram 3ja milljarða árlegum sparnaði í rekstri Landspítalans. Kannski það sé hagkvæmara að líta til mögulegs sparnaðar í landbúnaðarkerfinu fyrst?

SPARISJÓÐURINN
Sparisjóður Norðfjarðar

## *Sparisjóður Norðfjarðar – söluferli*

Fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa hefur til sölumeðferðar, fyrir hönd stjórnar í umboði stofnfjáreigenda, allt stofnfé Sparisjóðs Norðfjarðar.

### *Um Sparisjóð Norðfjarðar*

Sparisjóður Norðfjarðar hefur verið starfræktur í yfir 90 ár. Hann hefur sterkar rætur og gegnir mikilvægu hlutverki í fjölbreyttu atvinnulífi Fjarðabyggðar og alls Austurlands. Í Fjarðabyggð er blómlegt atvinnulíf og hátt atvinnustig, þar eru öflug fyrirtæki sem hafa skapað sér sérstöðu í iðnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu.

Aðalafgreiðsla og skrifstofa Sparisjóðs Norðfjarðar er í Neskaupstað en auk þess er rekin afgreiðsla á Reyðarfirði. Starfsmenn sparisjóðsins eru nú tíu. Rekstur Sparisjóðs Norðfjarðar hefur alla tíð gengið vel að undanskildu fjárhagslegu tjóni sem sparisjóðurinn varð fyrir samhliða áföllum í íslensku bankakerfi haustið 2008.

Á árunum 2009-2010 var fjárhagur sparisjóðsins endurskipulagður með aðkomu ríkisins, Fjarðabyggðar, fyrirtækja og einstaklinga í Fjarðabyggð. Eftir endurskipulagninguna er stofnfé sparisjóðsins 625,8 m.kr. og stofnfjáreigendur eru 86. Bankasýsla ríkisins fer með hlut ríkissjóðs í sparisjóðnum og nemur hann 49,5 % af stofnfé sjóðsins. Heildareignir sparisjóðsins voru í lok árs 2010 um 5.223 m.kr. og eiginfjárhlutfall hans, skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, var 20,3%.

### *Söluferlið*

Frá og með fimmtudeginum 15. september nk. geta áhugasamir fjárfestar nálgast samantekt um Sparisjóð Norðfjarðar og önnur gögn vegna fyrirhugaðrar sölu hjá H.F. Verðbréfum. **Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum er til kl 12:00 þann 29. september n.k.** Tilboð skulu berast á sérstöku formi sem nálgast má hjá H.F. Verðbréfum.

Söluferlið er aðeins opið hæfum fjárfestum, sbr. 9. töluliða 43. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007. Auk þess þurfa fjárfestar að uppfylla tiltekin skilyrði sem gerð er grein fyrir í sölugögnum; þau lúta einkum að fjárhagslegum styrk og hæfi að öðru leyti til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Fjárfestum er frjálst að bjóða í allan eignarhlut seljanda og/eða hluta hans. Seljandi áskilur sér rétt til þess að breyta söluferlinu og/eða stöðva það án fyrirvara. Einnig áskilur seljandi sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

Fjárfestar sem vilja taka þátt í söluferlinu geta haft samband við fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa í síma 585 1700 eða sent tölvupóst á sparnor@hfv.is.

H.F. VERÐBRÉF

# Heimsmet í endurvinnslu loforða

Stjórnmál
Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður



Endurvinnsla er vinsælt orð í samtímanum. Yfirleitt lýtur það að ákalli um góða umgengni um umhverfið. En endurnýting loforða er hins vegar af öðrum toga og alls ekki óþekkt.

Nú höfum við Íslendingar eignast heimsmeistara á þessu sviði. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur nú unnið þann titil með miklum sóma og sann, með endurvinnslu á loforðagaspri um atvinnusköpun sem bíði okkar handan við hornið.

Grein hennar hér í Fréttablaðinu 7. september innsiglar þann titil með rækilegum og óumdeilanlegum hætti. Í greininni setur forsætisráðherra fram enn á ný loforðin um betri tíð og blóm í haga; með þúsundum starfa í þokkabót.

Og til þess að tryggja að hún slái hin fyrri met sín er gripið til margföldunartöflunnar í stað samlagningarinnar.

Í ræðu sinni við upphaf þings á dögunum lofaði forsætisráðherra nefnilega 7 þúsund störfum. Í Fréttablaðinu 7. september eru störfin orðin 14 þúsund með kurt og pí og kynnt þannig á forsíðu blaðsins. Tvisvar sinnum taflan í margfölduninni hefur gert sitt gagn.

Fyrir hálfu ári var forsætisráðherra á ferðinni og sagði okkur að 2.200 til 2.300 störf yrðu sköpuð fljótlega. Þetta var talsvert hógværara en í októberlok í fyrra þegar ráðherrann lofaði okkur 3 til 5 þúsund störfum á nýju ári og að hagvöxtur skyldi ná 3 – 5%.

Í mars árið 2009 mætti forsætisráðherra til Viðskiptaþings og sagði frá því að „nýjar tillögur í atvinnumálum ættu að skapa um 6 þúsund ársverk, þar af 2 þúsund störf í orkufrekum iðnaði“ og bætti svo við af hæversku sinni, „svo fátt eitt sé nefnt“ (!!)

> Endurvinnsla Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á loforðum um atvinnusköpun er hláleg. Þau hafa alltaf reynst

Og þessi loforð endurnýtti svo forsætisráðherrann á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins mánuði síðar.

Endurvinnsla Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á loforðum um atvinnusköpun er hláleg. Þau hafa alltaf reynst innihaldslaus, eins og tölur um atvinnuleysi sýna, tölur um fækkun starfa staðfesta og fólksflóttinn úr landi undirstrikar svo ekki verður um villst.

# Hvað gerir forsetinn næst?

Forsetaembættið
Eiður Guðnason
fv. sendiherra



Langreyndur stjórnmálamaður sagði, áður en Ólafur Ragnar Grímsson fór á Bessastaði: „Ólafur Ragnar fer alltaf alveg að strikinu. Svo fer hann yfir það.“ Nú hefur forseti Íslands farið yfir strikið. Langt yfir strikið. Hann hefur ekki aðeins fótumtroðið hefðbundna stjórnskipan íslenska lýðveldisins, heldur hefur hann ráðist á ríkisstjórn landsins og í leiðinni að grannþjóðum okkar, – líka þeim sem veittu okkur hjálparhönd á erfiðum tímum. Þar nefni ég sérstaklega Norðurlöndin, og þá einna helst Færeyjar og Pólland. Þessi ríki komu okkur til bjargar í efnahagskreppunni með því að leggja fram helming gjaldeyrislánsins sem var undirstaða efnahagsáætlunar okkar í samvinnu við AGS.

Eigum við Íslendingar að una því að forseti landsins haldi uppi eins konar leðjuslag í samskiptum okkar við erlend ríki? Ríkisstjórnin hefur þagað með einni undantekningu. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra svaraði forsetanum í fréttum Stöðvar tvö og gerði það vel.

Við eigum mikið undir góðum samskiptum við aðrar þjóðir. Við megum ekki láta einn mann eyðileggja það. Á erlendum vettvangi erum við því miður dæmd af því sem forsetinn segir við fjölmiðla erlenda eða innlenda hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Og hvort sem nokkur Íslendingur tekur mark á honum eður ei.

> Viljum við forseta sem ræðst með gífuryrðum á grannþjóðir okkar og þjóðir sem hafa rétt okkur hjálparhönd?

Ólafur Ragnar Grímsson, eins og fjármálaráðherra réttilega sagði á Alþingi, er búinn að krýna sjálfan sig sigurvegara í Icesave-málinu. Máli sem enn er ólokið. Þetta er auðvitað dæmalaust. Sennilega er hann nú að búa sig undir að smala hjörð sinni og undirbúa framboð fimmta kjörtímabilið. Hann þarf alltaf að vera að gera eitthvað sem enginn hefur gert áður.

Ólafur Ragnar Grímsson hefur í forsetatíð sinni tekið sér vald sem hann hefur ekki. Hvers vegna þegja ráðherrar (nema Össur) þunnu hljóði? Í stjórnarskrá lýðveldisins segir í 11. grein: „Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum“. Í 13. grein segir: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“ Velkist einhver í vafa um að forsetinn hefur farið freklega gegn því sem segir í stjórnarskrá lýðveldisins að ekki séu nú nefndar þær hefðir sem fyrirrennarar hans hafa skapað og þjóðarsátt hefur ríkt um allt frá stofnun lýðveldisins? Hvers vegna þegir forsætisráðherra? Oddviti ríkisstjórnarinnar sem forseti ræðst á.

Viljum við forseta sem segir þjóðinni ósatt eins og Ólafur Ragnar gerði um dæmalausar yfirlýsingar sínar í frægu hádegisverðarboði í danska sendiráðinu rétt eftir hrun?

Viljum við forseta sem ræðst opinberlega og opinskátt á sitjandi ríkisstjórn?

Viljum við forseta sem hvað eftir annað tekur völdin af Alþingi? Samkvæmt 1. grein stjórnarskrárinnar er Ísland lýðveldi með þingbundinni stjórn.

Viljum við forseta sem ræðst með gífuryrðum á grannþjóðir okkar og þjóðir sem hafa rétt okkur hjálparhönd?

Ekki ég.


















# ÞAKKIR AÐ LOKINNI LJÓSANÓTT

Ljósanótt, fjölskyldu- og menningarhátíð Reykjanesbæjar, var haldin í 12. sinn dagana 1. - 4. september s.l. Hátíðin var glæsileg og talið er að um 60 þúsund manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldunum.

Við viljum þakka ykkur íbúunum, styrktar- og samstarfsaðilunum og síðast en ekki síst gestunum kærlega fyrir ykkar þátt. Ykkar framlag er það sem gerir hátíðina svo einstaka.

**Sjáumst öll að ári !**

***Árni Sigfússon bæjarstjóri og Ljósanæturnefnd.***



Ljósanótt
– Reykjanesbær 2011

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**KARL JÓHANN SIGHVATSSON** tónlistarmaður (1950-1991) fæddist þennan dag.

*„Í lífi mínu hafa verið mörg orgel.“*

## Merkisatburðir

1891 Fyrsta hengibrú landsins, Ölfusárbrú, er vígð.

1921 Goðafoss kemur í fyrsta sinn til Reykjavíkur en annað skip með sama nafnið hafði strandað árið 1916.

1931 Lög um notkun bifreiða eru staðfest. Hámarkshraði í þéttbýli verður 25 kílómetrar á klukkustund en er annars staðar 45 kílómetrar.

1977 Þriðja hrina Kröfluelda hefst.

1979 Minnisvarði um Bjarna Pálsson, fyrsta landlækninn, er afhjúpaður við Nesstofu, meira en tvö hundruð árum eftir að hann lést.

HEIMILDARMYND EFTIR ÞORFINN GUÐNASON: FRUMSÝND Á DALVÍK Í KVÖLD

# Bakka-Baldri var fylgt eftir



**HEIMILDARMYND UM VINÁTTUNA OG MENNINGU SVARFAÐARDALS** Baldri Þórarinssyni frá Bakka í Svarfaðardal var fylgt eftir í heilt ár en heimildarmynd um hann, eftir Þorfinn Guðnason, er frumsýnd á Dalvík í kvöld.

Bakka-Baldur nefnist heimildarmynd eftir Þorfinn Guðnason sem frumsýnd verður í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík í kvöld. Myndin segir frá Baldri Þórarinssyni frá Bakka í Svarfaðardal og ferðalagi hans til Havaí þar sem hann hyggst hitta góðan og gamlan vin. Að sögn Bjarna Óskarssonar, annars framleiðanda myndarinnar og íbúanda á Völlum í Svarfaðardal, fjallar myndin um vináttuna en ekki síður einstakan menningarheim Svarfaðardals.

„Það er nú leyndarmálið sem kemur fram í lok myndarinnar, hver þessi vinur Bakka-Baldurs er,“ segir Bjarni, sem ásamt Gísla Gíslasyni framleiðir myndina, en framleiðslufyrirtæki þeirra kallast Villingur Production. Myndin hefur verið sýnd einu sinni áður, á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg, og var þar valin önnur besta myndin af áhorfendum hátíðarinnar.

Hugmyndin kviknaði þegar Baldur hóf störf hjá Bjarna sem staðarhaldari á Völlum. „Baldur sagði mér frá vini sínum, sem byggi úti á Havaí og hann hefði ekki séð lengi. Ég fékk þá hugmynd að það gæti verið gaman að láta af því verða að heimsækja vininn og hafði samband við ákveðinn aðila sem bjó svo um hnútana að það var gerlegt. Þá kviknaði í kjölfarið hugmyndin um að gera bíómynd um undirbúning ferðalagsins sem og ferðalagið sjálft,“ segir Bjarni og bætir við að sagan sé ekki síst öðruvísi í ljósi þess að Baldur hafi lítið ferðast og tali ekki ensku.

„Auk þess sem myndin fjallar um vináttuna er mikið tekið á menningunni og lífinu hér í Svarfaðardal sem er dálítið sér á parti. Af hverju er hún sérstök? Kannski er það vegna þess að menn hafa verið duglegir að halda í sínar hefðir. Hér eru spiluð spil sem enginn þekkir og dansar dansaðir sem þekkjast hvergi annars staðar. Þetta er einhver sérviska í bland við annað,“ segir Bjarni.

Baldri er fylgt eftir í heilt ár áður en hann fer út og með honum í för eru vinir hans, meðal annars jarðskjálftafræðingurinn Ragnar Stefánsson, oftast kallaður Ragnar skjálfti, og Ingibjörg Hjartardóttir kona hans. Kaflinn sem tekinn er upp úti á Havaí er líka áhugaverður að sögn Bjarna, enda þótt eyjurnar séu ólíkar séu þær báðar eldfjallaeyjur, hvor í sínu hafinu.

„Stefnan er að sýna myndina einnig fyrir sunnan og gefa út á dvd en við vildum frumsýna hana hér fyrir norðan. Það er ekki spurning að þetta verður góð kynning fyrir Svarfaðardal og Ísland yfir höfuð en Kvikmyndasjóður er byrjaður að kynna myndina erlendis,“ segir Bjarni. Bakka-Baldur verður einnig sýnd á föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld, klukkan 20, en hluti af ágóða miðasölunnar þessa helgi rennur til góðgerðarstarfsemi á Dalvík.

juliam@frettabladid.is

---



†

*Ástkær faðir okkar, sonur og bróðir,*

**Anton Ingimarsson**

verslunarstjóri,

sem lést á heimili sínu miðvikudaginn 31. ágúst, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju, laugardaginn 10. september kl. 14.

**Elva Rut Antonsdóttir**
**Ingimar Hrafn Antonsson**
**Ingimar Antonsson** **Gíslína Helgadóttir**
**Sigríður H. Ingimarsdóttir**
**Hjördís I. Ingimarsdóttir**
**Hafdís Elfa Ingimarsdóttir**
**Gylfi Ingimarsson**
**Ólöf Pálína Úlfarsdóttir**

---



†

*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð, hlýhug og styrk við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar*

**Elínar Jónsdóttur**

frá Nýjabæ á Seltjarnarnesi,
til heimilis að Lindarbraut 31,

sem andaðist 31. júlí sl.

**f.h. aðstandenda,**
**Almar Gestsson.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Gunnþór Ragnar Kristjánsson**

áður til heimilis í Skarðshlíð 29,

sem lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 4. september, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. september kl. 13.30.

**Jakobína Þórey Gunnþórsdóttir**
**Kristján Gunnþórsson** **Jónína S. Helgadóttir**
**Þóroddur Gunnþórsson** **Lilja Marinósdóttir**
**Sveinmar Gunnþórsson** **Kristín Pálsdóttir**
**Eyþór Gunnþórsson** **Soffía Valdemarsdóttir**
**Jóhanna Gunnþórsdóttir** **Brynjólfur Lárentsíusson**
**Ragnar Gunnþórsson**
**Haraldur Gunnþórsson** **Hallfríður Hauksdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús Baldvinsson**

múrarameistari, til heimilis að
Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð
í Garðabæ, áður Grænuhlíð 7,

lést í Holtsbúð sunnudaginn 4. september.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 13. september kl. 13.00.

**Arndís Magnúsdóttir** **Hafsteinn Filippusson**
**Benjamín Grendal Magnússon** **Guðbjörg Kristjánsdóttir**
**Sæunn Grendal Magnúsdóttir** **Grétar Sveinsson**
**Baldvin Grendal Magnússon**
**Sigrún Grendal Magnúsdóttir** **Guðmundur J. Guðlaugsson**
**Sigurður Grendal Magnússon** **Sigríður Björk Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,*

**Guðrún Jónsdóttir**

Sóltúni 13, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans fimmtudaginn 1. september. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. september kl. 13.

**Katrín Finnbogadóttir, Oddur Eiríksson**
**Guðrún Oddsdóttir, Þorvarður Friðbjörnsson**
**og systkini hinnar látnu.**

---



†

*Alúðar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Guðrúnar Sveinsdóttur**

Hásölum 13, Kópavogi.

**Kristinn Kristinsson**
**Kristinn Kristinsson** **Steinunn Lilja Sigurðardóttir**
**Sigríður Kristinsdóttir** **Bergur Þorgeirsson**
**Bergljót Kristinsdóttir** **Andrés I. Guðmundsson**
**Sveinn Kristinsson** **Ásta Rut Sigurðardóttir**
**Dagbjört Kristinsdóttir** **Matthías Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dagbjört Elsa Ágústsdóttir**

Dvalarheimilinu Sunnuhlíð,
áður Hæðargarði 29,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 29. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 9. september kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Sunnuhlíðar.

**Grétar E. Ingvason**
**Yngvi Rúnar Grétarsson** **Virginia Karen Grétarsson**
**Ágúst Már Grétarsson**
**Brynjólfur Grétarsson** **Elín S. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



**Málmáferð** skýtur upp kollinum í fötum og fylgihlutum í haust. Oftast er um gyllta, bronslitaða og silfraða tóna að ræða en áferðin sést líka í öllum regnbogans litum.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

NÝR SAUMLAUS - FRÁBÆR !



Misty -fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg RHIANNON - fæst í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 9.850,-

Eirberg

**Betra loft**
betri líðan

**Airfree lofthreinsitækið**

- Eyðir frjókornum og svifryki
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
- Er hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Hæð aðeins 27 cm



Opið virka daga kl. 9 -18 og á **laugardögum** kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



ÁTT ÞÚ ERFITT MEÐ AÐ FINNA ÞÉR BUXUR SEM PASSA VEL?

Erum með frábært úrval af klæðilegum buxum í stærðum 34-46.

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook

**Stefán Finnbogason meðlimur hljómsveitarinnar Sykurs spáir í komandi vetrartísku:**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## *Verður praktískur vetur*

Stefán Finnbogason, meðlimur hljómsveitarinnar Sykurs, hefur vakið athygli fyrir flottan fatastíl en hann hefur nýhafið störf í Spútnik. Hann segir karlmannstískuna í vetur í eilitlum „veiðimannastíl“.

„Vaxbornir jakkar í einföldum litum hafa verið að koma sterkir inn og fleiri „veiðilegir“ jakkar,“ segir Stefán og játar því að afturhvarf sé í tískunni. Tvídjakkar, flauelsbuxur, bindi úr þéttofnu efni og klæðnaður sem sást til að mynda á 8. áratugnum eigi vel upp á pallborðið hjá strákum í dag.

FRAMHALD | 4




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum
Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði
Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**Þurrsjampó** er upplagt fyrir fólk sem vill rjúfa vítahring þess að þurfa þvo sér um hárið á hverjum degi. Um er að ræða duft í úðaformi sem þurrkar upp umframolíu í hárinu. Því er úðað í rótina og hárið fær góða lykt og lyftingu.


FACTORY OUTLET

50% afsláttur af öllum vörum

Dagana 8.-11. sept.

Opið: mán.-lau. kl. 10-6 sun. kl. 1-5

Fákafeni 9


# Tíska í sýndarheimi

**Nicola Formichetti, listrænn stjórnandi Thierry Mugler, hefur unnið með tölvuleikjafyrirtækinu CCP að sýningu sem fram fer á tískuvikunni í New York sem hefst í dag.**

„Ég held að CCP sé fyrsti leikjaframleiðandi heims sem vinnur með þekktum fatahönnuði á borð við Formichetti sem þekktur er fyrir samstarf sitt með Lady Gaga,“ segir Eldar Ástþórsson hjá CCP á Íslandi sem gefur út þekkta tölvuleiki á borð við EVE Online og World of Darkness. Fyrirtækið hefur undanfarið unnið með Nicola Formichetti, listrænum stjórnanda Thierry Mugler, að sýningu sem opnuð verður í dag á BOFFO popup sýningu Formichetti. Sýningin er hluti af tískuvikunni í New York og stendur næstu tvær vikur. Samstarfið hefur vakið nokkra athygli og fjallað var um það í grein í New York Times á dögunum.



Hin tölvuteiknaða fyrirsæta Zombie boy sem kemur fram á sýningu Formichetti og CCP á tískuvikunni í New York.

„Við notumst við Carbon tækni CCP og umhverfi úr EVE Online tölvuleiknum til að bjóða hönnun Formichetti velkomna í nýjan stafræna heim,” segir Eldar.

Fyrirsætan á sýningunni er ansi sérstæð en búinn var til „avatar” eða tölvuteiknuð fígúra út frá fyrirsætunni Rick Genest sem Formichetti uppgötvaði og hefur notað í auglýsingaherferðir og á tískusýningum Mugler. Genest, sem einnig gengur undir nafninu Zombie boy, er þakinn húðflúri um allan líkamann sem breytir honum í nokkurs konar lifandi beinagrind. Í sýningunni mun hinn tölvugerði Zombie boy ganga stafræna tískupallinn í leðurjakka með belti í kross yfir líkamann sem Formichetti hannaði sérstaklega fyrir tilefnið.



Nicola Formichetti

Myndböndin verða sýnd á tveggja metra háum skjá. Sýningin verður gagnvirk þar sem áhorfendur geta breytt sjónarhorninu og hraðanum með iPad sem verður nálægt sviðinu. Þeir sem til þekkja segja myndböndin ótrúlega raunveruleg þó að andlitsdrættir fyrirsætunnar hafi vitanlega verið skerptir. Þá þykja fötin ótrúlega nákvæm.

Þó samstarfið við Formichetti sé einstætt er CCP ekki óvant því að vinna með hönnuðum. „Hönnun skipar veigamikinn sess í leikjaþróun CCP og fatahönnun er þar ekki undanskilin. Í EVE Online geta spilarar í leiknum til dæmis keypt föt sem gerð eru af hönnuðum CCP og fatahönnuðir á vegum fyrirtækisins taka virkan þátt í sköpun fatnaðar á persónur í World of Darkness.“

Eldar segir samstarfið við Formichetti hafa verið mjög skemmtilegt. „Þetta samstarf getur opnað á ýmsa möguleika þegar kemur að áframhaldandi hönnun og þróun hjá fyrirtækinu,“ segir Eldar og telur jafnvel líklegt að hugað verði að frekari landvinningum í tískuheiminum.

*solveig@frettabladid.is*


Nýju haustvörurnar streyma inn

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi



Flott föt fyrir flottar konur, belladonna Stærðir 40-60.

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460

www.belladonna.is



Nýtt frá Frakklandi



Kjólar
Skokkar
Buxur
Pils
Kápur

St. 36-48

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201



Haustvörurnar komnar

25% kynningarafsláttur af öllum vörum



Sendum frítt úr vefverslun

www.lindesign.is

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice

# Karlkonur í klæðaskápum vetrarins

Tími vetrartískunnar er að renna upp þrátt fyrir að hér í suðrinu sé dálítið erfitt að hugsa um kulda og vetur í sumri sem virðist endalaust. Í París byrjaði skólinn í vikunni hins vegar með rigningu svo þar voru klæðin ekki sumarleg. Þrátt fyrir hita fylla hins vegar erlendar konur, sem oft eru rússneskar, töskur sínar af loðfeldum til að nota heima í vetur. Þrátt fyrir gagnrýni dýraverndunarsinna njóta loðfeldir gríðarlegra vinsælda í vetur sem kannski er kreppumerki. Svo mikið er um loðfeldi að til mótmæla kom á tískusýningum þegar vetrartískan var kynnt fyrir nokkrum mánuðum. Blessunarlega eru þó sum tískuhús sem nota gerviloðfeldi eins og Chanel, Armani og Agnès B. því meðferðin á loðdýrunum er líklega með því ömurlegra sem maðurinn tekur sér fyrir hendur hvað dýrahald varðar, stundum lifandi hamflett eða ekki nema rétt tæplega dauð.

Á tískusýningum í mars þegar vetrartískan var kynnt var það mál manna að lítið væri um stórtíðindi í hönnun og víst er að óróleiki á verðbréfamörkuðum og í efnahagslífi almennt bæði vestan hafs og austan ýtir ekki beinlínis undir að teknar séu miklar áhættur hvað tískuna varðar. Sem betur fer eru þó hressandi litir í bland við hinn hefðbundna svarta og dökkbrúna vetrarlit eins og gulrautt að hætti Hermès eða karamellubrúnt en einnig má sjá hárautt.

Í vetur sækja konur í fataskáp herranna og nota herralega jakka og jakkaföt eða dragtir með vestum. Hvort sem litið er til Alexanders Wang, Dries Van Noten eða Jean-Paul Gaultier má alls staðar sjá sterk herraleg áhrif þó sniðin séu kvenleg. Með vetrarflíkunum eru notuð há stígvél úr leðri eða rúskinni sem er heldur verra fyrir snjó og slabb í Reykjavík og rússnesku viðskiptavinirnir hér á Frönsku Rívíerunni segja þetta ekki hentugt fyrir Moskvu. Sumir taka jafnvel fram klofstígvél ef svo má að orði komast, há leðurstígvél upp á mið læri sem hljóta auðvitað að vera upplögð í misjöfnu veðurlagi. Skikkjur eru vinsælar og geta hentað þeim sem ekki kæra sig um loðfeldi. Kosturinn við skikkjurnar er sá að hægt er að vera vel klæddur innan undir þeim og af hverju ekki í lopapeysu?

Fyrir aðdáendur Johns Galliano er síðasta tískulínan sem hann hannaði fyrir Dior nú í búðum en samkvæmt heimildum úr tískugeiranum verður bandaríski hönnuðurinn Marc Jacobs, sem nú hannar fyrir Louis Vuitton bráðlega útnefndur listrænn stjórnandi hjá Dior.

*bergb75@free.fr*






Á tískusýningu Ermenegildo Zegna í Mílanó í janúar var blandað saman lifandi fyrirsætum og þrívíddarmyndbandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tískuheimurinn kveikir á þrívíddarmöguleikum

**Þrívídd er nánast orðið hið nýja norm í kvikmyndaheiminum. Nokkrir tískuhönnuðir hafa prófað sig áfram með þrívídd og mun bera nokkuð á henni á tískuvikunni í New York sem hefst í dag.**

Um 250 tískusýningar eru á dagskrá tískuvikunnar í New York og því samkeppnin um athygli na mikil. Sumir hafa brugðið á það ráð að nýta þrívíddartæknina til að koma sér á framfæri, að því er fram kemur í grein á vef New York Times.

Ein þeirra er Norma Kamali, sem setur upp sýningu 14. september. Þar verður sýningin sýnd á myndbandi í þrívídd sem einnig verður hægt að sjá í gegnum tölvuna heiman frá sér. „Myndband er mun meira lýsandi, hefur meira skemmtanagildi og í raun besta leiðin til að kynna fatalínu. Þrívíddin er ekki aðeins fyrir tölvuleiki og skemmtanabransann, hún mun nýtast mjög vel í okkar bransa líka.“

Kamali er ekki sú fyrsta til að gæla við hugmyndina um þrívíddartískusýningu. Burberry kynnti haustlínu sína á þrívíddarskjá í fyrra við dræmar undirtektir þar sem fyrirsæturnar þóttu ekki beint „stökkva af skjánum“.



Frá sýningu Burberry prorsum í fyrra.

Zegna blandaði saman þrívíddarmyndbandi og raunverulegum fyrirsætum á sýningu sinni á karlmannafatnaði í Mílanó í janúar. Það þótti takast ágætlega en komst ekki til skila til þeirra sem horfðu á heima.

Tískumerkið Custo Barcelona hugðist einnig á að nota þrívíddina í sinni sýningu í vikunni og sendi út boðskort sem þurfti sérstök gleraugu til að lesa. Ætlunin var að vera með nokkrar flíkur á sýningunni með þrívíddarprenti en þar sem slíkt myndi ekki skila sér nema til fólksins í fremstu röð var ákveðið að sýna dressin heldur baksviðs.

*- sg*



NÝ SENDING AF YFIRHÖFNUM



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770

Leikkonan Elizabeth Taylor átti veglegt skartgripasafn. Meðal gripa má nefna sextándu aldar perulaga perlu sem var gjöf frá Richard Burton. Dagana 13. og 14. desember verður heildarskartgripasafn hennar boðið upp í uppboðshúsi Christie's í New York og á netinu. Skartgripirnir eru metnir á þrjátíu milljónir dala.

news.yahoo.com

Framhald af forsíðu

„Vaxjakkarnir henta okkar veðráttu vel og duga lengi og þá er ég viss um að ullarpeysur muni njóta mikilla vinsælda og ég er farinn að sjá fleiri og fleiri í flauelsbuxum. Ég er sjálfur mjög hrifinn af þeim. Jú, það má kannski segja að þetta verði svolítið praktískur vetur," segir Stefán. Á hlýjum haustdegi var Stefán klæddur gallaskyrtu, buxum frá Cheap Monday sem keyptar voru í Kronkron og skóm úr Spútnik.

Stefán segist hrifinn af dekkri litum af flauelsbuxum og þá finnst honum góðir skór skipta miklu máli. Hann er sjálfur hæstánægður með leðurskó sem hann keypti sér nýverið í Kronkron. Tískan er því greinilega herraleg í vetur úr góðum og vönduðum efnum.

Hljómsveitin Sykur er auk Stefáns skipuð þeim Kristjáni og Halldóri Eldjárn. Hljómsveitin hefur nýlokið tökum á annarri plötu sinni en fyrsta plata þeirra kom út árið 2009. Framundan eru útgáfutónleikar sem verða á öðrum degi Airwaves, 14. október, en 29. september næstkomandi treður hljómsveitin upp í stórborginni London þar sem hún spilar á Norðurlandakvöldi sem kallast Ja Ja Ja.

„Þetta er allt voða spennandi og við ætlum að gera þetta vel. Jú, við spáum örlítið í það í hverju við erum á sviði en það hefur breyst í takt við tónlistina sem er öðruvísi í dag en sú sem við spiluðum í upphafi. Þannig vorum við fyrst í samstarfi við Söru Maríu í Nakta apanum og undanfarið höfum við verið í stíl við Munda fatahönnuð. Okkur finnst gaman að vera í stíl. Nei, ekkert djarft, en alltaf eitthvað aðeins öðruvísi."

juliam@frettabladid.is



Stefán segir meðlimi hljómsveitarinnar Sykurs hafa gaman af því að vera í stíl uppi á sviði.



Bindi úr þéttofnu efni verða áberandi í vetur.



Karl Bretaprins í forláta vaxjakka frá Barbour árið 1986. Stefán segir tískuna í vetur verða eilítið í stíl við bresk veiðiföt.

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson, Pétur Björnsson, Jóhanna Kristjónsdóttir, Höskuldur Frímannsson, Sigurður A. Magnússon, Magnús Björnsson, Pétur Óli Pétursson, Bjarni Randver Sigurvinsson, Bjarni Karlsson.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Nýjung! Ballett-fitness fyrir fullorðna

Kennsla hefst 12. september

Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 á milli kl. 11:00-17:00.

www.schballett.is

BALLETTSKÓLI Eddu Scheving

Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

SHISEIDO



Ímyndaðu þér húðina án aldursmerkja.

BENEFIANCE
WrinkleResist 24
NÝTT
www.shiseido.com

KYNNINGARHELGI 8.-10. sept. Glæsilegir kaupaukar í boði

Snyrtiráðgjafi kynnir nýjungar frá Shiseido
Hygea Kringlu & Smáralind

Nýjar vörur frá Shiseido
~ Benefiance NutriPerfect rakavatn sem nærir og styrkir húðina
~ Farðaburstí sem passar fyrir allar gerðir andlitsfarða

Kaupaukar frá Shiseido ~ Snyrtitaska sem inniheldur gjafaprufur að eigin vali fylgir með ef keyptar eru shiseido vörur úr kremlínu eða farði ~ Þrír POP-UP maskar fylgja öllum keyptum rakavötnum

HYGEA
Snyrtivöruverslun
STOFNSETT ÁRIÐ 1953
Hygea Kringlunni s. 533 4533
Hygea Smáralind s. 554 3960

# SUSHI

FIMMTUDAGUR **8. SEPTEMBER**

**Kynningarblað**


Nigiri
Maki
Temaki
Hrísgrjón
Wasabi
Tofu



# Handunnið sushi frá grunni úr gæðahráefni

**Hjónin Sigurður Karl Guðgeirsson og Ásta Sigríður Sveinsdóttir reka veitingastaðinn suZushii á Stjörnutorginu í Kringlunni. Þau leggja áherslu á fagmennsku og ferskt hráefni og vinna allt frá grunni.**

Aðaláherslan hjá okkur er fagmennska og ferskleiki. Við mætum snemma á morgnana og flökum fiskinn sjálf og búum til allar sósur. Við lögum einnig til allt okkar sushi fyrir framan viðskiptavininn um leið og hann pantar," segir Sigurður Karl, en allt sushi á staðnum er handgert. „Það koma engin vélmenni nálægt vinnslunni hjá okkur."

Sigurður Karl lærði til kokks í Perlunni og útskrifaðist árið 1999. Þá eyddi hann tveimur árum í læri hjá japönskum sushi-meistara í Kaupmannahöfn áður en hann varð yfirkokkur á veitingastaðnum Sticks and sushi. Eftir að hafa haldið fjölmörg námskeið og veitt ráðgjöf til fjölda veitingastaða opnaði hann suZushii í febrúar árið 2010. Hann er með yfir ellefu ára reynslu í sushi-gerð og hefur SuZushii fengið margar viðurkenningar á þeim stutta tíma sem staðurinn hefur starfað.

> **Það er algjör sushi-sprengja núna og gaman að sjá hvað Íslendingar eru móttækilegir fyrir þessari matargerð. Ég finn líka mun á hvernig Íslendingar borða sushi.**

„Við fengum 9/10 í einkunn í sushi-úttekt Gestgjafans og Dr. Gunni segir að þetta sé það besta á landinu. Eins var The Reykjavík Grapevine að veita suZushii hæstu einkunn í „best sushi of 2010"," segir Sigurður Karl og bætir við að Íslendingar elski gott sushi.

„Það er algjör sushi-sprengja núna og gaman að sjá hvað við Íslendingar erum móttækilegir fyrir þessari matargerð. Ég finn líka gríðarlegan mun á hvernig Íslendingar borða sushi, en það er ekki sama hvernig það er gert. Hér hefur verið landlægt að drekkja bitunum í sojasósu og nota allt of mikið wasabi en það á alls ekki að gera. Þetta tvennt á að notast sem létt „krydd" á bitann," segir Sigurður Karl, en í Japan þykir það mikil móðgun við kokkinn að biðja um meira wasabi.

„Þar er wasabi aldrei borið fram á sushi-diskinum, það sem kokkurinn setur á sushi-bitann er nóg. Þér gæti meira að segja verið vísað á dyr ef þú biður um meira wasabi í Japan." Sigurður segist þó ekki vera strangur á þessum reglum við sína viðskiptavini og taki því ekki sem móðgun ef fólk biður um auka wasabi. „Nei ég leyfi fólki að hafa þetta eins og það vill," segir hann hlæjandi. „En ég mæli samt með því að leyfa bragðinu af hráefninu í bitanum að njóta sín."

Hjá suZushii er bæði hægt að kaupa sushi til að taka með eða borða á staðnum. Einnig er hægt að kaupa veislubakka en panta þarf þá með fyrirvara fyrir helgarnar. Alls starfa 16 manns hjá suZushii sem veita snögga og persónulega þjónustu. Allar upplýsingar er að finna á heimasíðunni, www.suzushii.is.




**Hjónin Sigurður Karl Guðgeirsson sushi-kokkur og Ásta Sigríður Sveinsdóttir leggja áherslu á ferskleika á Suzushii.** MYND/GVA



**FERSKLEIKI**
**Allt sushi** er handgert frá grunni fyrir framan viðskiptavininn á suZushii og einungis notast við ferskt hráefni og unnið eftir japönskum hefðum.



**VINSÆLASTI BITINN**
**Lax nigiri – teriyaki** er langvinsælasti bitinn á suZushii að sögn Sigurðar Karls. Hér sést hvernig hann flamberaður áður en hann er borinn fram.





Kringlan 4-12 I Stjörnutorg
Sími 553 2222 I www.suzushii.is

# Sushi-menningin nær æ meiri fótfestu í Evrópu

**Sushi-búðin var opnuð í í Glæsibæ í desember síðastliðnum og henni var tekið fagnandi.**

Þetta er sérverslun með allt til sushi-gerðar og ýmislegt annað sem tengist þessari japönsku matarhefð. Fólk er svo ánægt með að fá allt á sama stað," segir Herdís Rúnarsdóttir, eigandi Sushi-búðarinnar í Glæsibæ, um verslun sína og getur þess að sushi-menningin nái æ meiri fótfestu í Evrópu.

Stell og annað postulín tengt sushi, grjónapottar og stórir dallar til að hræra sushiið í er meðal þess sem fæst í Sushi-búðinni og ekta Masahiro-hnífar vekja athygli. „Þetta er allt frá Japan, áhöldin og borðbúnaðurinn," segir Herdís og bætir við að Masahiro-hnífarnir séu mjög góðir, enda vinsælir kokkahnífar.

Hráefnið í sushi-ið er alþjóðlegra að uppruna. Það er íslenskt, þýskt, japanskt og jafnvel suður-amerískt. „Frosni fiskurinn er í litlum neytendapakkningum, sneiddur í réttar stærðir. Þannig fáum við hann frá Þýskalandi," upplýsir Herdís. Spurð hvort það sé ekki eitthvað sem Íslendingar ættu að einbeita sér að svarar hún. „Það er ótrúlega erfitt að kaupa fisk á Íslandi en við fáum samt lax og erum að taka inn silung." Annað hráefni sem nefna má í sushiið er túnfiskur, surimi og linskelskrabbi. Rækjur segir Herdís mikið notaðar og flugfiskahrogn tilheyra líka þessari matargerð. „Flugfiskahrogn eru flutt að utan, unnin hér á Íslandi og flutt út aftur, nema hvað við stöðvum hluta þeirra hér," lýsir Herdís og nefnir einnig edamame sem eru sojabaunir í hýði sem hún segir vinsælar sem snakk.

Spurð hvort hún hafi verið fyrst með svona búð á Íslandi svarar Herdís. „Já, ég var fyrst með svona sérverslun en Asíubúðirnar hafa auðvitað verið með sitthvað til sushigerðar."


Hafdís Jónsdóttir afgreiðir í Sushi-búðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Masahiro-hnífar eru vinsælir hjá kokkum.


Flísar eru eitt af fallegri undirlögum fyrir sushi-bita, sem og ýmiss konar leirföt.

# Fallegt fiskifang borið á borð

**Sushi getur ekki síður verið fallegt en það er ljúffengt. Bitana, litskrúðuga og stílhreina í senn, má nota til að skreyta kvöld- eða hádegisverðarborðið og hægt er að búa um bitana á ótal vegu, á alla vega diskum, plöttum, skálum og fötum.**

Sushi er oft borið fram á flötum diskum, úr ýmis konar náttúruefni, steinum, bambus og öðru. Oft koma bitarnir vel út á skærlituðum diskum, sérstaklega þeir sem eru ekki með þangi, og má þar nefna liti eins og sæbláan og grænan, ýmsa gula tóna og appelsínugulan. Þá getur verið gaman að nota trébakka eða massífan náttúrustein, en það skemmtilega við sushiborðin er að þar er næstum allt leyfilegt. - jma


Gaman er að leika sér með langborð sé það fyrir hendi. Hægt er að raða örfáaum sushi-bitum á fullt af pínulitlum diskum, til að mynda espressóundirskálar. NORDICPHOTOS/GETTY


Sé sushi borið fram á einum stórum bakka er sniðugt að nota stóra og gæðalega viðarskál.


Bleikur túnfiskur og appelsínugulur lax eru aldrei þessu vant hafðir sem ysta lag rúllanna í stað þess að vera kjarninn. Gerir bitana ákaflega fallega.





Veislubakkar Nings eru vinsælir fyrir veislur, fundi, saumaklúbba eða hvar sem fólk kemur saman.



Veitingastaðnum Nings var breytt á dögunum í tilefni tuttugu ára afmælis staðarins.

# Stærsti sushi-framleiðandi landsins



**Veitingastaðurinn Nings var með þeim fyrstu sem kynntu sushi fyrir Íslendingum og hefur frá árinu 1998 framleitt sushi í fullkominni sushi-verksmiðju sem búin er fullkomnum japönskum sushi-tækjum og -róbotum.**

„Þegar við kynntum sushi fyrst á Íslandi árið 1998 voru margir sem grettu sig og þótti þetta einum of framandi matur. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og sala á sushi eykst stöðugt í takt við heilsubyltinguna," segir Hilmar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Nings á Íslandi.

Sushi er í dag stór hluti af veitingaþjónustu Nings, en fyrirtækið er stærsti sushi-framleiðandi landsins. Nings framleiðir nýtt sushi alla daga og selur á veitingastöðum sínum sem eru þrír í dag, á Suðurlandsbraut, í Hlíðarsmára og á Stórhöfða. Auk þess er framleitt sushi fyrir veisluþjónustu Nings sem er ákaflega öflug og Nings sinnir einnig framleiðslu á sushi fyrir önnur fyrirtæki.

„Veislubakkarnir frá okkur eru mjög vinsælir fyrir veislur, fundi, saumaklúbba eða hvar sem fólk kemur saman," segir Hilmar og bendir á að hægt sé að velja um þrjátíu bita og fimmtíu bita bakka. „Fólk kippir oft með sér veislubakka til að hafa sem forrétt eða jafnvel aðalrétt í matarboðum," upplýsir Hilmar.

Segja má að Nings hafi oft verið á undan sinni samtíð þegar kemur að hollustu enda hefur hollusta matarins frá upphafi verið eitt af aðalmarkmiðum Nings. Strax í byrjun var ákveðið að sleppa öllu msg í matnum en fáir vissu hvað það var þegar Nings var stofnað fyrir tuttugu árum. Einnig hafa frá upphafi verið notaðar olíur án transfitusýra.

„Á veitingahúsum Nings er lögð áhersla á að allt hráefni sé ferskt," segir Hilmar ákveðið. Hann segir Nings hafa boðið upp á ýmsar nýjungar í sushi á Íslandi. Til dæmis „brown rice sushi" sem búið er til úr heilum brúnum hrísgrjónum. Þessa tegund er í dag hægt að sérpanta en Hilmar telur að þessi gerð af sushi verði vinsælli með tímanum. „Það er stefna Nings að verða nú sem fyrr leiðandi í sushi-gerð og -þróun," segir hann og bendir á heimasíðuna www.nings.is til nánari glöggvunar á matseðli og þjónustu Nings.



Xing Shi Li, sushi-gerðarmeistari Nítjándu, að störfum ásamt yfirmatreiðslumanni Veisluturnsins, Stefáni Inga. MYND/HAG



Úrvalið af sushi-bitum er iðulega gott. MYND/VEISLUTURNINN NÍTJÁNDA

# Ferskt hráefni er grunnur að góðu sushi



**Veitingastaðurinn Nítjánda í Turninum á Smáratorgi er meðal þeirra vinsælustu á landinu. Sushi skipar stóran sess á matseðlinum enda Íslendingar sólgnir í hið japanska góðgæti.**

Á Nítjándu veitingastað leggjum við ofuráherslu á ferskt og gott hráefni í öllum okkar veitingum og því fáum við fisksalann til okkar á hverjum degi með eitthvað nýtt og spennandi í sushi-ið okkar" segir Siggi Gísla, framkvæmdastjóri Veisluturnsins og Nítjándu veitingastaðar en staðurinn hefur skipað sér í raðir vinsælustu veitingastaða landsins.

Úrvalið af sushi-bitum er afar fjölbreytt á Nítjándu. „Það vegur afar þungt hjá okkur að hafa nægt úrval en við erum til að mynda alltaf með að lágmarki fjórar mismundi tegundir í hádeginu alla virka daga og missum okkur svo alveg á kvöldin með endalausu úrvali af maki-rúllum, nigiri og sashimi. Sushi-áhugafólk getur þá fengið sér eins mikið og það getur í sig látið af sushi og öllu hinu en á okkar gómsæta kvöldverðarhlaðborði má finna um fjörutíu rétti í það heila. Það er líka rosa gaman að sjá hvað börnin eru dugleg að smakka sushi hjá okkur og sum hver alveg háma það í sig," segir Siggi glaðlega.

Sushi-gerðarmenn Nítjándu sækja sér þekkingu víða. „Þá hafa sushi-gerðarmeistarar frá hinum heimsfæga veitingastað Zuma í London sótt okkur heim, segir Siggi. „Þeir hafa miðlað reynslu sinni og þekkingu og haldið námskeið fyrir okkar fólk."

Þess má geta að hægt er að kaupa tilbúna sushi-bakka á annarri hæð í Turninum en þar er Nítjánda veitingastaðurinn með mjög girnilegar „takeaway"-vörur í kæli. „Þær eru á frábæru verði og við erum alltaf í leiðinni," segir hann glaðlega.


Skemmtilegt tilbrigði. Hér er laxinn í stað þarablaða.


Öfugt sushi þar sem þangblöðin eru að innanverðu er ekki síðra en hefðbundið.


Sushi getur verið afar fallegt og jafnvel listrænt og er upplagður partímatur.

# Blue Dragon- girnilegt og gómsætt

**Innnes, sem sérhæfir sig í innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á matvöru, flytur inn Blue Dragon vörurnar sem margir kannast við en þar undir er heildstæð sushi-lína sem hefur að geyma allt sem þarf til sushi-gerðar. Það er einfaldara en margur heldur að gera sushi upp á eigin spýtur og umfram allt skemmtilegt. Á heimasíðunni www. bluedragon.is er að finna aðgengileg kennslumyndbönd á íslensku um það hvernig gott er að bera sig að.**

Sushi er girnilegur, hollur, einfaldur og gómsætur matur. Orðið sushi þýðir ekki hrár fiskur, eins og margir halda, heldur er það heiti sérstakra hrísgrjóna sem útbúin eru með ediki og/eða sykri. Þau eru svo notuð með hráum fiski, skelfiski eða öðru. Val á hráefni er mjög mikilvægt þegar um sushi eða sashimi er að ræða þar sem við borðum fiskinn og skelfiskinn óeldaðan.

Þegar velja á vín með sushi kemur hvítvín gjarnan fyrst upp í hugann en freyðivín og kampavín fara einnig afar vel með sushi. Þurrt og hálfþurrt freyði- eða kampavín virkar vel á móti saltinu í sojasósunni og sterkri wasabipiparrótinni. Mörgum finnst sakehrísgrjónavín tilheyra sushi en þurrt Fino-sérrí er einnig spennandi að prófa.

Einnig má nefna léttan lagerbjór en ávaxtakeimur bjórsins tónar vel við bragð hrísgrjónanna. Þeir sem kjósa óáfenga drykki ættu að prófa japanskt te, til dæmis Sencha, kalt og ósykrað.

## Nokkur dæmi um mismunandi gerðir af sushi



**Nigiri-sushi**
Handpressað sushi, pressaður sushi-hrísgrjónakoddi með gómsætum bragðbæti ofan á (nigiri þýðir pressað).

**Nori Maki**
Sushi sem rúllað er upp í bambusmottu með þangblöðum sem „umbúðum“.





**Hoso Maki**
Sama og Nori Maki en aðeins er notuð hálf örk af þangblöðum.

**California-rúllur**
„Öfugt“, sushi-hrísgrjón utan á og þangblaðið innan í.





**Regnboga-sushi**
Litlar California-rúllur, þaktar með marglitum bragðbæti sem settur er ofan á.

**Temaki**
„Keilulaga sushi“, hrísgrjón og fyllingar sem settar eru á ferkantað þangblað, sem er svo rúllað upp í keilu.





**Chirashi-sushi**
Sushi-hrísgrjón með bragðbæti sem sáldrað er smekklega yfir og borið fram í skál.





# Góðar grunnuppskriftir

**Hrísgrjón og ferskt hráefni skipta mestu.**

**SUSHI-HRÍSGRJÓN – GRUNNUPPSKRIFT**

500 g 1 poki af Blue Dragon sushi-hrísgrjónum
0,75 dl hrísgrjónaedik frá Blue Dragon
0,75 dl sykur
(Þessi uppskrift gefur u.þ.b. 1,35 kg af tilbúnum sushi-hrísgrjónum.)

*Setjið hrísgrjónin í skál og þvoið, skolið og nuddið gætilega þar til vatnið verður tært. Látið svo hrísgrjónin standa í vatni í um það bil eina klukkustund. Hellið hrísgrjónunum yfir í sigti og látið standa í 15 mínútur.*

*Setjið því næst hrísgrjónin í pott og bætið við 7 dl af fersku vatni. Látið suðu koma upp með lokið á, minnkið hitann niður í lægstu stillingu í 10 mínútur. Takið pottinn af hellunni og leyfið grjónunum að standa í aðrar 10 mínútur.*

*Hitið hrísgrjónaedikið og sykurinn í potti þar til lögunin hefur bráðnað og verður að tærum vökva.*

*Setjið hrísgrjónin í skál úr tré, gleri eða plasti, þurrkið hrísgrjónin og komið edikblöndunni (Sushi Su) gætilega fyrir í grjónunum, hyljið með handklæði og leyfið þessu að kólna niður í stofuhita.*

**NORI MAKI**

Tilbúin og tilreidd sushi-hrísgrjón
Blue Dragon sushi þangblöð (nori )
Blue Dragon japönsk sojasósa
Blue Dragon wasabi

*Fyllingar að eigin vali skornar niður í bita. Til dæmis hrár lax, túnfiskur, kál, agúrka og fleira.*

*Setjið þangblað á bambusmottu þannig að glansandi hliðin snúi niður. Dreifið 1 cm þykku lagi af kældum, elduðum hrísgrjónum á blaðið. Bætið við rönd af fyllingu, t.d. laxi og káli, setjið mjög þunna rönd af wasabimauki á fiskinn. Bleytið lausu brúnina lítillega með vatni. Rúllið maki-rúllunni þétt en gætilega upp með bambusmottunni. Skerið niður í u.þ.b. 1cm breiða bita með beittum hníf. Dýfið sushi-bitunum, hverjum af öðrum, í sojasósu með wasabi og njótið.*

## Stuttir punktar um innihald sushi

**Sushi-hrísgrjón**
Sushi-hrísgrjón eru kringlótt grjón sem eru rík af sterkju. Það er úrslitaatriði að vanda sig við að skola og bleyta grjónin. Skolið vandlega og látið hrísgrjónin þrútna þar til kjarninn er horfinn og hrísgrjónin fá á sig mjólkurkenndan lit.

**Nori**
Nori-blað er þvegið, saxað, pressað og ristað þang. Það er til af mismunandi gæðum, Blue Dragon er af hæsta gæðaflokki. Gott blað skal hafa þétta samsetningu, það þarf að vera auðvelt að beygja það án þess að það springi og hafa góðan grænan lit.

**Gari**
Sushi Gari er sérstakt pæklað engifer. Þunnar sneiðar af engiferi með vatni, ediki, salti og klípu af sykri.

**Hrísgrjónaedik**
Tært og milt edik sem magnar hrísgrjónabragðið. Er frábært með sushi.

**Sushi Su**
Jöfn blanda af Blue Dragon hrísgrjónaediki og sykri. Hægt er að setja bita af Kombu-þangi inn í Su til að fá hreinna þangbragð af sushi-inu.

**Japönsk sojasósa**
Japönsk sojasósa er samkvæmt venju framleidd úr gufusoðnum sojabaunum, salti og ristuðu hveitimalti. Það er mjög mikilvægt að nota Japanska sojasósu með sushi.

**Mirin**
Notað sem sætuefni og bragðbætir í japanskri matargerð. Gefur milt og sætt bragð og fallegan gljáa.

**Miso-súpa**
Próteinrík kjötseyðissúpa sem auðvelt er að gera. Drekkið bæði fyrir og með máltíð.

**Wasabi**
Rót japanskrar plöntu sem er þekktari sem „japönsk piparrót“.

**Tofu**
Tofu er búið til úr sojabaunum. Þær hafa verið bleyttar, eldaðar og stappaðar. Því næst er þeim leyft að storkna og þær skornar niður í kubba.

# Hlýlegt og ögrandi

**Ítalska tískuhúsið Salvatore Ferragamo sýndi bæði dömu- og herralínu sína fyrir haust og vetur 2011 nú í vikunni.**

Svartur, hvítur og grár einkenndu dömulínuna sem Salvatore Ferragamo sýndi í Seúl á þriðjudaginn var. Sýningastúlkurnar stikuðu fram í jökkum og buxum með „herralegu“ sniði og kjólum sem vöfðust um líkamann. Þá voru svört leðurpils áberandi og pelsar sömuleiðis.

Herralínan var öllu afslappaðri og hlýlegri, en mikið var um djúpa haustliti, brúnt, ryðrautt og blátt og voru flest módelin með hatt á höfði. Tvíhnepptir frakkar, efnismiklir treflar og prjónapeysur voru áberandi og í hrópandi mótsögn við ögrandi gegnsæjar skyrtur dömulínunnar. Salvatore Ferragamo hefur getið sér gott orð allt frá árinu 1919 fyrir háklassahönnun og er vinsælt meðal stjarnanna, meðal annars Lady Gaga.

*- rat*



Svart, hvítt og grátt var allsráðandi í dömulínunni fyrir haustið.



Hlýlegir tónar einkenndu herralínu Salvatore Ferragamo sem sýnd var nú í vikunni í Seúl og voru mörg módelanna með hatt á höfði.



Gegnsæ skyrta við svartar buxur gerðu dömulínuna ögrandi.

Flott aðsniðin jakkaföt í bláum lit og prjónapeysa innan undir.



María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður og Dóra Guðbjört Jónsdóttir gullsmiður sýna í Spark Design Space. MYND/SPARK DESIGN SPACE

## Sýningarlok á Þræði

Sýningunni Þræði í Spark Design Space á Klapparstíg 33 lýkur nú á laugardaginn.

Þráður er samsýning Maríu Kristínar Jónsdóttur vöruhönnuðar og Dóru Guðbjartar Jónsdóttur gullsmiðs en þær sýna báðar skartgripi. Fjörutíu og sjö ár skilja þær að í aldri og þær nálgast skargripagerð á ólíkan hátt. Báðar sækja þær tengingu í íslenska þjóðbúninga en efnisval þeirra og aðferðir eru ólíkar svo úr verður skemmtilegt samspil. Dóra Guðbjört hefur starfað við gullsmíði í um 60 ár og sérhæft sig í víravirki úr fínlegum silfurþráðum.

María Kristín útskrifaðist sem vöruhönnuður árið 2003 frá Listaháskóla Íslands og sýnir hálsmen sem hún formar með makrame-hnýtingum úr grófari þræði.

Spark Design Space er opið virka daga frá klukkan 10 til 18 og á laugardögum frá klukkan 12 til 16. *- rat*





ABEILLE ROYALE

LYFTIR, STYRKIR OG LEIÐRÉTTIR FÍNAR LÍNUR

Serumið frá Abeille Royale hlaut Marie Claire verðlaunin 2011

GUERLAIN

**20% afsláttur af Guerlain snyrtivörum**

**dagana 8. - 11. september í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu Kringlunni.**

Sérfræðingar verða á staðnum veita þér faglega ráðgjöf og kynna nýjungar í Guerlain.

- **Abeille Royale ný lína frá Guerlain. Kremlína sem**
  - Styrkir
  - Lyftir
  - Leiðréttir öldrunareinkenni húðarinnar
  - Árangurinn sýnilegur strax
- **Rouge Automatique varaliturinn fyrir þig og okkur allar.**
  - Falleg náttúruleg áferð
  - Djúpir litir
  - Auðveldir í notkun og haldast vel á



**Glæsilegur kaupauki frá Guerlain;**

- Bleik snyrtitaska
- Idylle body lotion
- Super Aqua augnkrem
- Lingerie farði

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa Kringlunni

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

### Bílar til sölu



**!!STAREX 4X4!!**
HYUNDAI H-1 STAREX 4X4 árg'99 ek aðeins 125 þús,7 manna með fjórum kapteinstólum,hátt og lágt drif,kastarar, mp3 cd með tengi fyrir ipod ofl.verð 750 þús! s.841 8955



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 800þús. Uppl. s. 693 2991.



Til sölu Benz 500 CLS árg. 12/'94. Ek. 90 þús. Flottur bíll með öllum aukahlutum. Verð 6,1 mil. S. 895 9243.



Honda CRV árg.'00. 2L Ssk. Verð 550 þús. Uppl. í s. 663 2991.



Toyota Corolla Verso Árg.'07 1,8 Ssk. 7 manna. Verð 1.7 millj. Uppl. í s. 693 2991.



Dodge Ram 2500 QUAD. Nýsk. 1/2007 Ek. 81500 km. 35"dekk, tölvukubbur Eyðsla ca. 13 l. Ásett v. 4,9 milj. Vel út búinn, fallegur bíll. Frekari uppl. Guðmundur 897 3818.



Peogeot Expert Turbo D árg. '00. Skoðaður. Ek. 180 þ. km. 5 gíra. S. 616 2597.



Toyota Hilux árg 2006, ekinn 109 þús 33"hækkun heitklæðning, nýleg dekk, filmur, beisli, 5 gírar, fjórhjóladrif, dökkgrænn. Verð 2,900.000 uppl. 695 2694 / 863 8122



Til sölu VW golf árg. '98. Ek. 180 þús. Sk. '12. Ný kúpling og fl. Verð 370 þús. Einnig til sölu VW polo árg '99. Ek. 117 þús. Verð 330 þús. Uppl. í s. 893 5517.



CITROEN Berlingo sendibíll. Árgerð 2004, ekinn 114 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Vel með farinn! Verð 590þ Rnr.153930.

## Þjónustuauglýsingar

**Gabriel demparar í 40 ár**
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

**CMT ORANGE TOOLS**
**CMT sagarblöð og fræsitennur**
Ásborg vélar og verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**Rafvirkjar - Smiðir**
**Flísalagnir - Múrarar**
**Málarar - Píparar**
LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla. Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

***Startarar og alternatorar***
*Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.*
*Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir*
*55ár í þjónustu við bíleigendur!*
***Ljósboginn Bíldshöfða 14 sími 553-1244***

- *Steypusögun*
- *Kjarnaborun*
- *Múrbrot*
- *Hellulagnir*
- *Jarðvegsvinna*
- *Öll almenn-verktakavinna*

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**Bílaviðgerðir**
Almennar viðgerðir – smurþjónusta
Jeppabreytingar – Járnsmiði – Tölvukerfi
Sími: 517 4524 Viðarhöfða 6

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI GRAFARVOGS
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími: 864 - 4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

*Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað*
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

*Rafstilling ehf*
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða smáviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540 / 697 4540
viðarhöfði 2 110 reykjavík sími 445 4540/697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

## Alla fimmtudaga

**HAMRABORG ehf**
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur

**tölvuhjálp!**
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900.- kr.
Ókeypis vírusvörn.
Nánar á: www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Vesturvör 32a • Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

PERFECT MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS!!!! 659 62 69

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Whole body massage. S. 849 5247.

NEW!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWNTOWN REYKJAVIK!Anytime 899 5836 Alisia

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur
og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 869 4650

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727. Stella.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Veisluþjónusta

Leigðu ísbar í veisluna og tryggðu að allir verði ánægðir, sérstaklega krakkarnir. Kynningarverð 9.500 (leiga á ísbar og 15 L ís). Uppl. í s. 661 1902.

## Rafvirkjun




Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Nuddpottar fyrir hitaveitu! Á. Óskarsson ehf. www.oskarsson.is S. 566-6600

Ísskápar á 20 - 30 þ. Þvottavélar á 20 - 30 þ. Þurrkarar á 20 - 30 þ. Eldavél 60 cm á 25. þ. 50 cm með keramik helluborði, blæstri á 30 þ. Fartalva og borðtalva. Gasgrill á 5 þ. Uppþvottavélar á 20 þ. Borðuppþvottavél á 25 þ. Video á 5 þ. S. 896 8568.

Varahlutir í Volvo N12 árg.'91 vél gírkassi drif pallur og fl. uppl. í s. 866 7534.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

**7 rósir 990 kr.**
**Dalía**
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

## Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Úrvals Labradorhvolpar til sölu hreinræktaðir Field Trial með ættbók. Barnabörn margverðlaunaðra hunda. Tilb. til afh. í lok ágúst uppl. í S: 898 2191.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



**Tilboð Sjóstöng og grill aðeins 4.990 kr. Svartfuglsskytterí**
Okkar vinsælu sjóstanga og grillferðir. Einnig erum með hraðskreiðan bát í skotveiðina. Þeir sem versla fyrir meira en 10.000kr á hársnyrtistofunni Texture fá 30% afslátt í sjóstöng. Nánari uppl. í 865 6200.

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði í neðri hluta Þverár. Eingöngu fluguveiði frá 14. sept. - 30. sept. Uppl. í síma 848 2304.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus S. 892 5309.

**Skólafólk skólafólk.**
Skólaheimilið í hverfi 105 opnaði 1.sept sl. Strætóleiðir í allar áttir, hiti, rafmagn og internet innif. uppl. í síma 821 4848 eða 869 2618 sanngj. leiga.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Stúdíóíbúð í 101 til leigu með húsgögnum til 5. okt. Leiga 80þús. Uppl í s. 661 8804 eða 694 8804.

**Vesturbær**
Herbergi til leigu í 101 við vestur höfnina leigist helst rólegri og reglusamri konu, sími 892 9512.

**Stúdíóibúð í Hlíðunum**
Snyrtileg, björt og rúmgóð stúdíóibúð til leigu á rólegum stað í Hlíðunum. Hentar skólafólki. Uppl. í 898 4320.

Til leigu raðhúsi í Grafarvogi! Til leigu er 134 fm íbúð auk 28 fm bílskúrs í Grafarvogi. Á neðri hæð eru stofa og 3 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi og 1 svefnherbergi á efri hæð. Getur verið laust frá 1. október. Uppl. í síma 864 1845.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Dalveg í Kóp. 80fm. Verslunar eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

Austan Elliðaáa til leigu. Sérinngangur, 80 fm 2 samliggjandi herbergi með salerni. Möguleiki á þvottavél og sturtu. Áhugasamir: husrymi@hotmail.com

**Til leigu.**
Tunguháls 327 fm iðnaðarhúsnæði, lofthæð 4,70, tvær innkeyrsludyr . Við sund. 20 fm skrifstofa á 2. Hæð., 40 fm verslunar/þjónustuhúsnæði á jarðhæð. 80 fm iðnaðar/geymslu á jarðhæð. Garðabær 87 fm. iðnaðar með innkeyrsludyrum. leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. bátar o.fl. upphitað, gott verð S: 612 6130 email: solbakki.311@gmail.com

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
UPPHITAÐ, þurrt, hreint og lyktarlaust. Verð og myndir á Facebook: Húsvagnageymslan Eyrarbakka S: 564-6501

**GEYMSLUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
Fyrir ýmsar gerðir og stærðir tjaldvagna, felli- og hjólhýsa. Öruggt og gott húsnæði. Uppl. í síma 849 7889.

**Geymsluhúsnæði í Keflavík**
Vetrargeymsla á farartækjum og eftirvögnum í upphituðu húsnæði með sólarhrings öryggis- og brunakerfisvakt. Uppl. s. 868 9087 og husbilageymsla@gmail.com (einnig á Facebook: Húsbílageymsla)

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hekla auglýsir eftir vönum mönnum í standsetningu á bifreiðum.**
**Áhugasamir sendi umsókn á netfang:**
**mh@hekla.is**

## Tilkynningar

**Verkalýðsfélagið Hlíf**
Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

### ALLSHERJARATKVÆÐA-GREIÐSLA

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæða-greiðslu um kjör fulltrúa Verkalýðsfélagsins Hlífar á þing Starfsgreinasambands Ísland, sem haldinn verður dagana 13. og 14. október 2011.

Tillögum með nöfnum 8 aðalfulltrúa og 8 varafull-trúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, mánudaginn 19. september nk.

Tillögunum ber að fylgja meðmæli minnst 60 félagsmanna.

Kjörstjórn Hlífar

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
**Útgarði 1, 460 Húsavík, s: 464 5000**

### UPPBOÐ

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**
Helluhraun 14, fnr. 216-3379, 660 Mývatni, þingl. eig. Hermann Valsson, gerðarbeiðendur Tollstjóri og Vörður tryggingar hf, þriðjudaginn 13. september 2011 kl. 14:00.

Lyngholti 18, fnr. 230-9732, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Norðurvík ehf. og N-Hús ehf. vegna kaup-samnings, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf, þriðjudaginn 13. september 2011 kl. 11:00.

Ásgata 19, fnr. 216-7100, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Jóhannes Helgi Einarsson, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 14. september 2011 kl. 12:00.

Duggugerði 5, eignarhluti gerðarþolar, fnr. 216-6883, 675 Kópaskeri, Norðurþing, þingl. 50% eig. Garðar Birgisson, gerðarbeiðendur Ríkisútvarpið ohf og Sýslu-maðurinn á Blönduósi, miðvikudaginn 14. september 2011 kl. 10:00.

Vogsholt 11, fnr. 216-7178, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Sigurður Hreinn Eronsson, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 14. september 2011 kl. 11:30.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
7. september 2011.

## Þjónusta

**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvís eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaei-ganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leigulíðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

## Atvinna í boði

ÍTALÍA
VEITINGAHÚSIÐ

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsstúlkum í í eftirtalin þjónustustörf: Fullt starf, vaktavinna 11-23, einnig hlutastarf á kvöldin og um helgar.**

**Ekki yngri en 18 ára, íslenskukunnátta algjört skilyrði.**

**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 893 1193 & 773 3933.

Opnum eftir nokkra daga glæsilega ísbúð við Háaleitsbraut. Óskum eftir fólki í dagvinnu og kvöld og helgarvinnu. Aldurstakmark 20 ára. Upplýsingar í síma 8231776.

Söluturn með grill og ís óskar eftir ábyrgu starfsfólki í 100% vinnu. Uppl. á salagrill@salagrill.is

Veggsport heilsurækt. Starfsmann vantar á dagvakt í afgreiðslu. Nánari upplýsingar s:577 5555 Veggsport heilsurækt. Stórhöfða 17, Rvk.

Vantar trésmiði eða menn vana smíðavinnu. Uppl. s. 894 3343 Jón og jonogsalvar@simnet.is

**Starfsm. í pökkun**
Óska eftir starfsfólki í pökkun og vörufrágang í framleiðslu bakarí í Hfj. eða meira hálfdagsstarf frá kl.06 á morgnanna. Uppl. S: 858 1850

**Barnapössun í bústaðahverfi. Hjón í einbíli óska eftir unglingsstúlku til að gæta drengs á þriðja ári, síðdegis af og til. Netfang: GE224@simnet.is**

**Hlutastarf**
Óskum eftir starfsmanni í eldhús og verslun, viðkomandi þarf að hafa góðan grunn í asískri matargerð og þjónustulund. Asian, Kauptúni 3, uppl. asian@asian.is s: 693 3780.

## Atvinna óskast

Vantar þig aðstoð við almenn heimilisstörf, s.s þrif, þvotta, eldamennsku, innkaup og akstur hvort sem er lengri eða styttri leiðir. Ef svo er þá er ég rétta manneskjan fyrir þig. Nánari uppl. í s. 862 7504 eftir kl. 16:00 á daginn.

## TILKYNNINGAR

## Fundir

ÁRG 51 úr MELA og HAGASKÓLA ER ÁHUGI skólafélaga að hittast 5. nóv HAFIÐ SAMB hronngud1@hotmail.com

## Einkamál


**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)


## Atvinna


# Boðaþing 8 Kópavogi

**3herb.íbúð fyrir fyrir 55 ára og eldri**




Glæsilega 123,1 fm íbúð á 3.hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílgeymslu. Eignin skiptist – Forstofa, eldhús, stofa,hjónaherbergi, aukaherbergi, sólskáli, baðherbergi, þvottahús og geymsla auk rúmgóðs stæðis í bílgeymslu. **Þjónustumiðstöð og hjúkrunarheimili í göngufæri.**
**Verð 32,9 millj.**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Elías Haraldsson, lögg. fasteignasali

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET Sími 510-3800**



WWW.HUSAVIK.NET

GÓÐUR SÖLUMAÐUR ÓSKAST TIL STARFA

VEGNA GÓÐRAR STÖÐU Á FASTEIGNAMARKAÐI ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ HÆFUM EINSTAKLINGI MEÐ RÍKA ÞJÓNUSTULUND OG GÓÐA REYNSLU AF FASTEIGNAVIÐSKIPTUM

ÁHUGASAMIR ERU BEÐNIR AÐ SENDA UMSÓKN Í TÖLVUPÓSTI Á ELIAS@HUSAVIK.NET



HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

ELÍAS HARALDSSON, LÖGG. FASTEIGNASALI
ELIAS@HUSAVIK.NET


## Tilkynningar

Stykkishólmsbær

## Endurauglýsing á deiliskipulagstillögu fyrir íbúðarsvæði við Nónvík Stykkishólmsbæ.

Vegna formgalla á málsmeðferð deiliskipulagstillögu sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 15. maí árið 2000, hefur bæjarstjórn þann 25. ágúst 2011 samþykkt að auglýsa tillöguna á nýjan leik. Með vísan í 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftir athugasemdum við deiliskipulagstillögu af íbúðarsvæði við Nónvík (Hjallatanga) í Stykkishólmsbæ .
Tillagan tekur til um 3,4 ha lands merkt íbúðarsvæði á gildandi Aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar. Svæðið liggur meðfram sjó í vestur og afmarkast af íbúðarsvæðinu Móholti og hesthúsabyggð Fákaborgar í austurátt. Á svæðinu hafa nú þegar verið byggð 20 einbýlishús, en þar að auki er gert ráð fyrir 10 einbýlishúsalóðum.
Deiliskipulagstillagan verður til sýnis í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar frá fimmtudeginum 8. september 2011. Einnig er hægt að kynna sér tillöguna á heimasíðu bæjarins, (www.stykkisholmur.is).
Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til skipulags- og byggingafulltrúa Stykkishólmsbæjar, Hafnargötu 3. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með föstudagsins 21. október 2011.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Stykkishólmsbæ.

## Styrkir



# NORA styrkir samstarf á Norður-Atlantssvæðinu

**Norræna Atlantssamstarfið (NORA) hefur að markmiði að styrkja samstarf á Norður-Atlantssvæðinu og þannig skapa sterkt norrænt svæði sem einkennist af öflugri sjálfbærri efnahagsþróun.**

Ein af leiðunum að þessu markmiði er veiting styrkja tvisvar á ári til samstarfsverkefna með þátttöku að lágmarki tveggja af fjórum aðildarlöndum (Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og sjávarbyggðum Noregs). Nú óskar NORA eftir verkefnahugmyndum með umsóknarfrest þann 3. október 2011.

Í aðgerðaáætlun NORA fyrir árið 2011 er sjónum sérstaklega beint að fámennum samfélögum á starfsvæðinu. Þess vegna vill NORA gjarnan fá umsóknir vegna verkefna sem miða að framleiðslu eða starfsemi í fámennum byggðum.

Þess utan geta umsóknir heyrt undir fjögur megináherslusvið NORA, sem eru:

**Auðlindir sjávar**
Verkefni þar sem unnið er út frá sjálfbærni og nýsköpun að bættri nýtingu afurða, líftækni, sem og framleiðslu aukaafurða og sjávarafurða.

**Ferðaþjónusta**
Áhersla á verkefni sem bjóða upp á nýja þjónustu á sjálfbæran hátt, t.d. menningar- og náttúrutengd ferðaþjónusta.

**Upplýsinga- og samskiptatækni**
Verkefni þar sem þróun upplýsingatækni er markmiðið.

**Samgöngur og flutningar**
Áhersla á verkefni sem bæta flutninga og samgöngur á svæðinu og verkefni þar sem bæta á öryggi og viðbúnað á hafinu.

Undir heitið „Annað svæðasamstarf" heyra verkefni sem ekki falla að áðurnefndum flokkum, en geta engu að síður fallið að markmiðum NORA. Til dæmis verkefni í landbúnaði, orkugeira eða verkefni þar sem fengist er við önnur sameiginleg úrlausnarefni á svæðinu.

NORA veitir styrki að hámarki 500.000 danskar krónur á ári og að hámarki í þrjú ár. Lágmarksskilyrði er að þátttaka sé frá að tveimur NORA-löndum, en það er eftirsóknarvert að löndin séu fleiri. Þá hefur NORA á undanförnum árum lagt áherslu á samstarf við nágranna til vesturs og þar af leiðandi er jákvætt að verkefnaþátttaka sé frá Kanada eða skosku eyjunum.

**Umsóknarfrestur er mánudagurinn 3. október 2011.**

Útfylla skal umsóknareyðublað sem sækja má á heimasíðu NORA, www.nora.fo og þar er einnig að finna leiðbeiningar undir valtakkanum „Guide til projektstøtte". Þá er umsækjendum velkomið að leita til skrifstofu NORA í Færeyjum, eða til landskrifstofa í viðkomandi löndum um nánari upplýsingar og ráðgjöf. Tengiliður á Íslandi er: Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun, s. 455 5400 og netfang sigga@byggdastofnun.is

Senda á umsóknina rafrænt (á word-formi) til NORA og sömuleiðis útprentaða og undirritaða umsókn með pósti. Fylgigögn, eins og verklýsing og annað ítarefni, sendist rafrænt (á word, excel eða pdf-formi).

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er svæðastarf á vegum nefndar sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Til NORA heyra Færeyjar, Grænland, Ísland og strandsvæði Noregs. Norræna ráðherranefndin fjármagnar starfsemina ásamt fjárframlagi þátttökulandanna.

NORA Nordisk Atlantsamarbejde

NORDISK ATLANTSAMARBEJDE
undir Bryggjubakka 17 · Box 259 · FO-110 Tórshavn
Tel: +298 30 69 90 · Fax: +298 30 69 01

SENDISTOVAN


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir




Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr**. eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

**Opið alla daga kl. 10–19 og fimmtudaga kl 10–21**



57% afsláttur

GUNNAR THORODDSEN – ÆVISAGA
**Nú: 2.990 kr.**
Verð áður: 6.990 kr.



64% afsláttur

SEX GRUNAÐIR – INNB
**Nú: 1.990 kr.**
Verð áður: 5.490 kr.



58% afsláttur

JÖRÐIN OKKAR – MYNDAATLAS BARNANNA
**Nú: 1.690 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.



50% afsláttur

STÓRA MATARBÓKIN
**Nú: 7.990 kr.**
Verð áður: 15.990 kr.



25% afsláttur

BOOT CAMP – HÁMARKSÁRANGUR
**Nú: 2.990 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.



55% afsláttur

STAFRÓF DÝRANNA – KILJA
**Nú: 890 kr.**
Verð áður: 1.980 kr.



35% afsláttur

10 X 10 LEIKIR – KILJA
**Nú: 1.290 kr.**
Verð áður: 1.990 kr.



55% afsláttur

GRALLI GORMUR OG STAFASEIÐURINN MIKLI
**Nú: 1.20 kr.**
Verð áður: 1.990 kr.



91% afsláttur

SNJALLYRÐI –TILVITNANIR OG SPAKMÆLI
**Nú: 90 kr.**
Verð áður: 990 kr.



54% afsláttur

TÍU LITLIR KENJAKRAKKAR
**Nú: 690 kr.**
Verð áður: 1.490 kr.

Allir kátir krakkar sem koma í dag fá Kókómjólk!

**Allt að 90% afsláttur**

STJÓRNARSKRÁ LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
**Nú: 690 kr.**
Verð áður: 990 kr.



30% afsláttur

ROKLAND – KILJA
TÍU RÁÐ TIL AÐ HÆTTA ... – KILJA
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 3.980 kr.

75% afsláttur

2 fyrir 1



Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** æsa, **6.** gjaldmiðill, **8.** arr, **9.** bók, **11.** átt, **12.** árás, **14.** rými, **16.** guð, **17.** skordýr, **18.** rjúka, **20.** bor, **21.** stagl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** listi, **3.** í röð, **4.** framleiðsla, **5.** siða, **7.** skrapast, **10.** tæki, **13.** þukl, **15.** skóbotn, **16.** blóm, **19.** samtök.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** kr, **8.** sig, **9.** rit, **11.** na, **12.** ásókn, **14.** pláss, **16.** ra, **17.** fló, **18.** ósa, **20.** al, **21.** stag.
**LÓÐRÉTT: 1.** skrá, **3.** rs, **4.** vinnsla, **5.** aga, **7.** rispast, **10.** tól, **13.** káf, **15.** sólí, **16.** rós, **19.** aa.






Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið








– og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001–2011

Allt sem þú þarft


# Tommi og Jenni úti á sjó

**BAKÞANKAR**
Sigríðar Víðis Jónsdóttur



Vá, var ekki gaman að vera krakki og búa í svona litlum bæ úti á landi?“ Vinir mínir úr Reykjavík horfðu spennt-ir á mig þar sem við ókum niður á höfn á Akranesi. „Já, vera úr svona bæ en ekki bara einhverju hverfi!“ héldu þeir áfram með glampa í auga. „Þegar tveir úr svona bæ hittast verður til allt önnur tenging en þegar einhver rekst á annan úr öðru hverfi í Reykjavík og þeir byrja að spjalla. Já, frábært, ertu úr Grafarvoginum?“

**SJÁLF** mundi ég ekki eftir að hafa velt þessu svona fyrir mér. Var líka enn að venjast nýju heimsmyndinni minni eftir að ég flutti suður: Að Skaginn væri „bær úti á landi“. Þegar ég var lítil hafði Akranes alltaf bara verið Akranes. Svo tók líka ekki nema klukkutíma að sigla til Reykjavíkur með Akraborginni og einn og hálfan tíma að aka Hvalfjörðinn. Reyndar var alltaf eins og það væri lengra frá Reykjavík og upp á Skaga en öfugt – jafnvel óralangt. „Ha, og skjótist þið síðan bara oft hingað suður og aftur upp eftir og er það ekkert mál?“

**VIÐ** vinirnir vorum í hópferð á Skaganum og ég að sýna þeim æskuslóðirnar. Þarna var aðaltorgið í bænum, rúnturinn, bíóið, kirkjan, sundlaugin. Og þarna var fallega Akrafjallið mitt. Og elsku Langisandur! Þegar ég var farin að rómantísera um Akraborgina ákvað ég að tímabært væri að halda kjafti. Jú, vissulega hafði oft verið alveg hreint ljómandi að sigla suður, horfa á sólina gylla Faxaflóann og allt það – en þetta gat líka verið lengsti klukkutími í heimi og svo langur að lítið barn tók ósjálfrátt að velta fyrir sér hvort tíminn hefði stöðvast, gengi mögulega orðið aftur á bak. Raddirnar í Tomma og Jenna skáru í eyru þess sem lá í fósturstellingu fyrir framan gamalt sjónvarp, náfölur í framan í þungri vélarlykt.

**ÞAÐ** var gott að búa á Akranesi og Skaginn er enn jafn yndislega fallegur. Margt hefur þó breyst – til dæmis eru núna margar verslanir upp frá sem lítil stúlka sá áður „bara í Reykjavík“. Skagaver lokaði og Bónus og Nettó opnuðu, Grundaval breyttist í Samkaup Strax. Hin sögufræga Axelsbúð hætti rekstri – verslun sem fylgt hafði bænum svo áratugum skipti og seldi meðal annars veiðivörur og ýmsar byggingarvörur. Húsasmiðjan og Byko komu báðar á Skagann.

**Í BÆNUM** er að finna heilt hverfi með steyptum götum og götuskiltum – öllu nema húsunum. Þegar ég ek um Skagann í dag get ég ekki annað en velt einu fyrir mér: Í hversu mörgum bæjum er nákvæmlega sömu sögu að segja?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ
TS11
NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA
119.900
FÆST Í 2 LITUM
LK11
119.900
TS11
SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA
149.900
LS11
169.900
X series
ÖRÞUNN OG FISLÉTT
169.900
ProBook
99.900
149.900
99.900
EEEPC
49.900
5742
74.900
M5040
99.900
L755D
119.900
10.1"TAB
129.900
MacBook
159.900
8BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is

! **KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR** myndlistarmaður og Anne L. Strauss, sýningarstjóri við Metropolitan-safnið í New York, ræða um sýninguna Katrin Sigurdardottir at the Met, sem sett var upp í Metropolitan á síðasta ári. Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, stýrir umræðunum, sem fara fram í Hafnarhúsinu og hefjast klukkan átta.

## BÓKMENNTAHÁTÍÐ Í DAG

**9.00** Útgefendamálþing. Norræna húsið

**12.00** Höfundaviðtöl, Herta Müller, Jórunn Sigurðardóttir,Sara Stridsberg, Soffía Auður Birgisdóttir, Sjón, Katharina Narbutovic: Anna Politkovskaja, Alberto Blanco. Norræna húsið

**14.30** Fyrirlestur: Nawal El Saadawi. Norræna húsið

**16.00** Fyrirlestur: Alberto Blanco. Háskóli Íslands

**20.00** Upplestur, Pétur Gunnarsson, Anna Politkovskaja (1958-2006), Matt Haig, Kristín Svava Tómasdóttir Vikas Swarup. Iðnó


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

31.08.11 - 07.09.11




**1** Einn dagur - kilja
David Nicholls




**2** Lýtalaus - kilja
Tobba Marinós




**3** Hollt nesti heiman að
Margrét, Sigurrós og Sigurveig




**4** Stóra Disney köku- og brauðbókin - Walt Disney



**5** Prjónað úr íslenskri ull
Oddný S. Jónsdóttir




**6** Frelsarinn - kilja
Jo Nesbø




**7** Íslenskur fuglavísir
Jóhann Óli Hilmarsson




**8** Justin Bieber - Eins og hann er
Sögur útgáfa




**9** Skindauði - kilja
Thomas Enger




**10** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**DENISE EPSTEIN** Hin 82 ára Denise Epstein hefur verið á faraldsfæti síðan Frönsk svíta kom út í Frakklandi 2004. Hún kvartar ekki og segir gaman að fara víða og sjá bókina á svo mörgum tungumálum, en hún hefur verið þýdd á 40 tungumál. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLI

# ÁRATUGAGÖMUL SKÁLDSAGA VARÐ METSÖLUBÓK

**Fáar skáldsögur eiga sér dramatískari útgáfusögu en Frönsk svíta, sem er nýkomin út á íslensku. Höfundurinn Irène Némirovsky lést í útrýmingarbúðum árið 1942 en handritið var í fórum dætra hennar áratugum saman. Sú eldri, Denise Epstein, er gestur á Bókmenntahátíð Reykjavíkur.**

„Ég var þrettán ára og systir mín fimm ára þegar faðir minn var handtekinn í október árið 1942 nokkrum mánuðum á eftir móður minni. Faðir minn bað mig um tvennt, að gæta systur minnar og töskunnar. Það liðu mörg ár þar til ég opnaði töskuna, allavega tíu ár,“ segir Epstein sem vissi af því að í töskunni leyndist handrit enda hafði hún fylgst með móður sinni skrifa það síðustu árin sem hún lifði.

„Ég vissi ekki hvað var í þessu handriti. Árum saman héldum við systurnar að það hefði dagbók að geyma og maður má náttúrulega ekki fara í dagbækur annarra. Og ég var alltaf að bíða eftir því að eigandinn kæmi til baka.“

### Örlagaríkt vatnstjón

Áratugir liðu þar sem handritið var í vörslu Epstein en á níunda áratugnum varð vatnstjón á heimili hennar til þess að hefja atburðarás sem endaði með útgáfu handritsins. „Þetta var hversdagslegt slys, þvottavélin fór að leka og vatnið úr henni lak í áttina að bókahillunni þar sem meðal annars handritið var að finna. Þetta slys opnaði augu mín fyrir því að það væri ekki hægt að geyma handrit af þessu tagi heima við, það síðasta sem móðir mín skrifaði.“

Epstein gat þó ekki hugsað sér að afhenda handritið án þess að vita hvað stæði í því og ákvað að skrifa það upp. „Það tók tímann sinn því handritið var skrifað með mjög smáu letri, stafirnir voru um 3 millimetrar, ég þurfti að nota stækkunargler,“ segir Epstein sem skrifaði upp fyrsta hlutann og áttaði sig ekki á því strax að móðir hennar hafði einnig lokið við annan hluta sögunnar. „En alls tók það mig tvö og hálft ár að skrifa handritið upp.“

### Erfitt að skilja við handritið

Að lokinni þessari vinnu fór hún með handritið til handritastofnunar í Frakklandi, og það var ekki auðvelt. „Þetta var eitt af því fáa sem ég átti eftir móður mína, það var mjög erfitt að skilja við það,“ segir Epstein.

Þrátt fyrir að hafa skrifað upp handritið hvarflaði það enn ekki að Epstein að gefa það út. Nokkrum árum síðar barst það hins vegar í tal í kokteilboði þar sem Epstein var að ræða við skáldkonuna Myriam Anissimov og þá varð ekki aftur snúið. „Hún varð strax svo áhugasöm, spurði um efni sögunnar og þegar hún heyrði að þetta væri samtímasaga, gerðist í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari þá vildi hún óð og uppvæg koma handritinu í hendur bókaútgefenda til yfirlestrar. „Sá sem las það yfir sagði strax að handritið væri meistaraverk. Ég hafði ekki litið á það þannig, fyrir mér hafði það tilfinningalegt gildi sem það síðasta sem móðir mín vann að.“

Epstein segir að hún hafi þó velt því afar vel fyrir sér hvort rétt væri að gefa bókina út. „Ég gat ekki verið alveg viss um að hún hefði verið tilbúin. En ritstjóri verksins virti þær óskir mínar að fara alveg eftir handritinu. Þegar svo verkið kom út var ég mjög stolt, en leið samt að sumu leyti eins og ég væri orðin munaðarlausari en áður, það hafði fylgt mér svo lengi. Ég sé auðvitað ekki eftir neinu, en hefði gjarnan viljað að systir mín hefði notið velgengninnar með mér,“ segir Epstein en systir hennar Élisabeth lést árið 1993.

Frönsk svíta kom út 2004 og fékk strax afbragðsdóma og varð metsölubók. Hún segir frá því umróti sem varð við hernám Þjóðverja á Frakklandi og þykir lýsa því mjög vel. Spurð hver sé skýringin á því að 62 ára gömul saga slær í gegn segir Epstein söguna auðvitað mjög góða. „Og svo má ekki gleyma að það eru fáar sögur til sem sagðar eru frá þessu samtímasjónarhorni, skáldsögur sem skrifaðar hafa verið um seinni heimsstyrjöldinni eru sjaldnast skrifaðar í stríðinu.“

sigridur@frettabladid.is

## FÆDDIST Í ÚKRAÍNU, FLÚÐI TIL FRAKKLANDS OG LÉST Í AUSCHWITZ

Irène Némirovsky fæddist í Kiev í Úkraínu árið 1903. Þó að móðurmál hennar hefði samkvæmt því átt að vera rússneska varð franska henni strax töm því fóstra hennar sá að mestu um uppeldið. Foreldrar hennar voru auðugir gyðingar sem höfðu lítinn tíma eða áhuga á hefðbundnu fjölskyldulífi. Raunar var móðir hennar alveg áhugalaus um dóttur sína sem setti mikið mark á Némirovsky og verk hennar. Fjölskyldan neyddist til að flýja Rússland eftir rússnesku byltinguna og dvöldu þau meðal annars í Finnlandi í eitt ár áður en þau settust að í Frakklandi.



Némirovsky sem hafði tekið að skrifa á unga aldri gaf út sína fyrstu sögu aðeins átján ára gömul. 1929 kom út skáldsagan David Golder sem sló í gegn og í kjölfar hennar varð hún mjög þekkt. Hún hélt ótrauð áfram, skrifaði fjölda verka þar sem söguefnið var iðulega málefni sem hún þekkti vel, arfleifð fjölskyldunnar, rússnesk fortíð, það að vera gyðingur og tilraun hennar til að vera frönsk.

Skref í þá átt var þegar hún skírðist til kaþólskrar trúar ásamt fjölskyldunni. Það dugði hins vegar skammt eftir að Frakkland var hernumið. Fjölskyldan settist að í smáþorpi í Mið-Frakklandi og þar bjó hún þar til Irène og eiginmaður hennar voru send í útrýmingarbúðir nasista í Auschwitz.

Dæturnar tvær, Denise og Élisabeth, fóru með aðstoð góðs fólks huldu höfði í stríðinu og ávallt var taskan með handritinu að Franskri svítu með í för. Þess má geta að þegar þær systur leituðu á náðir ömmu sinnar að loknu stríðinu vísaði hún þeim á bug, sagði að þær gætu farið á munaðarleysingjahæli.

Eftir að bókin var gefin út kviknaði áhugi á höfundarverki Némirovskys sem var fallin í hálfgerða gleymsku og nú í haust verða öll verk hennar gefin út í veglegri heildarútgáfu í Frakklandi.




# KAMERON BINK ÚR HINUM VIRTU DANSÞÁTTUM AÐALKENNARI!







## Ekki missa af þessu einstaka tækifæri

## Við byrjum á fullum krafti 12. sept!

## Skráðu þig strax á dancecenter.is!

**REYKJAVÍK - KÓPAVOGUR - GARÐABÆR**

**Í glæsilegri aðstöðu:**

**REYKJAVÍK** – ÞRÓTTI, Þróttur, Engjavegi 7
**KÓPAVOGUR** – HK, Digranesvegi
**GARÐABÆ** – SJÁLANDSSKÓLA, Löngulínu 8.

Tryggðu þér pláss með því að skrá þig strax á dancecenter.is

**Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is og á facebookgrúbbu DanceCenter RVK. Einnig er hægt að senda tölvupóst á dancecenter@dancecenter.is eða hringja í síma 777 3658 hjá DanceCenter Reykjavík.**

**Fjöldi 12 vikna námskeiða í HÆSTA Gæðaflokki!**
**Minnum á ÁRSKORTIN!**

Jazzfunk | Street | Hip hop | Break |
Nútímadans | Barnadansar & Ballett |

**DÖNSUM svo lengi sem lifum!**

Aldur: 3-4 ára, 5-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára, 20-24 ára, 25-35 ára, 35+

## Stórglæsileg JÓLAsýning!

**DansLið þáttanna kemur sérstaklega á vegum:**








DANCE CENTER REYKJAVÍK

www.dancecenter.is

## Í bíó

**Á annan veg**

★★★★

„Óvenju þroskuð kvikmynd frá nýliðanum Hafsteini, krydduð hæfilegum skammti af húmor og depurð.“ HVA

**The Tree of Life**

★★★★

„Stríðsyfirlýsing gegn meðalmennsku. Mögnuð upplifun og ég tek hatt minn ofan fyrir Malick.“ HVA



**Á ANNAN VEG** Kvikmynd eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson.

**Conan The Barbarian**

★★

„Fyndin mynd og fjörug, ef maður fer heim í hléi.“ HVA

**Cowboys And Aliens**

★★★

„Vestrinn Cowboys and Aliens gjörsigrar vísindaskáldsöguna Cowboys and Aliens. Hræran fer þó ágætlega niður með poppinu.“ HVA




Árbæjarkirkja

**Fimmtudaginn 8. september hefst vetrarstarf Barnakórs Árbæjarkirkju**

**Söngur, dans og tónlist!**

Öll börn á aldrinum 7-10 ára eru velkomin í kórinn sem æfir einu sinni í viku.

Stjórnandi kórsins er Margrét Sigurðardóttir.

**Skráning fer fram í safnaðarsal Árbæjarkirkju fimmtudaginn 8. september klukkan 15.00. Nánari upplýsingar veitir kórstjóri í síma 6953314.**


# Ótrúlegasta reynsla ævi minnar

**Gina Belafonte segir að gerð heimildarmyndar um föður sinn, Harry Belafonte, hafi verið ótrúlegasta reynsla ævi sinnar. Myndin verður sýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni RIFF.**



**FEÐGIN** Gina og Harry Belafonte hafa ferðast um allan heiminn til að kynna heimildarmyndina Sing Your Song. NORDICPHOTOS/GETTY

Gina Belafonte, dóttir goðsagnarinnar Harry Belafonte, verður á meðal gesta á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem hefst 22. september.

Hún kemur hingað sem meðframleiðandi heimildarmyndarinnar Sing Your Song sem fjallar um söngvarann, leikarann, „calypso-kónginn“ og mannréttindafrömuðinn Harry Belafonte. Hún verður viðstödd sýningu myndarinnar og tekur þátt í umræðum að henni lokinni. „Þessi mynd hefur gefið mér tækifæri til að ferðast út um allan heim og ég er spennt yfir því að Ísland sé einn af áfangastöðunum,“ segir Belafonte.

Sing Your Song hefur þegar verið valin til sýninga á kvikmyndahátíðunum í Berlín, Tribeca og Sundance, og hefur hvarvetna vakið athygli og fengið góða dóma. Myndin rekur ævi þessa rómaða listamanns, gegnum líf, listir og baráttu hans fyrir jöfnuði og grundvallarmannréttindum öllum til handa. Flestir þekkja söngvarann Harry Belafonte, sem er 84 ára, og smelli hans á borð við Banana Boat Song og Jump in the Line. Færri vita að hann vann náið með Martin Luther King í réttindabaráttu svartra í Bandaríkjunum, tók virkan þátt í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku og gagnrýndi opinberlega utanríkisstefnu ríkisstjórnar George W. Bush. Hann er einnig upphafsmaður átaksins We Are the World og hefur verið góðgerðasendiherra UNICEF í næstum tuttugu ár.

Gerð heimildarmyndarinnar tók sex og hálft ár. Spurð hvort framleiðslan hafi verið krefjandi segir hin fimmtuga Belafonte að vissulega taki slíkt verkefni tíma og fyrirhöfn. „Við þurftum að takast á við margar áskoranir en að mestu leyti var þetta ótrúlegasta reynsla ævi minnar. Það var ómetanlegt að fá tækifæri til að skrásetja arfleifð föður míns og komast að því hvers konar maður hann er og var og hvert framlag hans var til bandarískrar sögu,“ segir hún. Sjálf á hún að baki feril sem leikkona í breikdansmyndinni Beat Street, Bright Lights Big City með Michael J. Fox í aðalhlutverki og Kansas City eftir Robert Altman.

Þau feðgin hafa unnið saman í næstum tuttugu ár við hin ýmsu samfélagsverkefni og einnig hafa þau gert nokkrar myndir saman. Er auðvelt að vinna með honum? „Ég veit það ekki. Er auðvelt að vinna með snillingum?“ segir hún og hlær. „Ég get ekki borið hann saman við neinn annan. Það er frábært að vinna með honum. Hann er samstarfsfús, ástríðufullur og hefur skýrar hugmyndir um hverju hann vill ná fram.“

En hvers vegna ákvaðstu að gera þessa heimildarmynd? „Mig langaði að svara ýmsum spurningum. Þegar ég ólst upp var ýmislegt sem ég vildi vita og síðan var dóttir mín að verða sjö ára og bróðir minn var að eignast sitt barn. Mig langaði að skrásetja fyrir þau ævi föður míns, sérstaklega frá hans sjónarhorni. Þannig að þegar þau yxu úr grasi hefðu þau betri skilning á því hver hann var og hvert framlag hans var.“

freyr@frettabladid.is






**Gott í bíó:** Diljá Ámundadóttir varaborgarfulltrúi

## Alvöru stemning frá níunda áratugnum



„Ég sá Á annan veg á föstudaginn og hún náði mér alveg. Hún er alveg yndislega „low budget“ en nær samt að vera alvörumynd sem skilar stemningunni frá níunda áratugnum til áhorfenda. Ég vona að sem flestir Íslendingar fari á þessa mynd og leggi sín lóð á vogarskálarnar til að íslensk kvikmyndagerð haldi áfram að dafna. Svo vil ég mæla með sýningu Crispins Glover í Bíó Paradís 16. og 17. september næstkomandi. Ég hef ekki séð sýninguna hans en mér er sagt að hún sé frábær. Þetta er gaurinn sem lék George McFly í Back to the Future og Scary Thin Man í Charlie's Angels. Hann notar peningana sem hann fær fyrir að leika í Hollywood-myndum til að vinna í sínum költheimi. Þetta er fjögurra tíma „sjóv“ og ætti að verða mögnuð upplifun.“

# Keith Richards höfundur ársins hjá GQ

Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, komst að því að hann var miklu andstyggilegri en hann hélt þegar hann byrjaði að skrifa sjálfsævisögu sína, Life. Hann var nýlega kjörinn rithöfundur ársins af karlatímaritinu GQ á verðlaunaafhendingu þess í London. „Ég komst að því að ég er miklu andstyggilegri en ég hélt að ég væri. Á sama tíma áttaði ég mig á því hversu vináttan skiptir mig miklu máli og hversu miklu vinátta mín hefur skipt aðra máli, sem ég hafði ekkert hugsað áður út í,“ sagði Richards, sem er 67 ára.



**VERÐLAUNAÐUR** Keith Richards var verðlaunaður fyrir skrif sín af tímaritinu GQ.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 8. september 2011**

### ➜ Tónleikar

**21.00** Hljómsveitin **The Wicked Strangers** spilar á Kreppukvöldi á Bar 11. Ókeypis aðgangur.

**21.30** Danska þungarokkhljómsveitin **The Psyke Project** heldur tónleika ásamt hljómsveitunum Momentum, Logn og Muck á Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



Thin Jim

**21.30** Hljómsveitin **Thin Jim** and the Castaways heldur tónleika á Café Rosenberg. Breski gítarleikarinn og söngvarinn Chris Foster hitar upp. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



Óttarr Proppé í Ham

**22.00** Hljómsveitin **Ham** heldur útgáfutónleika á Nasa. Hljómsveitin Swords of Chaos sér um upphitun. Miðaverð er kr. 2.500 og 20 ára aldurstakmark.

### ➜ Leiklist

**19.00** Sýningin **Hárið** í leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar sýnt í Hörpu. Miðaverð er kr. 3.950.

### ➜ Fræðsla

**11.00** Sýnikennsla í **ungbarnanuddi** verður í Eymundsson Smáralind. Elsa Lára Arnardóttir, sjúkranuddari, sér um nuddstundina en hún gaf út bókina Nudd fyrir barnið þitt í sumar. **Allir eru velkomnir.**

### ➜ Sýningar

**Agnar Agnarsson,** tónlistarmaður og hönnuður, sýnir lampa í galleríinu Mánu, mánu í Kaffifélaginu, Skólavörðustíg 10. Sýningin mun standa út september.

### ➜ Umræður

**20.00** Umræður verða í Hafnarhúsinu um einkasýningu **Katrínar Sigurðardóttur, Boiserie**, sem sett var upp í Metropolitan safninu í New York á síðasta ári. Sýningarstjóri sýningarinnar Anne L. Strauss fer yfir verkefnið ásamt Katrínu. Viðburðurinn fer fram á ensku og er **aðgangur ókeypis.**

### ➜ Kvikmyndir

**18.00** Konfúsíusarstofnunin **Norðurljós** sýnir kvikmyndina **Dulin ást í ferskjublómalandi** í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands. Kvikmyndin er eftir tævanska leikstjórann Stan Lai og er frá árinu 1992. **Aðgangur er ókeypis.**

### ➜ Bókmenntir

**10.00** Í dag, **á degi læsis** verður kössum með ókeypis bókum dreift á fjölmenna staði á Akureyri, svo sem á kaffihús, í verslanir, banka, heilsugæslu, leikfélagið, hótel, sundlaugina og fleiri staði. Allir geta tekið með sér bók í september og skilað að lestri loknum í sambærilegan bókakassa.



Herta Müller

**12.00** Nóbelsskáldið **Herta Müller** ræðir nýjustu skáldsögu sína Atemschaukel, sem nýlega kom út í íslenskri þýðingu undir heitinu Andarsláttur, í Norræna húsinu. Viðburðurinn er hluti af Bókmenntahátíð í Reykjavík.

**20.00** **Anders Ahnfelt Rønne** flytur einleikinn Kontrabassann eftir Patrick Suskind í Norræna húsinu. Sýningin eru hluti af Bókmenntahátíð í Reykjavík. Miðaverð er kr. 1.500.

### ➜ Dans

**12.15** Verkið Nú nú verður flutt í Hafnarhúsinu. Sýningin er hluti af Reykjavík Dance Festival. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**15.30** Verkið The Lost Ballerina verður flutt í Listasafni Íslands. Sýningin er hluti af Reykjavík Dance Festival.

Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**19.00** Verkið **What a feeling + Heilaryk** verður flutt í Tjarnarbíói. Sýningin er hluti af Reykjavík Dance Festival. Aðgangseyrir er kr. 3.500.

**20.00** Verkið **Dedication** verður flutt á Kex Hostel. Sýningin er hluti af Reykjavík Dance Festival. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**21.00** Verkið **Tanz** verður flutt í Tjarnarbíói. Sýningin er hluti af Reykjavík Dance Festival. **Aðgangseyrir er kr. 2.000.**

**22.00** Verkið **Court 0.9144m** verður flutt í Tjarnarbíói. Sýningin er hluti af Reykjavík Dance Festival. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

### ➜ Uppistand

**20.30** Innrásarvíkingarnir Beggi blindi, **Rökkvi Vésteins og Elva Dögg Gunnarsdóttir** með uppistand á Kaffi 59 á Grundarfirði. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### ➜ Tónlist

**21.00** Plötusnúðurinn **Dj Atli Kanilsnúður** þeytir skífum á neðri hæð Faktorý. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Plötusnúðurinn **Creature of the Night** þeytir skífum á Bakkus. Aðgangur ókeypis.



Ingólfur Þórarinsson

**22.00** Finnski plötusnúðurinn **Dj Kúkún** frá Færeyjum spilar á Prikinu. Aðgangur ókeypis.

**22.00** **Ingó Veðurguð** heldur uppi stuðinu á Café Oliver. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Jónas** þeytir skífum á Vegamótum. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Fyrirlestrar

**14.30** Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum stendur fyrir opnum fyrirlestri egypska rithöfundarins Nawal El Saadawi í samstarfi við Bókmenntahátíð í Reykjavík. Fyrirlesturinn kallast Sköpunarmáttur, andóf og konur og fer fram í Norræna húsinu.

### ➜ Samkoma

**10.30** Fjölskyldumorgun á aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur í Grófarhúsi. Fjölskyldum með börn á aldrinum 0-6 ára er boðið að koma og eiga saman góða samverustund. Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




ST. VINCENT


WILCO

> Í SPILARANUM

St. Vincent - Strange Mercy
Sóley - We Sink
Clap Your Hands Say Yeah - Hysterical
Edgar Smári - Blær
Wilco - The Whole Love

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## PJ Harvey vann aftur

Enska tónlistarkonan PJ Harvey hlaut sín önnur Mercury-verðlaun fyrir plötuna Let England Shake við hátíðlega athöfn í London. Þar með varð hún fyrsti listamaðurinn til að vinna þessi virtu verðlaunin í tvígang.

Fyrir tíu árum, eða 11. september 2001 þegar hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin áttu sér stað, varð PJ Harvey fyrsta konan til að hljóta verðlaunin fyrir plötuna Stories From the City, Stories From the Sea. Þá flutti hún hjartnæma þakkarræðu í gegnum síma frá Washington-borg. „Þessi atburður fyrir tíu árum virkar mjög óraunverulegur núna. Ég man bara eftir því að hafa verið í hótelherberginu, horft á sjónvarpið og séð Pentagon brenna," sagði hin 41 árs Harvey.

Hún bætti við að nýja platan, sú áttunda í röðinni, hefði orðið allt öðruvísi ef atburðirnir 11. september hefðu ekki gerst. Þar syngur hún um England og þátttöku landsins í stríði, þar á meðal seinni heimsstyrjöldinni, í Írak og Afganistan.


**SIGURVEGARI** PJ Harvey með sín önnur Mercury-verðlaun á ferlinum. NORDICPHOTOS/GETTY




> PLATA VIKUNNAR

Ham - Svik, harmur og dauði

★★★★

„Svik, harmur og dauði er stórkostleg plata. Hún er ekki frumleg, en unun er að hlusta á flutning Sigurjóns Kjartanssonar og Óttars Proppé á hárfínni línu þess fyndna og harmræna." - afb



**TÓNNINN GEFINN**
**Trausti Júlíusson**

## *Öðruvísi plata frá Tinariwen*

Ein af bestu plötum ársins 2009 að margra mati var Imidiwan – Companions með malísku eyðimerkursveitinni Tinariwen. Tónlistin á henni var ómótstæðileg blanda af vestur-afrísku grúvi, blús og vestrænni rokktónlist. Tinariwen er mjög stórt nafn í heimstónlistinni, en sveitinni hefur líka tekist að heilla rokk- og poppunnendur. Hún gerði til dæmis mikla lukku á Glastonbury-hátíðinni árið 2009.

Fimmta plata Tinariwen, Tassili, kom út í síðustu viku. Á henni kveður við nýjan tón hjá hljómsveitinni. Hún hefur lagt rafmagnsgítarana á hilluna, en þeir voru ráðandi á síðustu plötum. Á þeirri nýju eru kassagítarar og hefðbundin ásláttarhljóðfæri ráðandi. Fyrir bragðið er stemningin á henni afslappaðri. Þetta er tónlist sem gæti passað vel við varðeldinn að kvöldi til í eyðimörkinni.


**GÓÐIR GESTIR** Eyðimerkursveitin fær hjálp frá meðlimum Wilco og TV on the Radio á nýju plötunni Tassili.

Tónlist Tinariwen hefur alltaf verið sambland af afrískum og vestrænum áhrifum. Sveitin leggur rækt við tónlistarhefð Kidal-héraðsins í Malí, en er líka opin fyrir nýjum straumum. Í þeim anda fengu þeir nokkra gesti til að spila á Tassili. Nels Cline, gítarleikari Wilco, er gestur í upphafslagi plötunnar, Imidiwan Ma Tennam; Tunde Adebimpe og Kyp Malone úr TV on the Radio syngja og spila í laginu Tenere Taqqim Tossam og New Orleans-lúðrasveitin The Dirty Dozen Brass Band setur sterkan svip á lagið Ya Messinagh.

Tassili ætti ekki að valda aðdáendum Tinariwen vonbrigðum. Hún hefur mörg þeirra einkenna sem gerðu fyrri plöturnar svona góðar, en sýnir líka að hljómsveitin er tilbúin að breyta til og prófa nýja hluti.




# Syngur um ást og reiði

**Þriðja sólóplata ensku tónlistarkonunnar Lauru Marling, A Creature I Don´t Know, kemur út eftir helgi. Breska pressan kallar tónlistina nu-folk.**

Þrátt fyrir að vera aðeins 21 árs gefur enska söngkonan og lagahöfundurinn Laura Marling út sína þriðju sólóplötu, A Creature I Don't Know, eftir helgi. Tónlist Marling á sér rætur í breskri og amerískri þjóðlagatónlist og hefur hún verið nefnd í sömu andrá og Crosby, Stills and Nash, Joni Mitchell, Neil Young og Leonard Cohen.

Marling fæddist í Hampshire á Englandi 1990 og lærði snemma á gítar. Pabbi hennar, sem rekur hljóðver, kynnti hana fyrir þjóðlagatónlist og kenndi henni á gítar. Sextán ára flutti Marling til London og kynntist hljómsveitum á borð við Noah and the Whale og Mumford & Sons, sem báðar spila melódískt þjóðlagapopp. Breska pressan var ekki lengi að setja stimpil á þessa nýju hreyfingu og kallaði hana „nu-folk", heiti sem Marling er ekki hrifin af.

Fyrsta plata hennar, Alas, I Cannot Swim, kom út þegar Marling var aðeins átján ára og fékk hún tilnefningu til hinna virtu Mercury-verðlauna. Næsta plata, I Speak Because I Can, kom út í fyrra. Upptökustjóri var Ethan Johns sem hefur unnið með Kings of Leon, Ryan Adams og Ray Lamontagne. Hljómurinn var þroskaðri en á frumburðinum og textarnir voru vandaðri og fjölluðu um ábyrgðina sem fylgir því að vera kona. Platan náði fjórða sæti á breska breiðskífulistanum og aftur var Marling tilnefnd til Mercury-verðlaunanna. Fyrr á þessu ári vann hún svo Brit-verðlaunin sem besti kvenkyns sólólistamaðurinn þrátt fyrir að tónlist hennar væri staðsett langt frá meginstraums vinsældapoppinu.


**ÞRIÐJA PLATA** Laura Marling hefur gefið út sína þriðju sólóplötu, A Creature I Don´t Know. NORDICPHOTOS/GETTY

Á nýju plötunni syngur Marling um ást, reiði, fjölskyldu, engla og djöfla og hlutverk kvenna. Lagið Sophia fjallar um samnefnda forna vísdómsgyðju og Salinas fjallar um móðurhlutverkið. Marling fékk innblásturinn að því lagi eftir að hafa lesið um rithöfundinn John Steinbeck.

Gagnrýnendur eru hrifnir af plötunni, segja útsetningarnar viðameiri en áður og margir telja hana þá bestu til þessa, þar á meðal breska tímaritið Q sem gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Marling fylgir plötunni eftir með tónleikaferð um Norður-Ameríku og Bretland á næstunni, þar sem kassagítarinn verður að sjálfsögðu með í för.

freyr@frettabladid.is

### LAGALISTINN

Vikuna 1. - 7. september 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters and Men | Little Talks |
| ▶ | 2 | Coldplay | Every Teardrop Is a Waterfall |
| ▶ | 3 | Mugison | Stingum af |
| ▲ | 4 | Adele | Set Fire to the Rain |
| ▶ | 5 | Páll Óskar | La Dolce Vita |
| ▶ | 6 | Jón Jónsson | *Wanna Get It* |
| ▲ | 7 | Adam Levine / Christina Aguilera | Moves Like Jagger |
| ▼ | 8 | Bubbi Morthens | Háskaleikur |
| ▲ | 9 | Red Hot Chili Peppers | *Adventures of Rain Dance* |
| ▲ | 10 | Foster the People | Pumped Up Kicks |

### TÓNLISTINN

Vikuna 1. - 7. september 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| * | 1 | HAM | *Svik, harmur og dauði* |
| ▼ | 2 | Helgi Björns & reiðm. vind. | *Ég vil fara uppí sveit* |
| * | 3 | Mezzoforte | *Volcano* |
| ▼ | 4 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▼ | 5 | Bubbi | *Ég trúi á þig* |
| ▲ | 6 | Steindinn okkar | *Án djóks ... samt djók* |
| ▼ | 7 | Jón Jónsson | *Wait for Fate* |
| ▼ | 8 | Valdimar | *Undraland* |
| ▼ | 9 | Björgvin & Hjartagosarnir | *Leiðin heim* |
| ▼ | 10 | Björk | *Gling gló* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


Helgi Björns
& reiðmenn vindanna
Háskólabíó
laugardaginn 8. október kl. 19
Hestamennirnir og leikararnir
Hilmir Snær, Atli Rafn og Jói Sig
koma og taka lagið með Helga Björns
að hestamannasið.
Atli Rafn
Hilmir Snær
Jói Sig
Miðasala hefst í dag kl. 10 á miði.is
sena
RÁS 2
midi.is

> HEIÐRUÐ Í COLORADO



Bæði George Clooney og Tilda Swinton voru heiðruð á Telluride-kvikmyndahátíðinni í Colorado nýverið fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar. Þau mættu bæði og veittu viðurkenningum sínum viðtöku. Clooney er sterklega orðaður við Óskarinn fyrir kvikmynd sína, The Ides of March.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Schwarzenegger fær stærra hlutverk

Arnold Schwarzenegger og Bruce Willis fá stærri hlutverk í The Expendables 2. Þetta staðfestir einn af framleiðendum myndarinnar í samtali við bandaríska vefsíðu, en tökur á myndinni hefjast í Búlgaríu í næstu viku. Fyrsta myndin vakti gríðarlega kátínu hjá aðdáendum gamaldags hasarmynda og naut töluverðra vinsælda í kvikmyndahúsum.

Bæði Schwarzenegger og Willis fóru með lítil hlutverk í fyrstu myndinni en sá fyrrnefndi hefur látið hafa eftir sér að hann ætli að blása nýju lífi í kvikmyndaferil sinn. Bruce mun leika illmenni myndarinnar og honum til halds og traust verður enginn annar en Jean-Claude Van Damme. Hins vegar er ekki ljóst hvert hlutverk Schwarzeneggers verður.

Og það verður ekkert til sparað til að gera Expendables stærri og betri. Því Simon West hefur verið fengin til að leikstýra og þá mun John Travolta leika lítið hlutverk. Aðdáendur Chuck Norris ættu að geta tekið gleði sína á ný eftir mögur ár því gamli harðhausinn, sem hefur orðið að hálfgerðri költfígúru, mun leika í myndinni. - fgg



**STÓRSKOTALIÐ** Jean-Claude Van Damme og Chuck Norris leika misstór hlutverk í framhaldsmyndinni The Expendables 2. Bruce Willis og Arnold Schwarzenegger verða í stærri hlutverkum en áður.



**Í FIMMTA SINN** Bruce Willis þreytist seint á því að leika John McClane, lögreglumanninn snjalla frá New York.

# Die Hard 5 verður til

Die Hard 5 verður að veruleika og leikstjórinn John Moore hefur verið ráðinn til að leikstýra myndinni. Þetta kemur fram á vefsíðunni Deadline.com. Myndin verður gerð í Rússlandi og það verður forvitnilegt að sjá hvernig John McClane gengur að takast á við Rússana. Willis verður því önnum kafinn á næstunni því eins og kemur fram hér á öðrum stað þá leikur hann stórt hlutverk í The Expendables 2.

Upphaflega var gert ráð fyrir því að leikstjórinn Noam Murro myndi stýra myndinni en hann hætti við eftir að hafa verið ráðinn til að leikstýra framhaldsmyndinni 300: Battle of Artemisia. Moore hefur leikstýrt kvikmyndum á borð við Behind Enemy Lines og Max Payne en hann þurfti engu að síður að fara í gegnum síu hjá Willis sem hefur mikið um leikstjóramálin að segja í Die Hard-myndunum. Þetta er án nokkurs vafa stærsta mynd Moore sem fær að öllum líkindum hundrað milljónir dollara til ráðstöfunar en síðasta Die Hard-mynd þénaði litlar 384 milljónir dollara á heimsvísu. - fgg


**Reykjavík International Film Festival**

Hrönn Marinósdóttir á heiðurinn af einum stærsta menningarviðburði landsins.



FÖSTUDAGUR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Aftur á stóra sviðið

**Eddie Murphy verður kynnir á Óskarnum. Sem þýðir að það verður stuð á stóra Kodak-sviðinu þegar gamanleikarinn stígur á stokk vopnaður einu frægasta brosi Hollywood og einstökum hlátri.**

Sögusagnirnar um Eddie Murphy í kynnishlutverki Óskarsins fóru á kreik um helgina. Leikstjórinn Brett Ratner, sem stýrir Murphy í gamanmyndinni Tower Heist, var sagður áhugasamur um að fá gamanleikarann til liðs við sig og í gær var verst geymda leyndarmálið í Hollywood opinberað; að Murphy hefði fengið starfið, hann yrði kynnir.

Yngra fólk kann að hrista hausinn yfir þessari ákvörðun og hugsa með sjálfu sér: hvað í ósköpunum hefur Eddie Murphy gert síðastliðin ár til að verðskulda þennan heiður? Og það er kannski ekki margt, þessi annars eitursnjalli gamanleikari hefur verið sjálfum sér verstur í hlutverkavali, hver b-myndin á fætur annarri hefur bæst á ferilskrána, ef undanskilið er aukahlutverkið í Dreamgirls. Hláturgasið, sem Murphy hafði ótæmandi aðgang að á síðustu öld, hefur ekki hrifið áhorfendur í kvikmyndum á borð við Meet Dave, Imagine That, Norbit, The Haunted Mansion eða I Spy (að meðaltali hafa þessar myndir fengið undir fimm í einkunn á hinni mjög svo jákvæðu kvikmyndavefsíðu imdb.com.).

En Murphy er fleira til lista lagt en að leika í vondum myndum því þeir sem hafa séð heimildarmyndina Eddie Murphy Raw frá árinu 1987 vita að fáir eru betri á sviði en hann. Murphy var hluti af Saturday Night Live-hópnum í fjögur ár og var stjarna hópsins. Hann hafði einstakt nef fyrir tímasetningum og var undir sterkum áhrifum frá Richard Pryor, hann þótti stundum ófyrirleitinn, grófur og jafnvel dónalegur en alltaf fyndinn. Og á níunda áratug síðustu aldar fór hann á kostum í hverri myndinni á fætur annarri; Beverly Hills Cop, 48 Hours, Coming to America og Trading Places. Og þetta veit leikstjórinn Ratner og veðjar þess vegna á Murphy. „Eddie er grínsnillingur, hann er einn besti uppistandari allra tíma og hefur haft mikil áhrif á þá list. Ást hans á kvikmyndum og einstakur hæfileiki til að töfra fram ógleymanlegar persónur eiga eftir að gera Óskarskvöldstundina að ógleymanlegri stund,“ segir í yfirlýsingu frá Ratner.

freyrgigja@frettabladid.is



NORDICPHOTOS/GETTY





**ÓLÍKU SAMAN AÐ JAFNA**

**Eddie Murphy** var vinsælastur allra gamanleikara á níunda áratug síðustu aldar. Hann umgekkst helstu stjörnurnar á þessum tíma eins og **Sylvester Stallone** og **Michael Jackson**. Nú fær hann kannski síðasta tækifærið til að bæta sitt ráð með því að vera kynnir á Óskarnum.

# Frumsýningafjör um helgina

Það verður mikið fjör í kvikmyndahúsum borgarinnar um helgina, þrjár íslenskar myndir verða frumsýndar, verðlaunamyndir frá Norðurlöndum keppast um áhorfendur í Bíó Paradís og Hollywood verður á sínum stað.

Þriðja Sveppamyndin, **Algjör Sveppi og töfraskápurinn**, verður frumsýnd í Sambíóunum á föstudag. Fyrstu tvær myndirnar nutu mikilla vinsælda og að þessu sinni þurfa þeir Sveppi, Gói og Villi að kljást við illmenni sem ásælist skápinn hans Sveppa. Sambíóin frumsýna einnig hryllingsmyndina **Fright Night** með Colin Farrell í aðalhlutverki. Þar leikur írska sjarmatröllið vampíru sem flytur í dæmigert bandarískt úthverfi og gerir allt brjálað. Íslenska heimildarmyndin **Ge9n** fjallar um réttarhöldin yfir nímenningunum sem voru kærðir fyrir árás á Alþingi í desember 2008. Leikstjóri er Haukur Már Helgason en myndin er sýnd í Bíó Paradís. Þar verða einnig sýndar þær myndir sem tilnefndar eru til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. Þá verður einnig frumsýnd heimildarmyndin **Mótvægi** sem fjallar um Bryndísi Pétursdóttur garðyrkjufræðing.

Heimildarmyndin **Knuckle** verður einnig tekin til sýningar um helgina, en hún var tólf ár í vinnslu. Hún segir frá því hvernig þrjár írskar fjölskyldur leysa aldagamlar deilur sínar með blóðugum hnefaleikabardögum. Kvikmyndin **Colombiana** sem kemur úr smiðju Luc Besson verður frumsýnd í Laugarásbíói en myndin segir frá ungri stúlku sem verður vitni að morði foreldra sinna og ákveður að gerast leigumorðingi. Zoe Zaldana úr Avatar leikur aðalhlutverkið. Síðust en ekki síst er það síðan **Melancholia** Lars von Trier með Kirsten Dunst í aðalhlutverki, en myndin hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda. - fgg





**MIKIÐ UM AÐ VERA** Haukur Már Helgason frumsýnir kvikmynd sína, Ge9n, í Bíó Paradís um helgina. Sveppi verður einnig á ferðinni með þriðju myndina sína. Þá verður mynd Lars von Trier, Melancholia, einnig frumsýnd.

# Ný snyrtivöruverslun!

www.facebook.com/ZebraShop.is

ZEBRA cosmetique

## EVELINE



Frískandi gel á augnsvæði
**1.375 kr.**



Rakagefandi andlitskrem
**1.595 kr.**



Anti-cellulite krem
**1.375 kr.**



Push-up brjóstakrem
**1.745 kr.**

## Butterfly collection



Augnskuggar - 9 litir í boxi
**1.290 kr.**



Augn- og varablýantar
**490 kr.**



Naglalakk í 180 litum
**425 kr.**



Perfect matt andlitsfarði
**785 kr.**

## Bell



Glam & sexy varalitur
**945 kr.**



French Manicure
**665 kr.**



Wow! Gloss
**835 kr.**



Derma intensive hyljari
**845 kr.**

## Donegal



Púðurbursti
**1.280 kr.**



Gerviaugnhár
**820 kr.**



Augnhárabrettari
**795 kr.**



Snyrtitaska
**8.850 kr.**

## VOLLARÉ COSMETICS



Augn- og varablýantur
**365 kr.**



Cashmir andlitsfarði
**590 kr.**



Lashes Extension maskari
**990 kr.**



Cool Eyes maskari
**990 kr.**

**Laugavegur 62 - Sími: 445-4000** Opið mán-lau: 10:00-18:00 / sun: 11:00-17:00

# Fólk

folk@frettabladid.is



**350.000 MANNS** hafa lagt leið sína í Buckingham-höll til að skoða brúðarkjól Katrínar hertogaynju af Cambridge. Það kostar rúmar 3.000 íslenskar krónur fyrir almenning að að berja kjólinn augum en hann var hannaður af Söruh Burton fyrir Alexander McQueen.

## Fá ekki nóg af Kardashian-systrum

Gríðarlega mikið áhorf var á lokaþátt sjöttu þáttaraðar raunveruleikaþáttarins Keeping Up with the Kardashians í vikunni. Þátturinn er sýndur á E!-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum, en um þrjár og hálf milljón Kardashian-þyrstir áhorfendur hlömmuðu sér í sófann og horfðu á þáttinn.

Áhorfið þykir mikið í ljósi þess að E! er kapalsjónvarpsstöð, en þær eru oftast með minna áhorf en stóru sjónvarpsstöðvarnar.

Lokaþátturinn var þrátt fyrir það með meira áhorf en margir þættir sem sýndir voru á sama tíma á NBC, FOX og hinum stóru sjónvarpsstöðvunum.

Bandaríkjamenn virðast ekki vera búnir að fá nóg af Kim Kardashian og systrum hennar. Í október verður brúðkaup Kim og körfuboltamannsins Kris Humphries sýnt í tveimur hlutum, en búast má við að áhorfið á það verði gríðarlegt.



**VINSÆL FJÖLSKYLDA** Kardashian-fjölskyldan er gríðarlega vinsæl í Bandaríkjunum um þessar mundir.

# Íslendingar í stórmyndinni Faust

**Stórmyndin Faust í leikstjórn Alexander Sokurov verður frumsýnd í kvöld. Myndin var að hluta til tekin upp á Íslandi og skartar íslenskum leikurum í aukahlutverkum.**

Leikaranum Sigurði Skúlasyni bregður fyrir á tveimur stöðum í stiklu rússnesku stórmyndarinnar Faust. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu fer Sigurður með aukahlutverk í myndinni sem var að litlu leyti tekin upp hér á landi fyrir tveimur árum.

Hann lék í tveimur atriðum í Faust og er ánægður með að hafa ekki verið klipptur út. „Maður veit aldrei þegar maður er að leika í einum eða tveimur senum í myndum. Stundum er maður klipptur út en mér sýnist ég vera þarna inni," segir Sigurður, sem skemmti sér vel við tökurnar. „Það var gaman að lenda í þessu ævintýri að taka þátt í mynd af þessari stærðargráðu og með þessum leikstjóra sem mér finnst ótrúlega góður," segir hann og á við Alexander Sokurov, einn virtasta leikstjóra Rússa. „Hann er einn sérstæðasti og besti kvikmyndaleikstjóri sem ég hef starfað með." Gerð Faust tók þrjú ár, þar af fóru tvö í eftirvinnslu sem er óvenjulega langur tími. „Hann mótar sínar myndir alveg frá a til ö. Þetta er hans sköpunarverk að öllu leyti," segir Sigurður um leikstjórann.

Framleiðslukostnaður Faust nam hundruðum milljóna króna. Þar af var sjötíu milljónum eytt hér á landi vegna kvikmyndatakanna sem voru unnar í samstarfi við Saga Film. Myndin verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í kvöld og hún verður einnig sýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, Riff. Sigurði var ekki boðið á frumsýninguna í Feneyjum en hann ætlar á sýninguna hér á landi. Forsvarsmenn Riff hafa reynt að fá Sokurov til Íslands en óvíst er hvort hann þekkist boðið. Leikstjórinn fékk heiðursverðlaun hátíðarinnar árið 2006.

Auk Sigurðar koma Svandís Dóra Einarsdóttir og Hilmar Guðjónsson við sögu í myndinni í litlum hlutverkum og einnig leika þeir Hilmar Jensson og Ævar Þór Benediktsson hermenn. Hilmar Guðjónsson, sem leikur annað aðalhlutverkanna í Á annan veg sem var frumsýnd um síðustu helgi, segist ekkert vita hvort hann hafi verið klipptur út úr Faust eður ei. „Ég lék Kaín úr Biblíunni. Hann drepur bróður sinn og þarf að éta sjálfan sig," segir Hilmar. „Það var smíðaður á mig gervifótur þar sem sást inn í bein við hnéð. Þar át ég parmaskinku og sultu íklæddur gæru í vetrarkulda úti í hrauni. Það var eina atriðið mitt."

Svandís Dóra lék Medeu í litlu atriði þar sem djöfullinn Mefisto sýnir Faust undirheimana þar sem Medea er stödd. „Hún er eiginlega bara gengin af göflunum. Hún er föst í helvíti og alveg sturluð," segir Svandís Dóra um atriðið. Hún hafði gaman af samstarfinu við Sokurov. „Hann var alveg meiriháttar. Það var þvílík reynsla og upplifun að fá að vinna með svona manni."

freyr@frettabladid.is



**VIÐ TÖKUR** Svandís Dóra, Ævar Þór Benediktsson, Hilmar Jensson og Alexander Sokurov við tökur á kvikmyndinni Faust. **Sigurður Skúlason** lék í tveimur atriðum í myndinni og sést í nýrri stiklu.


LÆRÐU AÐ NUDDA BARNIÐ ÞITT

Komdu í Eymundsson, Smáralind í dag kl. 11.00 í notalega nuddstund.

Ungbarnanudd styrkir tengslamyndun og stuðlar að vellíðan barnsins, heilbrigði og betri svefni.

Elsa Lára Arnardóttir, löggiltur sjúkranuddari, sýnir réttu handtökin. Elsa Lára hefur kennt ungbarnanudd í tíu ár og er höfundur bókarinnar Nudd fyrir barnið þitt.

Nýbakaðar mæður eru sérstaklega hvattar til að mæta.




TILBOÐ KRÓNUR 2.499*
Fullt verð 2.999 kr.
*Gildir til 14.sept.

ENNEMM / SÍA / NM47989

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is


## Smith-fjölskyldan í ímyndarherferð

Bandarískir fjölmiðlar eru hvergi nærri hættir að velta sér upp úr því moldviðri sem skapaðist þegar In Touch Magazine greindi frá því að stjörnuparið Will Smith og Jada Pinkett Smith væru að skilja eftir þrettán ára hjónaband. Þetta vakti eðlilega mikla athygli enda var sambandið talið eitt það traustasta í Hollywood. Olían á eldinn reyndist síðan vera framhaldsfréttin um að Jada Pinkett Smith og Marc Anthony hefðu átt í ástarsambandi á tökustað sjónvarpsþáttarins Hawthorne og að Will Smith hefði komið að þeim heima hjá sér og hlaupið grátandi út. Anthony var þá nýskilinn við Jennifer Lopez.

Allt hljómaði þetta eins og í bestu sápuóperu en nú hefur Jada Pinkett Smith lýst því yfir að eiginmaðurinn Will sé allt að því fullkominn eiginmaður og hjálpi henni með móðurhlutverkið. „Ég er ótrúlega þakklát fyrir það enda veit ég hversu erfitt það er að vera einstætt foreldri," lét Jada Pinkett hafa eftir sér í fjölmiðlum, en hún ólst upp hjá móður sinni sem var einstæð.

Will Smith þarf aftur á móti ekki að hafa miklar áhyggjur af því að eiginkona hans og Anthony eyði miklum tíma saman á næstunni því framleiðslu á Hawthorne hefur verið hætt eftir aðeins þrjár þáttaraðir.



**ALLIR GLAÐIR** Jada Pinkett Smith er ákaflega ánægð með manninn sinn, Will Smith, og segir hann vera góðan pabba. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hártækjadagar

byggtogbúið

## ÖLL HÁRSNYRTITÆKI Á 20-50% AFSLÆTTI

**Öll Babyliss og Remington hársnyrtitæki á góðum afslætti, en aðeins í nokkra daga:**

Sléttujárn, bylgjujárn, vöfflujárn, hárklippur, krullujárn, nefhárasnyrtar, blásarar, hitaburstar, rakvélar, keilujárn, hitarúllur, hársnyrtar og margt fleira.

**GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÖLLUM BABYLISS TÆKJUM AÐ VERÐMÆTI 2.498 KR.**



byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

# Bollywood-stjarna með DiCaprio



Leonardo DiCaprio hefur ansi mörg járn í eldinum um þessar mundir. Fyrir utan að vera kominn með nýja kærustu, Blake Lively, hefur hann nýlokið við að leika í kvikmyndinni J. Edgar í leikstjórn Clints Eastwood, en margir spá því að hún verði í Óskarsbaráttunni þetta árið. Hann er síðan að fara leika í Baz Luhrman-myndinni The Great Gatsby sem byggir á samnefndri skáldsögu F. Scott Fitzgerald.

Og nýverið var tilkynnt að DiCaprio hefði fengið virtan mótleikara því Bollywood-stjarnan Amitabh Bachanan verður í leikarahópnum. Bachanan er gríðarlega vinsæl á Indlandi og margir muna eftir þeirri múgæsingu sem greip munaðarleysingjana í Viltu vinna milljarð?-myndinni þegar Bachanan heimsótti fátækrahverfið. Tökur á myndinni eru að hefjast í Sydney.

**MÖRG JÁRN Í ELDINUM** DiCaprio leikur aðalhlutverkið í stórmyndunum The Great Gatsby og J. Edgar. Amitabh Bachanan, Bollywood-goðsögnin, leikur á móti DiCaprio í síðarnefndu myndinni.

# LÝTALAUST PARTÍ TOBBU

**Það var mikið um dýrðir þegar Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba, fagnaði útgáfu bókarinnar Lýtalaus á dögunum. Gleðskapurinn fór fram á skemmtistaðnum Esju og las Tobba upp úr kafla í bókinni við mikla hrifningu viðstaddra. Bókin er sjálfstætt framhald af bókinni Makalaus sem kom út í fyrra og voru meðal annars gerðir sjónvarpsþættir upp úr bókinni.**



**LÝTALAUST PAR** Höfundurinn Tobba brosti sínu blíðasta ásamt kærasta sínum Karli Sigurðssyni borgarfulltrúa.



**MÆÐGIN** Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Besta flokksins, lét sig ekki vanta ásamt Snorra, sem gæddi sér á súkkulaði í tilefni dagsins.



**SÉÐ OG HEYRT** Lilja Katrín Gunnarsdóttir, sem lék söguhetjuna Lilju í sjónvarpsþáttunum byggðum á bókinni Makalaus, mætti ásamt ljósmyndaranum Birni Blöndal, en þau vinna saman á Séð&Heyrt, þar sem Lilja Katrín er ritstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BÓKAKONUR** Sólrún Sæmundsdóttir, markaðsstjóri Forlagsins, mætti ásamt Ninju Magnadóttur.



**BROSANDI** Þær Kristbjörg Ágústsdóttir og María Hreiðarsdóttir stilltu sér upp fyrir myndavélina.


SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| CRAZY, STUPID, LOVE LUXUS VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 10:10 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 10.30 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| THE CHANGE-UP | kl. 10:30 | 2D | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES 2D | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS 2D | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE. | kl. 8 | 2D | 7 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| GREEN LANTERN | kl. 8 - 10:10 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 9:30 | 2D | 12 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 9:30 | 3D | 16 |
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 5:20 | 3D | L |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 | 2D | 14 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 | 2D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA: THE FIRST AVENGER | kl. 10:30 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| SMURFS M/ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

Kvikmyndahátíð daganna 26.Ágúst til 12.September

| | | |
|---|---|---|
| RED CLIFF enskur texti | kl. 5 | 14 |
| BAARÍA M/Íslenskum texta | kl. 5 | 7 |
| THE BEAVER Ó textuð | kl. 8 | 12 |
| HESHER M/Íslenskum texta | kl. 8 | 16 |
| RABBIT HOLE M/Íslenskum texta | kl. 10 | 12 |
| THE TREE OF LIFE Ó textuð | kl. 10 | 10 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 30 MINUTES OR LESS LÚXUS | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| Á ANNAN VEG | KL. 8 | 10 |
| THE CHANGE-UP | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 10 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| FRIENDS WITH BENEFITS KL. | 10.10 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE CHANGE-UP | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| GREATEST MOVIE EVER SOLD | KL. 5.50 | L |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 10.20 | 16 |
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE CHANGE-UP | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE DEVILS DOUBLE | 5.50, 8 og 10.20 |
| CHANGE UP | 8 og 10.20 |
| SPY KIDS - 4D | 6 |
| CONAN THE BARBERIAN | 10.20 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

| FIMMTUDAGUR: | ÍSLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES |
|---|---|
| SVÍNASTÍAN (SVINALANGORNA) | 17:50, 20:00 |
| SANNLEIKURINN UM KARLA | 18:00 |
| OSLÓ, 31. ÁGÚST | 20:00 |
| ANDLIT NORÐURSINS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANIMAL KINGDOM | 22:00 |
| HOWL | 18:00 |
| MONSTERS | 20:00, 22:00 |

KVIKMYNDA-VERÐLAUN NORÐUR-LANDA-RÁÐS 7.-11. SEPT. 2011



VERTU FASTAGESTUR!
15% afsláttur af öllum kortum til 15. september.



# Bond bannað að standa uppi á þaki

23. Bond-myndin virðist loksins vera farin að taka á sig mynd eftir að hafa verið fórnarlamb kjaftasagna um hugsanlegt brotthvarf leyniþjónustumansins af hvíta tjaldinu.

Myndin verður að einhverju leyti tekin upp á Indlandi en þarlend yfirvöld hafa þegar sett sig í samband við framleiðendur og óskað eftir því að einu áhættuatriði verði breytt. Bond, sem verður leikinn af Daniel Craig eins og í tveimur síðustu myndum, á að þeysast eftir lest, stökkva um borð og klifra upp á þak. Indversk lestayfirvöld hafa nefnilega skorið upp herör gegn því að fólk sé uppi á þökum lesta og vilja því að þessu einstaka atriði verði breytt nema Bond verði einn uppi á þaki. Sem yrði að teljast fremur asnalegt. Samkvæmt vefsíðunni Cinemablend.com hafa leikstjórinn Sam Mendes og félagar þegar samþykkt þessar kröfu og ætla að breyta atriðinu lítillega.

Hluti af framleiðslu Bond-myndar er orðrómurinn um hver fari með hlutverk illmennisins í myndunum og hvaða stúlkur hreppi Bondstúlku-hlutverkið eftirsótta. Naomie Harris hefur verið sterklega orðuð við hlutverk ungfrú Moneypenny og þá er talið að baráttan um þrjótinn standi milli Javier Bardem og Ralph Fiennes.



**STUÐIÐ AÐ BYRJA** Daniel Craig verður James Bond í þriðja sinn þegar tökur á 23. Bond-myndinni hefjast á Indlandi. Hann má hins vegar ekki standa uppi á þaki lestar. Javier Bardem er einn þeirra sem koma til greina í hlutverk þrjótsins.

# Heldur sér í góðu formi

**Gwyneth Paltrow segir að það séu engir töfrar á bak við gott líkamsform sitt. Hin 38 ára leikkona er þekkt fyrir að halda línunum í lagi með reglulegum æfingum og heilbrigðu mataræði. Paltrow notast við æfingakerfi frá einkaþjálfaranum sínum. „Ég fylgi Tracy Anderson-kerfinu vel eftir. Ég geri æfingarnar fimm sinnum í viku. Ég skutla börnunum í skólann, fer heim og æfi í klukkustund og fimmtán mínútur,“ sagði hún. „Það eru engir töfrar á bak við þetta. Ég geri þetta bara og þetta virkar.“**



**HANGOVER** Ástralskur áhættuleikari varð fyrir heilaskaða við tökur á The Hangover Part II.

# Heilaskaði í Hangover

**Ástralskur áhættuleikari sem fékk heilaskaða eftir að bílaeltingaleikur misheppnaðist við tökur á myndinni The Hangover Part II hefur höfðað mál gegn framleiðandanum Warner Bros.**

**Áhættuleikarinn Scott McLean var í dái í tvo mánuði eftir óhappið, sem átti sér stað í Taílandi. Hann var farþegi í bíl sem annar bíll ók á og heldur McLean því fram að hraðinn hafi verið of mikill á hinum bílnum. McLean er núna í endurhæfingu og vill fá bætur fyrir skaðann sem hann varð fyrir. The Hangover Part II var frumsýnd í maí og hefur þénað hátt í sjötíu milljarða króna í miðasölunni síðan þá.**

# 50 Cent fæðir Afríku

**Rapparinn og viðskiptajöfurinn 50 Cent hefur þróað nýjan orkudrykk, sem kemur á markað innan skamms. Orkudrykkurinn heitir Street King og hagnaðinum af sölu hans verður varið í að fæða afrísk börn.**

**50 Cent ferðaðist nýlega um Afríku og segir uppátækið innblásið af hungursneyðinni sem ríkir víða í heimsálfunni. „Ég ólst upp í fátækt, en ég var ekki svangur,“ segir 50 Cent í myndbandi sem hann sendi frá sér um málið.**

**Fyrst um sinn verða tvær bragðtegundir í boði, blanda af appelsínu og mangó og svo greip.**



**GJAFMILDUR** 50 Cent vill gefa afrískum börnum að borða.





**SARA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR** skoraði annað marka Malmö í 2-1 sigri á Djurgården í sænsku úrvalsdeildinni í gær. Með sigrinum jók Malmö forystu sína á toppi deildarinnar í sex stig, en þetta var tíunda mark hennar á tímabilinu. Sara Björk er fjórði markahæsti leikmaður deildarinnar.

# Lagerbäck er til í viðræður við KSÍ

**Sænski þjálfarinn Lars Lagerbäck segir í samtali við Fréttablaðið að hann sé til í að ræða við Knattspyrnusamband Íslands um að taka að sér íslenska knattspyrnulandsliðið. Lagerbäck er reyndur þjálfari sem þjálfaði sænska landsliðið lengi. Hann kom Svíum á fimm stórmót í röð sem aðalþjálfari.**

**FÓTBOLTI** Það er um fátt annað talað í knattspyrnuheiminum þessa dagana en hver taki við íslenska landsliðinu af Ólafi Jóhannessyni. Ólafur á aðeins eftir að stýra landsliðinu í einum leik. Það er gegn Portúgal ytra í upphafi næsta mánaðar.

Mikið hefur verið rætt og ritað um Roy Keane en á meðal áhugaverðra nafna sem hafa verið orðuð við liðið er Svíinn reyndi Lars Lagerbäck. Svíinn gerði frábæra hluti með sænska landsliðið á þeim níu árum sem hann stýrði liðinu og kom liðinu á fimm stórmót í röð. Hann stýrði liðinu ásamt Tommy Söderberg frá 2000 til 2004. Lagerbäck hætti síðan með liðið árið 2009 er honum mistókst að koma því á HM árið 2010.

Lagerbäck fór reyndar á HM 2010 eftir allt saman, en hann var ráðinn landsliðsþjálfari Nígeríu fyrir mótið. Sú för var reyndar engin frægðarför.

„Ég heyrði af því að ég væri orðaður við starfið í gær [þriðjudag] en þá fór síminn að hringja víða að og menn að spyrja mig út í málið,“ sagði Lagerbäck er Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í gær og spurði hann út í sögusagnirnar varðandi íslenska landsliðið.



**BÍÐUR VIÐ SÍMANN** Lars Lagerbäck er spenntur fyrir því að þjálfa íslenska landsliðið og bíður eftir því að heyra frá forráðamönnum KSÍ. Hann er hér að þjálfa Nígeríu á síðasta HM. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

„Ég hef ekki rætt við formann KSÍ né nokkurn hjá KSÍ,“ sagði Lagerbäck spurður hvort einhverjar viðræður hefðu þegar átt sér stað.

Hinn 63 ára gamli Svíi segist þó vera opinn fyrir viðræðum við Geir Þorsteinsson, formann KSÍ, um starfið.

„Ég fæ reglulega fyrirspurnir um hvort ég hafi áhuga á hinum og þessum störfum. Ég hef alltaf sagt að ef eitthvað áhugavert komi upp þá sé ég tilbúinn að skoða málið. Starf landsliðsþjálfara Íslands er áhugavert og ef KSÍ hefur áhuga og vill ræða við mig þá er ég til í viðræður.“

> Starf landsliðsþjálfara Íslands er áhugavert og ef KSÍ hefur áhuga og vill ræða við mig þá er ég til í viðræður.
>
> **LARS LAGERBÄCK**
> FYRRVERANDI LANDSLIÐSÞJÁLFARI SVÍA

Lagerbäck er ágætlega kunnugur íslenskum fótbolta enda stýrði hann Svíum gegn Íslandi margoft á sínum tíma og hefur síðan haldið fyrirlestra hér á landi á þjálfaranámskeiðum sem KSÍ hefur haldið.

„Ég hef nokkrum sinnum komið til Íslands og þekki fólk þar. Mér finnst Knattspyrnusamband Íslands hafa staðið sig frábærlega og þess vegna mun ég að sjálfsögðu spjalla við fulltrúa þess ef þeir leita til mín,“ sagði Lagerbäck en hefur hann eitthvað fylgst með íslenska landsliðinu undanfarin ár?

„Ég hef séð það sem sýnt er frá íslenska landsliðinu í sjónvarpinu. Maður fylgist alltaf sérstaklega vel með Norðurlandaþjóðunum en ég hef ekki kafað djúpt í leik íslenska landsliðsins né gert greiningu á leik liðsins,“ sagði Lagerbäck, sem veit þó af því að upp eru að koma afar efnilegir strákar.

Lagerbäck hefur ekki þjálfað neitt lið síðan hann lét af þjálfun nígeríska landsliðsins eftir HM 2010. Þjálfarinn hefur þó ekki setið auðum höndum.

„Ég hef verið að vinna með sænska knattspyrnusambandinu í fræðslumálunum. Hef einnig tekið þátt í verkefnum með nokkrum liðum. Ég kvarta því ekki. Það eru forréttindi að fá að starfa í kringum fótboltann.“

**henry@frettabladid.is**

### Lars Lagerbäck

**Landsliðsþjálfaraferill Svíans Lars Edvins Lagerbäck:**

| | |
|---|---|
| 1990-95: | U-21 árs lið Svía |
| 1996-97: | B-landslið Svía |
| 1998-1999: | Aðstoðarlandsliðsþjálfari Svía |
| 2000-2009: | Landsliðsþjálfari Svía |
| 2010: | Landsliðsþjálfari Nígeríu |

**Árangur Lagerbäck með Svía:**

**Með Söderberg 2000-04**: 59 leikir, 26 sigrar, 23 jafntefli, 10 töp.

**Einn sem aðalþjálfari 2004-09:** 72 leikir, 31 sigrar, 17 jafntefli, 24 töp.

**Heildarframmistaða:** 131 leikur, 57 sigrar, 40 jafntefli, 34 töp.

Tapaði ekki landsleik í 75% tilfella.



**VEIGAR PÁLL** Braut agareglur íslenska landsliðsins um helgina og var settur út úr landsliðshópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þjálfarinn rýfur þögnina:

## Veigar virti ekki áfengisbann

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, þjálfari A-landsliðs karla, sagði í kvöldfréttum Rúv í gær að Veigar Páll Gunnarsson hefði verið settur úr landsliðshópnum um helgina vegna agabrots. Veigar hefði ekki virt áfengisbann sem Ólafs setti leikmönnum á laugardagskvöldið.

„Ég leyfði mönnum að fara heim og heimsækja vini og vandamenn. Reglurnar voru að þeir áttu að skila sér aftur upp á hótel klukkan tólf og var öll áfengisneysla bönnuð. Hann kom upp á hótel klukkan tólf,“ sagði Ólafur í gær.

Áður hafði Ólafur borið við ágreiningi á milli hans og Veigars án þess að útskýra nánar í hverju hann væri fólginn. Á blaðamannafundi eftir leik Íslands og Kýpur í fyrrakvöld var Ólafur aftur spurður um málið og neitaði hann einnig að tjá sig þá.

Ísland mætir Portúgal í næsta mánuði og verður það síðasti leikur landsliðsins undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Líklegt er að Veigar Páll verði ekki í landsliðshópi Íslands þá.

Ekki hefur náðst í Veigar Pál Gunnarsson þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **- esá**






Sigurður Ragnar Eyjólfsson um Lars Lagerbäck:

## Væri góður í að byggja upp nýja liðsmenningu

**FÓTBOLTI** „Lars hefur komið nokkrum sinnum til okkar. Hann situr í nefnd UEFA um þjálfaragráður og hefur komið hingað til að veita okkur gæðastimpil. Hann hefur líka haldið fyrirlestra hér og verið með þjálfaramenntun. Það hefur ávallt verið gerður góður rómur að hans málflutningi enda fær maður og virtur í þjálfaraheiminum,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri KSÍ og þjálfari kvennalandsliðsins, um Svíann Lars Lagerbäck sem er orðaður við þjálfarastöðuna hjá A-landsliðinu.

Sigurður hefur kynnst Lagerbäck ágætlega og þekkir vel til hans sem þjálfara.

„Lars er duglegur að taka þátt í þjálfaramenntun víða í Evrópu. Hann hefur mikinn áhuga á að viðhalda þekkingu. Þó svo hann sé orðinn 63 ára er hann nútímalegur þjálfari. Hann hefur kynnt hugmyndafræðina á bak við sænska landsliðið á sínum tíma en slíkir hlutir eru oft mikið leyndarmál. Það er ekki hjá honum enda opinn og til í að deila þekkingu með öðrum.“

Fræðslustjórinn ber Lagerbäck góða söguna og segir að þjálfarinn hafi lengi haft augastað á því að þjálfa á Íslandi.

„Í þau skipti sem hann hefur komið hingað höfum við stundum gantast með það hvort hann gæti hugsað sér að þjálfa hér og hann hefur alltaf tekið vel í það,“ segir Sigurður, sem er ekki í vafa um að Lagerbäck yrði góður kostur fyrir íslenskan fótbolta.

„Hann er mjög álitlegur kostur enda með mikla reynslu. Hann er líka sterkur karakter sem hefur til að mynda tekið fast á öllum agabrotum. Ég held að hann væri góður í að byggja upp nýja liðsmenningu hjá A-liðinu og móta hugmyndafræði í kringum liðið. Þar er hann sterkur. Það yrði hvalreki að fá slíkan mann hingað,“ segir Sigurður Ragnar. **- hbg**



**SIGURÐUR RAGNAR** Segir Lagerbäck vera afar góðan kost fyrir íslenska landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ROY KEANE** Vinsæll kostur hjá mörgum Íslendingum. NORDICPHOTOS/GETTY

Landsliðsþjálfaramálin:

## Roy Keane bara einn af mörgum

**FÓTBOLTI Allt ætlaði um koll að keyra á mánudaginn þegar það fréttist að Eggert Magnússon, fyrrverandi formaður KSÍ, væri á leið til landsins ásamt Roy Keane sem væri hugsanlega að taka við íslenska landsliðinu. Eggert kom vissulega til landsins en Keane varð eftir heima.**

**Keane var sterklega orðaður við landsliðsþjálfarastöðuna, bæði í fjölmiðlum hér á landi, Englandi og Írlandi. Heimildir Fréttablaðsins herma nú að þetta mál sé í biðstöðu en að Keane sé bara einn af mörgum kostum í stöðunni. Ráðningarferlið hafi ekki verið komið jafn langt og enskir fjölmiðlar héldu fram, en þar var Keane sagður afar nálægt því að fá stöðuna.**

**KSÍ ætlar að gefa sér þennan mánuð í ráðninguna og vonast til að búið verði að finna eftirmann Ólafs Jóhannessonar fyrir leik Íslands í Portúgal í byrjun október.** **- esá**


ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI
acer FARTÖLVA
15,6"
Acer Aspire 5750G-2414G64MN
- Intel Dual Core i5-2410M með Turbo Boost
- 4GB DDR3 minni
- 640GB SATA diskur
- 1GB Geforce GT 540M leikjaskjákort
- Rafllöðuending allt að 4,5 klst.
- Windows 7 Home Premium 64bit
129.950
ÞRÁÐLAUS FARTÖLVUMÚS
Logitech
Logitech M195
Nano sendir sem hægt er að geyma í fartölvunni. Auðveld uppsetning, tengja USB sendinn og músin er tilbúinn. Þægilegt grip.
2.950
SKJÁKORT
Sapphire ATI Radeon 6870
1GB GDDR5 skjákort með 900MHz Core, 2x DVI, HDMI & Display port, PCI-E 16X, DirectX11
SAPPHIRE
33.950
LASERPRENTARI
Samsung ML1660
Laserprentari með 1200x600p upplausn, USB 2.0, 8 MB minni ofl. 16 bls á mín í A4. Fyrir Windows, Mac og Linux.
SAMSUNG
11.450
TV FLAKKARI
HDMI 720/1080i
1TB
United HD MMP 9530
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Composite og Optical tengjum, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.
UNITED
19.950
FLAKKARI
2TB
WD Elements
2TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.
WD
15.950
AMD TURNVÉL 2
COOLER MASTER
- CoolerMaster Elite 310 midi turn
- Athlon II 260 3.2GHz örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz minni
- 750GB SATA 3 WD diskur
- Geforce N520GT 1GB DDR3 skjákort
- DVD og CD skrifari
- Realtek High Def 7.1 hljóðkort
- Windows 7 Home Premium
89.950
LEIKJATURN
COOLER MASTER
Intel TURNVÉL 4
- CoolerMaster Elite 430 Gamers turn
- Intel Core i5 SandyBridge 2400 Quad
- 8GB Dual DDR3 1333MHz
- DVD og CD skrifari
- 1TB SATA 3 WD harður diskur
- MSI Geforce N560GTX 1GB GDDR5
- Windows 7 Home Premium 64-bita
159.950
PHILIPS 24" LCD SKJÁR
24"
Philips 243E2SB
24" hágæða Philips LCD skjár með full HD 1920x1080 upplausn, 500.000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, DVI & VGA ofl.
29.750
TOSHIBA FARTÖLVA
15,6"
Toshiba Satellite C660D-14E
- AMD E240 örgjörvi
- 2GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- AMD Radeon HD 6310 skjákort
- Allt að 6,25 klst. rafhlöðuending
- Windows 7 Home Premium 64-BIT stýrikerfi
59.950
acer FARTÖLVA
15,6"
Acer Aspire 5750G-2314G50MN
- Intel Core i3-2310M 2.1GHz Dual Core
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 1GB Geforce GT 520M leikjaskjákort
- Rafllöðuending allt að 4,5 klst.
- Windows 7 Home Premium 64bit
117.950
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**1.000** **LAXA MÚRINN** var rofinn í Breiðdalsá á mánudaginn var.

**1.300** **SILUNGAR** höfðu veiðst í Fljótaá um síðustu helgi. Veitt er á fjórar stangir í ánni.

**FLUGAN**




## Góð í laxinn og sjóbirtinginn

Þessi túpa kom fyrst fram á sjónarsviðið síðastliðið haust og sló í gegn í haustveiðinni. Jafnt lax og sjóbirtingur tók rauða Snældu Wild Boar grimmt.

Þú mátt ekki láta þessa túpu vanta í boxið þegar þú ferð í haustveiðina.

**UPPSKRIFT**

Hnýtt á 1" eirrör

**Tvinni** - Svartur UNI 6/0

**Stél** - Hár af villisvíni ásamt nokkrum þráðum af krystal flash Þar yfir koma fanir af svartlitaðri schlappen-fjöður og að lokum fanir af rauðlitaðri schlappen-fjöður.

**Vöf** - Ávalt silfur tinsel

**Búkur** - Svört ull

**Hringskegg** - fanir af svartlitaðri schlappen-fjöður

# Stærsti lax sumarsins tók ónefnda flugu í Vatnsdalsá

**Nils Jörgensen er þegar búinn að veiða fjóra ríflega 20 punda laxa í sumar. Stærsta laxinn veiddi hann í Vatnsdalsá í fyrradag en hann mældist 108 sentímetrar. Galdurinn í haustveiðinni er að nota nýjar flugur.**

Daninn Nils Jörgensen veiddi 108 sentímetra lax í Hólakvörn í Vatnsdalsá í fyrradag. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta stærsti lax sumarsins. Fréttir bárust reyndar af því fyrr í sumar að veiðst hefði 116 sentímetra lax í Kjarrá en engin mynd hefur verið birt af þeim stórlaxi og þar með engin sönnun fyrir stærð hans.

„Laxinn tók nýja flugu sem ég hef ekki enn gefið nafn – þetta var míkrótúba" segir Nils, sem hnýtir sjálfur sínar flugur. „Ég hugsa að ég hafi verið með hann á í svona 25 mínútur. Þetta var ekki leginn og ljótur fiskur heldur silfurbjartur og fallegur hængur. Hann var samt ekki lúsugur. Ég sleppti honum að sjálfsögðu eftir að ég hafði tekið mynd af honum."

Stórlaxinn sem Nils fékk í Vatnsdalsánni var alls ekki fyrsti stórlax sumarsins hjá honum.

„Þetta hefur verið frábært sumar. Ég veiddi tvo stóra í Laxá í Aðaldal fyrr í sumar. Annar þeirra var 100 sentímetrar en hinn 103. Svo veiddi ég einn 104 sentímetra lax í Hafralónsá fyrir skömmu."

Nils segir galdurinn við haustveiðina vera að nota nýjar flugur, öðruvísi eða sjaldgæfar.

„Á þessum árstíma eru veiðimenn oft að reyna við lax sem hefur verið í á í langan tíma. Þá þýðir oft lítið að nota rauðan eða svartan frances eða aðrar vinsælar flugur því fiskurinn er margsinnis búinn að sjá þær."

Þó laxveiðin skipi stóran sess í lífi Nils þá veiðir hann einnig aðrar tegundir.

„Á vorin veiði ég silung, ég held það sé óhætt að segja að ég elski hreinlega að veiða silung," segir Nils en aðspurður segist hann þó ekki vilja gefa upp hvaða vötn eða ár séu í uppáhaldi. Hann vilji halda því svolítið fyrir sig. Hvað laxveiðina snertir segir hann Vatnsdalsá og Miðfjarðará vera í sérstöku uppáhaldi en einnig sé Hafralónsáin stórbrotin veiðiá.

Nils kynntist landi og þjóð fyrst fyrir um sjö árum. Hann segist strax hafa heillast af ósnortinni náttúrunni og að sjálfsögðu öllum þeim fjölda af veiðiám sem hér séu. Árið 2008, rétt fyrir hrunið, ákvað hann síðan flytja til Íslands en fram að þeim tíma hafði hann heimsótt landið svona sjö til átta sinnum á ári til að veiða.

Nils vinnur fyrir sér sem hönnuður en hann hefur meðal annars hannað veiðifatnað, stangir og hjól fyrir danska fyrirtækið Scierra en í dag á sitt eigið hönnunarfyrirtæki og vinnur sjálfstætt. „Það má segja að ég reyni að vera sem mest inni á veturna en úti á sumrin. Ég reyni að vinna eins og vitleysingur á veturna svo ég hafi sem mestan tíma til að veiða á sumrin," segir Nils sem vinnur einnig sem veiðileiðsögumaður á sumrin. trausti@frettabladid.is




**NILS Í HAFRALÓNSÁ** Þennan 104 sentímetra hæng veiddi Nils Jörgensen í Hafralónsá. Laxinn tók flugu sem hann hannaði og hnýtti sjálfur.



**ÓNEFNDA FLUGAN** Laxinn í Vatnsdalsá tók þessa míkrótúbu sem Nils hefur ekki enn gefið nafn.



**STÓRLAXINN ÚR VATNSDALSÁ** Laxinn er gríðarlega fallegur og sver. Reyndar segist Nils aldrei hafa veitt jafn þykkan lax á ævinni. Myndin var tekin og laxinum sleppt.



**JÓGVAN HANSEN** Söngvarinn góðkunni var í Langá í sumar.

Gott sumar í Langá:

## Nálgast átján hundruð laxa

„Það stefnir í enn eitt tvö þúsund laxa sumarið í Langá á Mýrum," segir Hörður Vilberg í skeyti sem birt er á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Kemur fram að á hádegi á þriðjudag hafi verið komnir 1.743 laxar á land. „Hollið sem var að hætta veiðum fékk lúsugan fisk í Strengjunum og í hollinu á undan fékkst lúsugur fiskur í Hólsbreiðu. Hann er sem sagt enn að ganga á Mýrunum," segir Hörður og bætir við að um eitt þúsund laxar séu gengnir upp á fjall. - gar



**STÓRA-LAXÁ** Haustið reynist oft drjúgt.

Mikið stuð í Stóru-Laxá:

## Fengu 33 laxa á fyrsta deginum

„Það er búin að vera alveg klikkuð veiði hjá okkur félögum í Stóru I-II, það eru komnir 33 laxar á land á einum degi," sagði á vef Sogsmanna í fyrradag.

„Nokkrir stórir hafa komið á land, þar af einn 102 sentímetra hængur sem ritstjórinn landaði í Kálfhagahyl eftir 40 mínútna baráttu," segir á sogsmenn.is. Þar kemur enn fremur fram að Kálfhagahylur sé fullur af laxi. „Við fórum upp á klettinn með Stefáni bónda á Hrepphólum og sáum sirka 70 til 100 laxa og marga stóra." Alls hafa veiðst um 300 laxar á svæðum I og II í sumar.

Sogsmenn eru „nokkrir fuglar sem hafa stundað veiðar í Soginu í mörg ár og sumir frá fæðingu," eins og þeir segja sjálfir. - gar

Þokkalegur gangur hefur verið í Selá í Álftafirði í sumar og besti tíminn eftir segir veiðivörðurinn:

# Selá er við hundrað laxa markið

Fyrr í þessari viku höfðu ríflega níutíu laxar veiðst í Selá í Álftafirði. Að sögn Hauks Elíassonar veiðivarðar er þessi veiði í ágætu meðallagi þótt sumarveiðin hafi enn ekki náð metárinu frá í fyrra. Þá náðust yfir 150 laxar á land.

„En það er allur september eftir og margir telja það besta tímann svo það er enn von á það bætist verulega í," segir Haukur og bendir á að Selá hafi verið að jafna sig á vatnavöxtum eftir rigningar og sé í ákjósanlegu standi þessa dagana. Þannig fékk hollið sem lýkur veiðum í dag strax tvo laxa á fyrstu vakt sinni í fyrrakvöld. „Laxinn virðist dreifður nokkuð jafnt um alla á." Veitt er á tvær stangir í Selá.

Selá er að upplagi sjóbleikjuá en nú er sá góði fiskur nær algerlega horfinn úr ánni. Haukur kveðst ekki vita hvers vegna það hafi gerst. Laxinn hafi hins vegar ekki verið þar áður en hafi jafnt og þétt sótt í sig veðrið á liðnum árum.

„Það hefur gerst af sjálfu sér en ekki með sleppingum. Ég kann ekki skýringu á því nema kannski þá að um sé að ræða lax sem villst hefur úr ræktuninni í Breiðdalsá," segir Haukur. - gar



**LAX ÚR GLJÚFURHYL** Einn fallegur úr hylnum neðan Gljúfurstrengs.



**GLJÚFURSTRENGUR** Seláin er víða falleg, sérstaklega á efri svæðunum eins og hér í gilinu við Gljúfurstreng og Helluna sem sést þar fyrir ofan. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

# LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is



## 15% afmælis-afsláttur af öllum lyfjum

Í tilefni af 15 ára afmæli Lyfju veitum við **15% afslátt** af hlut sjúklings í lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölu-lyfjum, dagana **8. og 9. september.**

Auk þess bjóðum við freistandi afmælistilboð á nokkrum vinsælum bætiefnum.

**Tilboðin hér að neðan gilda til 16. september.**

## Viteyes og Thera Tears

**15% afmælis-afsláttur**




VITEYES augnvítamín með zinki og luteini.

- Aðeins tvö hylki á dag
- Þróað af læknum með tilliti til augnbotnahrörnunar

THERA TEARS gervitár og gel gegn augnþreytu og þurrki.

- Engin rotvarnarefni
- Haldast lengur í augunum
- Handhægar dagsumbúðir með tappa

## Guli miðinn

**25% afmælis-afsláttur**




Afsláttur af allri línunni.

## Nutrilenk Gold

**20% afmælis-afsláttur**




Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðina. Hentar fólki sem þjáist af sliti og verkjum í liðamótum. NUTRILENK GOLD hefur fengið frábærar viðtökur hérlendis og státar af þúsundum ánægðra viðskiptavina.

## KAL Crystal Magnesíum Solaray D vítamín

**25% afmælis-afsláttur**




Magnesíum er nauðsynlegt fyrir uppbyggingu beina, vöðva og tauga. Teskeið af Crystal Magnesíum út í vatn á hverju kvöldi, bætir svefninn og meltinguna.

Rannsóknir hafa sýnt að almenningur fær ekki alltaf nægilegt D-vítamín í gegnum fæðu eða sólarljós. Solaray er gæðavítamín.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 56195 09/11

## > Ashton Kutcher

„Mamma mín er enn öskrandi á mig, því hana vantar fleiri myndir með eiginhandarárituninni minni.“

***Ashton Kutcher leikur í rómantísku gamanmyndinni Just Married, sem fjallar um nýgift hjón sem lenda í ýmsum ævintýrum í brúðkaupsferð sinni um Evrópu. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON HATAR HEFÐBUNDNA DAGSKRÁ

# *Prumpað yfir glæsilegum Popppunkti*



Ég hef fundið fyrir því í takt við það sem gráu hárunum fjölgar að ég verð kresinn á það efni sem ég hlusta á í útvarpi og horfi á í sjónvarpi. Mér leiðast almennt samræður áhugafólks um stjórnmál sem vilja láta til sín taka og spila annaðhvort með ungliðahreyfingum Sjalla eða fyrrum Allaballa og einhverra nóboddíflokka þar á milli; fitubollur sem keppast við að léttast á sem stystum tíma í erlendum sjónvarpsþáttum; sjúkrahúsatilfinningaklám eins og virðist tröllríða öllum sjónvarpsstöðvum, leitina að hamingjunni og vitleysingum sem vilja verða að stjörnum í sjónvarpi. Í stuttu máli leiðast mér allir þættir þar sem fólk er að keppast um að vera í fyrsta sæti. (Ég verð að taka fram að Popppunktur er algjör undantekning. Þetta er með betri sjónvarpsþáttum sem ég hef séð. Einhver einkennilegur heimilisbragur einkennir þáttinn. Ef fjölskyldumeðlimur leysir vind eftir súkkulaðiísinn sem við borðum stundum yfir þættinum í eftirrétt um helgar umlykur sveitarómantík stofuna. Stemningin verður kósí; stjórnendur og keppendur verða sem sveitungar í skemmtiatriði á árshátíð í einhverjum hreppi í félagsheimili við hliðina á fjósi í íslenskri sveit).

Mér finnst orðið asnalegt að taka mér stöðu fyrir framan sjónvarpið eða skrúfa frá útvarpinu þegar ákveðinn þáttur eða mynd er í þann mund að byrja. Þegar ég stend við eldavélina og hræri í potti og það er ekki laugardagur og Veistu hver ég var er ekki á Bylgjunni þá langar mig að geta fundið stöð sem spilar efni sem mér líkar. Mér verður sjaldan að ósk minni.

Ég veit hvað mig vantar. Mig vantar viðtæki, bæði sjónvarp og útvarp, sem tengja má staðarneti heimilisins gerir áhorfendum og hlustendum kleift að nálgast gamalt og nýtt efni á netinu og slíta sig lausa frá hlekkjum hefðbundinnar dagskrár. Mig vantar ekki tölvu. Að þessu leyti er ég gamaldags því ég vil útvarp og sjónvarp með gamla laginu en afar nýmóðins eiginleika.

## RÚV

**15.10 Kiljan** (e)
**16.00 Golf á Íslandi** (12:14) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Gurra grís** (9:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (11:52)
**17.40 Einmitt þannig sögur** (7:10)
**17.55 Geymslan** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (2:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Nigella í eldhúsinu** (1:13) (Nigella: Kitchen)
**20.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (2:8) (Helga Margrét Þorsteinsdóttir) Þáttaröð um ungt og áhugavert fólk. Skyggnst er inn í líf einnar persónu hverju sinni og henni fylgt eftir í sínu daglega lífi.
**21.10 Kingdom lögmaður** (3:6) (Kingdom III) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ í Norfolk.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (93:114) (Criminal Minds V)
**23.10 Lífverðirnir** (Livvagterne) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Doctor Dolittle**
**10.00 The Object of My Affection**
**12.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**14.00 Doctor Dolittle**
**16.00 The Object of My Affection**
**18.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**20.00 Just Married**
**22.00 The Hangover**
**00.00 According to Spencer**
**02.00 Skeleton Man**
**04.00 The Hangover**
**06.00 Quantum of Solace**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (28:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (12:23)
**11.45 Gilmore Girls** (11:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (1:24)
**13.25 Slap Shot 3: The Junior League**
**15.00 Ameríski draumurinn** (2:6)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (5:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (17:24)
**19.45 Modern Family** (4:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp í suðurameríska fegurðardís.
**20.10 Heimsréttir Rikku** (3:8) Nýr og glæsilegur þáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að taka fyrir í hverjum þætti hina ýmsu rétti ákveðinnar þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna þeirra og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.
**20.40 The Closer** (7:15)
**21.25 The Good Guys** (7:20)
**22.10 Sons of Anarchy** (7:13)
**22.55 Harry's Law** (1:12)
**23.40 The Whole Truth** (11:13)
**00.25 Game of Thrones** (3:10)
**01.20 Rothenburg**
**02.45 Joy Ride 2: Dead Ahead**
**04.15 The Closer** (7:15)
**05.00 The Simpsons** (5:22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.15 Ísland - Noregur**
**18.00 Cage Warriors** Bein útsending frá Cage Warriors bardagamóti sem fram fer í Amman í Jórdaníu þar sem Árni Ísaksson er meðal keppenda. Hann berst um titilinn í veltivigt við Frakkann Geal Grimaud. Árni er taplaus eftir 14 bardaga með 11 sigra og 3 jafntefli. Grimaud er taplaus eftir 18 bardaga með 13 sigra og 5 jafntefli.
**21.00 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ** Upptaka frá unglinaeinvíginu í golfi sem fram fór í Mosfellsbæ. Þar mætast efnilegustu kylfingar landsins í svokölluðu ShootOut-fyrirkomulagi þar sem 10 leikmenn hefja leik og fellur einn leikmaður út á hverri holu þar til einn stendur uppi sem sigurvegari. Sá sem leikur hverja holu á flestum höggum fellur út en séu menn jafnir er sett upp þraut þar sem sá leikmaður sem slær lengst frá holunni dettur út. Unglingaeinvígið hefur verið haldið frá árinu 2005.
**21.50 EAS þrekmótaröðin** EAS þrekmótaröðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda. Sigurvegarar mótaraðarinnar hljóta titilinn Hraustasti karl Íslands og Hraustasta kona Íslands.
**22.15 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Man. Utd** Útsending frá úrslitaleiknum í Meistaradeild Evrópu 2011.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Man. Utd. - Arsenal** Útsending frá leik Manchester United og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**20.05 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.35 Ariel Ortega** Magnaðir þættir um marga bestu knattspyrnumönnum heims. Að þessu sinni verður fjallað um Ariel Ortega, fyrrverandi landsliðsmann Argentínu.
**21.00 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.55 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.25 Aston Villa - Blackburn** Útsending frá leik Aston Villa og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.30 Life Unexpected** (1:13) (e)
**16.15 Dynasty** (26:28)
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Friday Night Lights** (3:13) (e)
**18.35 Real Housewives of Orange County** (10:17)
**19.20 Haustkynning SkjásEins 2011** (e)
**19.45 Will & Grace** (8:24)
**20.10 Rules of Engagement** (19:26) Bandarísk gamanþáttaröð um vinahóp.
**20.35 30 Rock** (2:23) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof.
**21.00 House - NÝTT** (1:23) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Loks eftir að House og Cuddy hafa náð saman reyna þau að eiga eðlileg samskipti. House þarf að glíma við veikindi taugalæknis úr Princeton.
**21.50 Leverage** (11:16) Spennandi þáttaröð um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt. Teymið fer í naflaskoðun eftir að upp kemst um að hvert þeirra reyndi að stela sjaldgæfu djásni fyrir fimm árum.
**22.40 Dexter** (4:12) (e) Fimmta þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan. Dexter er kominn í klípu. Hvað á hann að gera við konu sem varð vitni að því þegar hann drap morðingja?
**23.30 In Plain Sight** (10:13) (e)
**00.15 Whose Line Is It Anyway?**
**00.40 Smash Cuts** (28:52) (e)
**01.05 Will & Grace** (8:24) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Deutsche Bank Championship** (3:4)
**12.10 Golfing World**
**13.00 Golfing World**
**13.50 Deutsche Bank Championship** (4:4)
**18.35 Inside the PGA Tour** (36:42)
**19.00 World Golf Championship** (1:4)
**23.00 US Open 2006 - Official Film**
**00.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.50 The Doctors**
**20.35 In Treatment** (46:78) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Borgarilmur** (3:8) Nýir og skemmtilegir ferðaþættir þar sem leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir sækir heim átta vel valdar borgir sem allar eiga það sameiginlegt að vera mjög vinsælar á meðal Íslendinga þegar kemur að því að skella sér í helgarferð og leitast Ilmur við að veita betri innsýn í umræddar borgir.
**22.25 Hot In Cleveland** (8:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland.
**22.50 Cougar Town** (8:22)
**23.15 Hawthorne** (1:10)
**00.00 True Blood** (7:12)
**00.50 Týnda kynslóðin** (3:40)
**01.20 In Treatment** (46:78)
**01.45 The Doctors** (108:175)
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur** Tólfti þáttur um sjávarútveg.
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur Baldursson fær til sín gesti.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**
**Heimsréttir Rikku**

Að þessu sinni kynnir Rikka bragðmikla og gómsæta rétti frá Taílandi. Á matseðlinum eru satay-kjötspjót, pad thai núðlur og karamellu- og kókosbananar.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Inn og út um gluggann **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Sorgarakur **23.15** Á sama báti **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**13.40** The Inspector Lynley Mysteries **14.25** Keeping Up Appearances **14.55** Keeping Up Appearances **15.25** ,Allo ,Allo! **16.00** ,Allo ,Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.05** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** MDA **21.15** How Not to Live Your Life **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.50** MDA **00.20** How Not to Live Your Life **00.50** My Family

### DR 1

**12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Thomas og hans venner **14.30** Cirkeline i Fandango **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Kongerigets Kager **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten - Hundested **18.30** Fuld af ungdom **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** DR Dokumentar **21.00** Portræt af Hanne-Vibeke Holst **22.00** Elskerinder **22.50** Lisa goes to Hollywood

### NRK 1

**12.00** Nyheter **12.05** Bondi Beach **12.30** Drømmehaver **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Munter mat **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Friidrett **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Valg 2011 **20.00** En kriger for fred **20.50** Glimt av Norge **21.00** Kveldsnytt **21.15** Muslimsk hoytid **22.00** Ein idiot på tur **22.45** Om natten **23.40** Blues jukeboks

### svt1

**11.10** Sverige! **11.40** Minnenas television **12.45** Skattjägarna **13.15** X-Games **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Landet Brunsås **15.00** Hübinette **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Niklas Mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** En andra chans **19.30** Hundra procent bonde **20.00** Debatt **20.45** X-Games **21.30** Uppdrag Granskning **22.30** Rapport **22.35** Maestro **23.35** Rapport


FLJÓTLEGT OG FREISTANDI

Hollir og spennandi matarpakkar fyrir alla fjölskylduna

Girnilegt nesti í vinnuna, skólann og ferðalagið. Frábær bók fyrir þá sem vilja leggja áherslu á hollt og heilsusamlegt fæði.






Nesti að heiman er sannarlega hollara, ódýrara og bragðbetra en skyndibiti úr búðinni!

BÓKIN FÆST HJÁ
Eymundsson

Salka
Skipholti 50c • 105 Reykjavík • salka.is



FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF






SUMARDAGAR
Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.






12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár



*„Algengasti morgunmaturinn er Special K með rúsínum. Ef ég vil gera vel við mig þá bæti ég við banönum.“*

Hannes Þór Halldórsson, landsliðsmarkvörður.

# Beðinn um að daðra við Kate Moss

„Þetta var ansi fyndið,“ segir Árni Hjörvar Árnason, bassaleikari bresku hljómsveitarinnar The Vaccines.

The Vaccines kemur fram í nýju kynningarmyndbandi snyrtivöruframleiðandans Rimmel, ásamt ofurfyrirsætunni Kate Moss. Moss er í aðalhlutverki í myndbandinu og kemur meðal annars við í myndveri þar sem The Vaccines er að spila lag sitt, Do You Wanna. Myndbandið var tekið upp um mánuði fyrir brúðkaup Kate Moss og tónlistarmannsins Jamie Hince. „Hún var alveg á kafi í því að plana allt,“ segir Árni. „Hún sagðist ætla að fara með gæsapartíið sitt á tónlistarhátíðina Isle of Wight og bað um að fá að koma með gæsirnar upp á svið á meðan við vorum að spila. Kate Moss og fimmtán eftirlíkingar upp á svið, við afþökkuðum.“

Leikstjóri myndbandsins gerðist svo kræfur að biðja Árna um að daðra við Kate Moss meðan á tökum stóð. Honum fannst hún vera feimin og vildi láta henni líða betur, en á augnabliki í myndbandinu sést að Árna tókst að kæta ofurfyrirsætuna. „Þetta var fyrsta og væntanlega eina skiptið sem ég fæ tækifæri til að daðra við Kate Moss,“ segir Árni í léttum dúr. „Gamall draumur allra karlmanna á mínum aldri, ekki satt?“

- afb




**Í MYNDBANDI MEÐ MOSS** Árni Hjörvar (sá síðhærði) og félagar í bresku hljómsveitinni The Vaccines koma fram í kynningarmyndbandi snyrtivöruframleiðandans Rimmel ásamt ofurfyrirsætunni Kate Moss.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kvikmyndaleikstjórinn **Rúnar Rúnarsson** verður á faraldsfæti á næstunni en kvikmynd hans, Eldfjall, verður sýnd á Toronto-kvikmyndahátíðinni um helgina. Rúnar fer sjálfur til Kanada á föstudaginn og verður viðstaddur sérstaka fjölmiðlasýningu en í gær var jafnframt greint frá því að myndin hefði verið valin á kvikmyndahátíðirnar í London og Aþenu. London-hátíðin hefur verið að stækka jafnt og þétt með hverju árinu og er nú á góðri leið með að verða ein af þeim stærstu í Evrópu. Eldfjallið verður frumsýnt á RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, sem hefst 22. september.



Miðar á tónleikar Jóns Ólafssonar og **Páls Óskars Hjálmtýssonar** í Salnum í Kópavogi seldust upp á aðeins þremur dögum. Sala á aukatónleika er hafin og greinilegt að Íslendingar fá ekki nóg af Páli Óskari því stutt er síðan hann hélt vel heppnaða og uppselda tónleikaröð í Hörpunni með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig hafa miðar rokið út á tónleika hans í Grasagarðinum í Laugardal með hörpuleikaranum Moniku. Tónleikarnir í Salnum eru hluti af tónleikaröðinni Af fingrum fram, sem nú er orðin áskriftarröð. Þar situr Jón við píanóið og rabbar við gest kvöldins um feril hans. Í ár verða gestir Jóns Ólafssonar ekki af lakara taginu. Auk Palla fær hann í heimsókn Björgvin Halldórsson, Stefán Hilmarsson, Eivöru Pálsdóttur, Ellen Kristjánsdóttur, Magnús Kjartansson og þá Magnús og Jóhann.

- fgg, fb



**TILFINNINGALEGT TJÓN** Vigdís Hrefna Pálsdóttir varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að brotist var inn í skúr í garðinum hjá henni og öllu stolið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VIGDÍS HREFNA: EINS OG MAÐUR HAFI VERIÐ KÝLDUR Í MAGANN

# Óbætanlegum munum stolið úr skúr í miðbænum

„Þetta er mikið áfall fyrir okkur og vindurinn fer svolítið úr manni,“ segir Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikkona en brotist var inn til hennar fyrr í vikunni.

Þjófarnir brutust inn í skúr í garðinum við hús Vigdísar aðfaranótt þriðjudags og létu greipar sópa. Nýbúið var að klæða skúrinn og færa öll verkfærin þangað yfir. Tapið hljóðar upp á mörg hundruð þúsund krónur en meðal þess sem tekið var eru verkfæri sem hafa tilfinningalegt gildi fyrir fjölskylduna.

„Til dæmis var þarna naglbítur sem langafi minn átti og önnur verkfæri sem hafa gengið kynslóðanna á milli í okkar fjölskyldum. Einnig áttum við stórt safn af gömlum hurðarhúnum sem við höfum sankað að okkur í langan tíma en þeir voru allir teknir,“ segir Vigdís og bætir við að þessir hlutir séu óbætanlegir fyrir þau.

„Við erum að gera lista yfir það sem var tekið og það er rosalega mikið. Við erum búin að kæra þjófnaðinn til lögreglu,“ segir Vigdís, sem festi kaup á húsinu á Bergstaðastræti fyrr á þessu ári.

Húsið var í niðurníðslu þegar Vigdís og maður hennar, Örn Úlfar Höskuldsson, keyptu það og hafa þau unnið hörðum höndum að því að gera húsið upp og íbúðarhæft á skömmum tíma. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hlutir hafa verið teknir ófrjálsri hendi í kringum húsið. Gamlar hurðir sem þau fengu gefins og ætluðu að nota voru teknar og hjóli dóttur þeirra var stolið fyrir utan húsið fyrr í sumar.

„Við erum búin að gera húsið upp að mestu leyti sjálf og okkur líður mjög vel í þessu húsi. Þess vegna finnst manni þetta kannski ennþá meiri innrás og tilfinningin er eins og maður hafi verið kýldur í magann,“ segir Vigdís og biðlar til fólks að hafa augu og eyru opin fyrir notuðum verkfærum, hurðarhúnum, gömlum ljósarofum með áföstum tréplatta og skærgulri Dewalt veltisög á næstu dögum.

alfrun@frettabladid.is

# Semur tónlistina við Hróa hött

„Þetta verður mjög spennandi. Þetta er eitthvað sem ég hef ekki gert áður, ekki á erlendri grundu alla vega,“ segir tónlistarmaðurinn Högni Egilsson.

Hann hefur verið fenginn til að semja tónlistina við verkið Hrói höttur sem leikhópurinn Vesturport frumsýnir í Konunglega Shakespeare-leikhúsinu í Stratford-upon-Avon hinn 1. desember. Hann hefur áður samið tónlist við Shakespeare-verkið Ofviðrið sem var sýnt í Borgarleikhúsinu en núna er hann á leiðinni í sjálft Shakespeare-leikhúsið.

Högni er með mörg verkefni í gangi um þessar mundir. Hann er nýkominn heim frá Mílanó þar sem hann söng með Gus Gus og er á leiðinni í tónleikaferð með sveitinni í október. Einnig er hann á fullu með hljómsveitinni Hjaltalín og er að vinna sína fyrstu sólóplötu sem hann gerir í kjölfar sólótónleika sinna á Listahátíð í Reykjavík fyrr á árinu. „Ég þurfti að finna út úr því hvort þetta myndi ganga tímalega því haustið er svolítið bókað,“ segir Högni, sem fékk símtal frá Gísla Erni Garðarssyni, leikstjóra Hróa hattar, um að taka að sér að semja tónlistina.

Högni verður búsettur í London í nóvember og desember vegna leiksýningarinnar. Aðspurður hvort hann hafi horft á margar Hróa hattar-kvikmyndir til að koma sér í réttu stemninguna segist hann bara vera búinn að lesa handrit leikritsins. „Reyndar hefur Robin Hood: Men In Tights alltaf verið í uppáhaldi hjá mér, þannig að þetta passar ágætlega við mig.“

- fb



**SEMUR FYRIR VESTURPORT** Högni Egilsson semur tónlistina við leikritið Hróa hött sem verður frumsýnt í Royal Shakespeare Theatre 1. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# Alltaf góð verð í GULA HÚSINU



Glans kjóll með keðjukögri
Verð nú:6.293
**Verð áður: 8.990**
Leggings 999



Stuttur samfestingur, nokkrir litir.
Stærðir: One size
**Verð nú: 4.193**
Verð áður: 5.990
**Leggings 999**



Stuttbuxur, margir litir
Stærðir: Small/medium/large
**Verð nú: 6.590**
Golla 2.790 og leggings 999



Ermalaus kjóll með blúndu-baki.
Stærðir: Samll/medium/large
**Verð nú: 4.194**
Verð áður: 6.990
**Leggings 999**



„SAIKO" harembuxur
Stærðir: XS/S (stór númer)
**Verð nú: 2.999**
Golla 2.790



„Graffic" bolur, rauður/svartur
Stærðir: SM/ML
**Verð nú: 7.990**
Leggings 999 og Klútur 1.999



VIKING ullarnærföt (merino-ull)
fyrir börnin, ótrúlegt verð!
Stærðir: 90-160
**Bolur: 2.990**
**Buxur: 2.990**
Fást í svörtu og bleiku



Töff ökklastígvél
Stærðir
**Verð nú: 5.990**



Flottir herraskór
Stærðir: 40-44
**Verð nú: 7.990**



Gossip" hælaskór.
Stærðir: 36-41
**Verð nú: 3.999**
Verð áður: 6.990



„Classic" herraskór
Stærðir: 40-44
**Verð nú: 5.990**



Ballerínuskór
Stærðir: 36-40
**Verð nú: 2.999**
Verð áður: 3.999



Flottir strigaskór á góðu verði.
Stærðir: 26-34
**Verð nú: 2.999**
Verð áður: 3.290




**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

**ÓDÝRT & GOTT**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Loksins sigurgleði

Íslenska landsliðið í knattspyrnu gat loksins leyft sér að fagna sigri á þriðjudagskvöldið eftir leikinn gegn Kýpur á Laugardalsvelli. Knattspyrnumennirnir knáu fjölmenntu á KEX hostel eftir leikinn með fyrirliðann og einn af eigendum staðarins, **Eið Smára Guðjohnsen,** í fararbroddi. Við stórt langborð sátu meðal annars söngkonan Ragnhildur Gísladóttir og Birkir Kristinsson ásamt unglömbunum Jóhanni Berg Guðmundssyni og Alfreð Finnbogasyni. Markvörður KR, Hannes Þór Halldórsson, brosti út að eyrum enda hélt hann hreinu í sínum fyrsta landsleik. Einnig mátti sjá þau Hjört Hjartarson og Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur, starfsmenn RÚV, skrafa saman við barinn. - áp



### Aðalnúmer hjá Liberty

Tískuviðburðurinn Fashion´s night out er haldinn víða í stórborgum í dag. Atburðurinn er orðinn mjög stór og taka stærstu tískuhús og tískuhönnuðir virkan þátt í honum. Meðal aðalnúmera hjá breska tískuhúsið Liberty í kvöld verður íslenska hönnunarmerkið KALDA, og annar hönnuðanna **Katrín Alda Rafnsdóttir.** Auglýst er sérstaklega að hægt verði að hitta Katrínu í tískuhúsinu og að hún muni veita tískuráð. KALDA gengur greinilega vel því að auki eru systurnar Katrín og **Rebekka** svo á leið á tískuvikur í New York og París á næstunni.

- áp, þeb



## Mest lesið vísir

1. Áfallahjálp í Office 1 vegna verslunarstjóra
2. Nýjar myndir af tunglinu sýna glöggt mannaferðir fyrri ára
3. Læknir á bráðamóttöku: Það sem aldrei venst eru ...
4. Með fimm vélum til Heidelberg
5. Gæti hafa verið blekktur með staðdeyfilyfi


Fólkið í landinu les Fréttablaðið




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, apr.-jún 2011

Ótrúlegt verð

# Nature's heilsurúmin
## styðja við bakið á þér !



Góðar kantstyrkingar
Aldrei að snúa
Svæðaskipt pokagormakerfi
Gegnheilar viðarlappir
100% bómullaráklæði
Sterkur botn

## Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 39.000,- | 65.900,- |
| 100x200 | 42.000,- | 69.900,- |
| 120x200 | 48.000,- | 75.900,- |
| 140x200 | 53.000,- | 79.900,- |
| 160x200 | 67.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 73.900,- | 109.900,- |

zzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzz

Steyptar kantstyrkingar
Aldrei að snúa
Svæðaskipt pokagormakerfi

## Nature's Comfort Pillowtop

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 100x200 | 59.900,- | 85.900,- |
| 120x200 | 69.900,- | 95.900,- |
| 140x200 | 79.900,- | 105.900,- |
| 160x200 | 89.900,- | 119.900,- |
| 180x200 | 99.900,- | 135.900,- |



Gegnheilar viðarlappir
100% bómullaráklæði
Sterkur botn

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17

DORMA
– býður góða nótt

Dúnsængur og koddar

